


**birta**
Katri Raakel:
*Flotta finnska stelpan*
• hönnun í miðju blaðsins
Fylgir Fréttablaðinu í dag



**allt**
Bergþór Pálsson:
*Veislur og borðsiðir í uppáhaldi*
• matur • tilboð
Í miðju blaðsins



Fermingar:
*Fötin, veislan og veitingar*
Fylgir Fréttablaðinu í dag



Einar Bárðarson:
*Gestadómari í Idol-Stjörnuleit*
• gerir kröfur til þeirra sem eftir eru
SÍÐA 38


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. febrúar 2005 – 54. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FÖSTUDAGUR**



**ALVARLEG UNDIRBOÐ Á VINNUMARKAÐI** Alvarleg undirboð eru stunduð á íslenskum vinnumarkaði í skjóli þjónustusamninga og erlendra starfsmannaleigna. Af 750 erlendum iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu er aðeins tíundi hluti á launaskrá íslenskra fyrirtækja. **Sjá síðu 2**

**ÞJÓÐIR BREGÐIST VIÐ HÆTTUNNI** Þróun fuglaflensunnar, sem herjað hefur á Asíulönd, er óbreytt, að sögn formanns framkvæmdastjórnar WHO. Hann segir að þjóðir heims þurfi að gera þær ráðstafanir sem hægt sé. Mesta hætta á heimsfaraldri frá 1968. **Sjá síðu 4**

**ÖRYRKJAR HEYRI UNDIR FÉLAGSMÁL** Verið er að kanna hvort flytja skuli lífeyristryggingar og örorkutryggingar frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytis. Félagsmálaráðherra segir að allar félagslegar bætur væru þá á einum stað. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM HÆGVIÐRI** Skýjað með köflum víða um land. Minniháttar úrkoma norðan til og við suðurströndina. Frostlaust syðra, annars vægt frost. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**DJAZZAÐ FRAM Á NÓTT** Franska danshljómsveitin NoJazz heldur tónleika á Nasa klukkan 23 í kvöld. Hin alíslenska Jagúar spilar einnig.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 32 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |



Leiðrétting
Opnum á SUNNUDAG
27. febrúar
Í auglýsingu okkar í BIRTU sem fylgir blaðinu í dag eru rangar upplýsingar um opnunardag verslunarinnar
marimekko®
IÐA lækjargötu


# Útilokar ekki formannskjör

**Flokksþing framsóknarmanna hefst í dag. Ekki er útilokað að Kristinn H. Gunnarsson bjóði sig fram á móti sitjandi formanni eða varaformanni. Búist er við átökum á þinginu, þar á meðal um stefnuna í Evrópumálum.**

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson útilokar ekki að hann bjóði sig fram til eins af forystuembættum Framsóknarflokksins á flokksþingi sem hefst í dag. „Ég útiloka ekkert í þeim efnum og ligg ekkert á þeim áformum mínum að vinna að auknum áhrifum mínum innan flokksins,“ sagði Kristinn.

Búist er við átökum um nokkur stór málefni á þinginu, þar á meðal Evrópumál, og hafa drög að ályktunum flokksþingsins þegar valdið titringi innan flokksins. Í þeim kom fram að stefna ætti að því að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á kjörtímabilinu.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sögðu í samtali við Fréttablaðið í gær að þetta atriði hefði komið þeim á óvart. „Við teljum að áfram eigi að byggja á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ég tel ekki tímabært að stíga nein þau skref sem þarna er lýst, enda er það ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar,“ sagði Árni.

„Þetta hefur vissulega valdið titringi. Verði þetta samþykkt á þinginu yrði það breyting á stefnu flokksins,“ sagði Guðni.

Auk Evrópumálanna er búist við að tekist verði á um ýmis önnur mál, svo sem hvort selja eigi grunnnetið með Símanum, hugsanlega einkavæðingu Landsvirkjunar og þær hækkanir sem orðið hafa á orkuverði.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra vildi ekki tjá sig um málefni flokksþingsins í gær. **- sda**



**BEÐIÐ FYRIR PÁFA**
Kaþólikkar víða um heim báðu fyrir páfa.

Jóhannes Páll II páfi:
## Gekkst undir skurðaðgerð

**VATÍKANIÐ, AP** Læknar skáru gat á barka Jóhannesar Páls II páfa í gærkvöldi og komu fyrir pípu til að auðvelda honum að anda. Aðgerðin tók hálftíma og heppnaðist vel að sögn talsmanna Vatíkansins.

Páfi var fluttur á sjúkrahús í annað sinn á innan við mánuði vegna öndunarerfiðleika. Það varð til þess að vangaveltur um getu páfa til að gegna embætti sínu mögnuðust á nýjan leik. Sjálfur hefur hann þó ætíð sagst myndu gegna embætti sínu þar til drottinn kallar hann á brott af jörðu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Í ÞJÓÐMINJASAFNINU** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tók við Fjarskiptasafni Símans úr hendi Rannveigar Rist stjórnarformanns fyrirtækisins. Um leið afhenti Rannveig tvo muni úr safninu, eitt fyrsta borðsímtæki sem hingað kom og síma sem Ronald Reagan Bandaríkjaforseti notaði í Höfða árið 1986.

Fjarskiptasafn Símans:
## Afhenti síma Reagans

**SAFN** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tók í gær við Fjarskiptasafni Símans fyrir hönd Þjóðminjasafnsins. Stjórn Símans tók nýverið ákvörðun um að gefa Þjóðminjasafninu Fjarskiptasafn sitt, bæði húsið við Suðurgötu sem áður hýsti gömlu loftskeytastöðina og munina sem þar eru sýndir.

Rannveig Rist, stjórnarformaður Símans, afhenti Þorgerði Katrínu tvo muni úr safninu við það tækifæri, eitt fyrsta borðsímtæki sem hingað kom og símtækið sem Ronald Reagan Bandaríkjaforseti kom með til landsins og tengt var beint við Hvíta húsið meðan á leiðtogafundinum í Höfða stóð árið 1986. Leiða má líkum að því að í gegnum síma Reagans hafi verið teknar ákvarðanir sem mörkuðu upphafið að endalokum kalda stríðsins. **- óká**

Konungur fuglanna á sveimi í Húnaþingi vestra:
## Veiðir silung og kroppar í hræ

**DÝRALÍF** Haförn hefur gert sig heimakominn í Húnaþingi vestra, á slóðum þar sem þessi konungur fuglanna á Íslandi sést venjulega ekki. Íbúar á bænum Dæli í Víðidal segja að hann hafi fyrst sést í október og síðan hafi hann öðru hverju komið í heimsókn.

„Ég hef búið hérna síðan 1983 og hef aldrei séð haförn áður,“ segir Sigrún Valdimarsdóttir sem býr á Dæli. „Þetta er mjög tignarlegur fugl. Hann er alltaf einn og ég held að hann sé hér í leit að æti. Hann hefur sést mikið við Víðidalsá þar sem mér skilst að hann veiði sér silung.“



**HAFÖRN Á FLUGI**
Húsfreyjan á bænum Dæli hefur ekki séð Haförn á þeim slóðum í 22 ár.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segist hafa frétt af erninum í Víðidal en einnig hafi hann frétt af erni í Vatnsdal. Vel geti verið að um sama örn sé að ræða. Hann segir að stofninn, sem nú telji um 200 fugla, sé hægt og bítandi að jafna sig. Það sjáist best á því að ernir sjást víðar en bara við Faxaflóa, Breiðafjörð og á Vestfjörðum.

Kristinn Haukur segir að samkvæmt lýsingum sé örninn í Húnaþingi dökkur og því sé hann líklega ungur. Auk þess að hafa heyrt af honum veiðandi sér silung eða smálax hafi einnig frést að hann hafi kroppað í kindahræ. **- th**


uppgrip fyrir þig
Morgunmatur

Croissant & kaffi 249 kr.
olís



## SPURNING DAGSINS

*Snæbjörn, er Sjón meira en bara fyrir augað?*

**„Hann er líka fyrir munn og maga."**

Snæbjörn Arngrímsson er eigandi bókaforlagsins Bjarts sem gefur út bækur skáldsins Sjón sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrradag.

Fíkniefnalögreglan í Reykjavík:

# Mesta magn LSD sem fundist hefur

**LÖGREGLUMÁL** „Fjögur þúsund skammtar eru ákaflega mikið magn efna og gætu verið í sölu mánuðum saman ef því er að skipta," segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar hjá lögreglunni í Reykjavík. Við leit lögreglu í farangri Íslendings sem handtekinn var í Hollandi í haust fundust fjögur þúsund skammtar af fíkniefninu LSD en það er mesta magn sem hald hefur verið lagt á hérlendis.

Var farangur mannsins eftir hjá hollensku lögreglunni þegar hann var framseldur til Íslands eftir að hafa verið handtekinn með talsvert magn fíkniefna og ekki sendur til landsins fyrr en nýlega. Viðkomandi er einn fimm sakborninga sem til rannsóknar eru vegna smygls á amfetamíni, kókaíni og LSD-skömmtum með flutningaskipinu Dettifossi en rannsókn þess máls er á lokastigi.

Við skoðun lögregluyfirvalda hérlendis á farangri mannsins fundust LSD-skammtarnir fjögur þúsund en sakborningurinn hefur ekki viðurkennt að hafa ætlað að smygla þeim hingað til lands og er málið áfram í rannsókn.

Spurður um hvort hollenska lögreglan sé ekki starfi sínu vaxin að hafa ekki fundið efnin í tösku mannsins segir Ásgeir að líklegra sé að hún hafi ekki verið skoðuð. „Efnin voru ekki einu sinni falin í töskunni og því þykir mér líklegt að þeir hafi sent hana hingað til lands án rannsóknar." - aöe



**LSD PAPPÍR**
Fjögur þúsund skammtar af efninu fundust við leit fíkniefnalögreglu en ekki telst sannað hvort sakborningurinn ætlaði sér að selja efnin hér á landi.

Bush og Pútín:

## Ólík sýn á lýðræðið

**SLÓVAKÍA, AP** Forsetar Rússlands og Bandaríkjanna voru sammála um að koma yrði í veg fyrir að Íran og Norður-Kórea réðu yfir kjarnorkuvopnum en greindi á um lýðræðið í Rússlandi.



**FORSETARNIR**
Bush og Pútín mættust á fundi í Slóvakíu.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, og Vladimír Pútín Rússlandsforseti ræddu ýmis málefni á fundi í Slóvakíu. Bush gagnrýndi Pútín fyrir að auka á miðstýringu og draga til sín völd. Pútín svaraði því til að Rússar hefðu valið lýðræði og einræði myndi aldrei aftur þrífast þar. Lýðræðið yrði þó að þróast í takt við sögu og arfleifð Rússlands. ■

### GJALDÞROT

**MÁLI VÉLA OG ÞJÓNUSTU HF. EKKI LOKIÐ** Skiptastjóri þrotabús Véla og þjónustu hf. hefur það til skoðunar hvort fyrrum eigendur hafi vanmetið verðmæti eigna sem þeir keyptu úr fyrirtækinu fyrir gjaldþrot fyrirtækisins í september. Viðar Lúðvíksson skiptastjóri segir viðskiptum þegar hafa verið rift þar sem eignir hafi verið seldar úr búinu til annarra fyrirtækja forsvarsmanna undir raunverði. Annar skiptafundur verði haldinn fljótlega.

### EVRÓPA

**FÆRRI BANASLYS** Færri Þjóðverjar létust í umferðarslysum í fyrra en nokkurn tíma áður síðustu hálfu öldina. Ástæðan er að sögn yfirvalda betri umferðarstjórn og áhersla á öryggi við framleiðslu bíla. 5.844 létust í bílslysum í fyrra, tólf prósentum færri en árið áður.

**ÚTLENDINGAR Á VINNUMARKAÐI**
Talið er að minnst 750 erlendir iðnaðarmenn starfi á höfuðborgarsvæðinu en aðeins tíundi hluti þeirra sé á launaskrá. Maðurinn á myndinni tengist fréttinni ekki.



FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT

# Alvarleg undirboð á vinnumarkaði

**Alvarleg undirboð eru stunduð á íslenskum vinnumarkaði í skjóli þjónustusamninga og erlendra starfsmannaleigna. Af 750 erlendum iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu er aðeins tíundi hluti á launaskrá íslenskra fyrirtækja.**

**VINNUMARKAÐURINN** Útlendingum hefur fjölgað mikið á vinnumarkaði á skömmum tíma og í fjölmörgum tilfellum eru þeir notaðir til undirboða, annaðhvort opinberlega eða í gegnum svarta atvinnustarfsemi.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að varlega áætlað séu 750 erlendir starfsmenn í iðnaðarmannastörfum á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins um tíu prósent þeirra séu á launaskrá íslenskra fyrirtækja. Hinir séu í ráðningarsambandi við starfsmannaleigur eða starfa svart.

Talið er að 250 til 300 starfsmenn séu á svörtum markaði í byggingariðnaði.

Ekki eru til neinar fullnægjandi skrár eða heildarupplýsingar um fjölda útlendinga, hvaðan þeir koma, við hvað þeir starfa eða hversu lengi þeir dveljast hér. Ekki er heldur til neitt yfirlit um laun þeirra, réttindi eða aðbúnað.

Gögn sýna þó að hluti útlendinganna nýtur ekki launakjara og réttinda í samræmi við lög og kjarasamninga á vinnumarkaði. Einkum eru það starfsmenn sem koma hingað á grundvelli þjónustuviðskipta og í gegnum starfsmannaleigur til lengri eða skemmri tíma, sérstaklega frá Eystrasaltsríkjunum. Talið er að nokkur hundruð starfsmanna tilheyri þessum hópi.

Tvíbent er hvort þjónustusamningarnir eru í samræmi við lög og reglur. Oftar en ekki er talið að um skúffufyrirtæki sé að ræða eða fyrirtæki sem eru óskráð í heimalandinu. Grunur leikur á að gjarnan sé um málamyndagerning að ræða af hálfu notkunarfyrirtækjanna og gerður til þess að komast hjá því að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi og skrá starfsmennina með eðlilegum hætti. Talið er að þessir starfsmenn skipti hundruðum og starfi oft á svörtum markaði.

Þá leikur grunur á að fjölmargir útlendingar komi til landsins sem ferðamenn og starfi síðan á svörtum markaði. ghs@frettabladid.is

Heilbrigðisráðuneytið:

## Munnheilsa rannsökuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Nú stendur yfir könnun á munnheilsu sex, tólf og fimmtán ára barna í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni. Í vor verða svo börn á landsbyggðinni skoðuð.

Þetta er fyrst áfangi umfangsmikillar rannsóknar á tannheilsu Íslendinga. Markmið hennar er að fá upplýsingar um munnheilsu Íslendinga og hvaða áhættuþættir það eru sem tengjast slæmri munnheilsu. Gert er ráð fyrir að ljúka rannsókninni í grunnskólunum á yfirstandandi skólaári. - jss



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON**

Forstjóri Brims:

## Tvisvar unnið

**FÉLAGSDÓMUR** Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, fagnar niðurstöðu félagsdóms í Sólbaksmálinu, þar sem Brim var sýknað af kröfum Vélstjórafélagsins. Vélstjórafélagið íhugar enn frekari málaferli. Hann undrast ef dómurinn hafi einhverja eftirmála.

„Í haust vann útgerðin Sólbakur málið fyrir félagsdómi. Sjómannasambandið dró mál sitt til baka því félagsdómur sagði að ráðningasamningurinn væri löglegur. Nú er Félagsdómur búinn að sýkna Brim líka. Það er ótrúlegt að verkalýðshreyfingin á Íslandi haldi að hún komist upp með bull og vitleysu endalaust. Ráðningarsamningurinn er hundrað prósent löglegur," sagði Guðmundur seint í gærkvöld. - ss






Framkvæmdastjóri ASÍ um þróunina á vinnumarkaði:

# Köllum eftir markvissum viðbrögðum stjórnmálamanna

**VINNUMARKAÐURINN** Verkalýðshreyfingin hefur áhyggjur af því hvaða áhrif innflutningur á ólöglegum og óskráðum leigustarfsmönnum hafi á vinnumarkaðinn. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að brotalöm sé á því hvernig kjörum og aðstæðum þessara starfsmanna sé háttað.

„Þessi hópur er að vaxa mjög hratt og það hefur mikil áhrif á kjör og aðbúnað í byggingariðnaði," segir Gylfi og telur það grafa undan leikreglunum þegar kjör þessa fólks eru undir lágmarkskjörum. Hann bendir á að hefð sé fyrir því að útlendingar komi hingað í fiskvinnu. Þeir komi með löglegum hætti og hafi engin sérstök áhrif á þróun vinnumarkaðarins.

Gylfi lýsir eftir viðbrögðum stjórnmálamanna í landinu, ekki síst við því að erlendum ríkisborgurum séu greidd laun undir taxta, til dæmis á vegum starfsmannaleigna, og aðbúnaður þeirra sé ekki boðlegur á íslenskan mælikvarða. Þetta telur hann að framkalli óásættanlegar breytingar á vinnumarkaði.

„Við köllum eftir markvissari viðbrögðum stjórnmálamanna," segir hann. - ghs



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**
Framkvæmdastjóri ASÍ segir það hafa áhrif á kjör almennt á markaðnum ef erlendum starfsmönnum eru boðin kjör undir töxtum.

## TAKTU STEFNUNA Á

# HÁSKÓLA ÍSLANDS




# NÁMSKYNNING

# 27. febrúar kl. 11-16

## KYNNING Á GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI

## www.hi.is

ENNEMM / SÍA / NM14876

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,7 | 60,98 |
| Sterlingspund | GBP | 115,72 | 116,28 |
| Evra | EUR | 80,39 | 80,83 |
| Dönsk króna | DKK | 10,80 | 10,86 |
| Norsk króna | NOK | 9,75 | 9,81 |
| Sænsk króna | SEK | 8,86 | 8,91 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,75 | 93,31 |

*Gengisvísitala krónunnar*

109,8 -0,29%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Dómur hæstaréttar í máli Blaðamannafélagsins gegn Frétt ehf:

# Ber að virða ráðningarsamning en ekki að greiða vangoldin laun

**DÓMSMÁL** Frétt ehf ber ekki að greiða laun sem Fréttablaðið ehf skuldaði blaðamanni þegar félagið keypti rekstur Fréttablaðsins af Fréttablaðinu ehf sem komið var í þrot. Hins vegar ber Frétt ehf að virða ráðningarsamning blaðamannsins við fyrri útgefanda og greiða blaðamanninum laun frá þeim tíma sem Fréttablaðið var keypt þar til nýr samningur var gerður. Einnig ber Frétt ehf að greiða júlí- og desemberuppbót.

Með dómnum er viðurkennt að aðilaskipti urðu þegar Frétt ehf yfirtók rekstur Fréttablaðsins ehf. Frétt ehf var því bundið af ráðningarsamningum en ekki af launaskuldum samkvæmt dómi hæstaréttar. Kröfum um vangoldin laun á að beina að Ábyrgðarsjóði launa sem hafnaði greiðslu þeirra sumarið 2003.

Atli Gíslason, lögmaður Blaðamannafélagsins sem sótti málið, er mjög ósáttur við niðurstöðuna sem hann segir þrengja mjög gildissvið laga um starfskjör við aðilaskipti á fyrirtækjum. „Ég tel að þessi dómur sé ekki í samræmi við tilskipanir ESB, sem dómurinn byggir á. Það var okkar skoðun að launaskuldirnar falli á Frétt ehf en ekki Ábyrgðarsjóð launa. Við erum að íhuga að fá því svarað hjá EFTA-dómstólnum, hvort þessi niðurstaða standist.“

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Fréttar ehf, segist mjög sáttur við þessa niðurstöðu hæstaréttar að yfirtöku á rekstri fyrirtækis fylgi ekki krafa um að greiða launaskuldir gamla fyrirtækisins. - ss




**FYRSTA HÚSNÆÐI FRÉTTABLAÐSINS** Frétt ehf ber ekki að greiða vangoldin laun Fréttablaðsins ehf við blaðamenn. Hins vegar ber nýju félagi að virða ráðningarsamning við fyrri útgefanda og greiða júlí- og desemberuppbót.

Félagsmálaráðherra:

## Íhugar lög um lóðaverð

**LÓÐAVERÐ** Árni Magnússon félagsmálaráðherra telur koma til greina að setja lög um grunnlóðaverð til að gera verðmyndun lóða gagnsæja.



**ÁRNI MAGNÚSSON** Félagsmálaráðherra vill setja lög um grunngildi sem eiga að mynda verðlagningu lóða.

„Ég vil skoða það með sveitarfélögunum hvort ástæða sé til að setja í lög hvaða grunngildi það eru sem eiga að mynda verðlagningu lóða. Ég er ekki að tala um ríkisverðmiða,“ segir hann.

„Þetta grunngildi liggur þá lóðaverðinu til grundvallar. Verðmyndun lóða er þá gagnsæ. Þetta er þjónusta sem sveitarfélagið á að veita en á ekki að vera því til tekjuöflunar.“ - ghs

Brotthvarf frá Gaza:

## Ekki rífa fyrirtækin

**ÍSRAEL, AP** Shimon Peres, varaforsætisráðherra Ísraels, hvatti til þess á fundi með fjármálanefnd ísraelska þingsins að eignir ísraelskra landnema yrðu ekki eyðilagðar eftir brotthvarfið frá Gaza heldur seldar Palestínumönnum.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað verði um heimili og fyrirtæki á landnemabyggðum en sumir hafa sagt að réttast sé að eyðileggja byggingarnar. Þessu andmælti Peres og sagði eyðileggingu án þess að nokkuð gott hefðist af henni. „Ef hungur og fátækt aukast daginn eftir brotthvarfið frá Gaza eykst óánægjan og gremjan undan líkunum á friði.“ ■

# Þjóðir bregðist við hættunni

**Þróun fuglaflensunnar, sem herjað hefur á Asíulönd, er óbreytt, að sögn formanns framkvæmdastjórnar WHO. Hann segir að þjóðir heims þurfi að gera þær ráðstafanir sem hægt sé. Mesta hætta á heimsfaraldri frá árinu 1968.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur ekki hafa verið meiri hættu á heimsfaraldri síðan á árinu 1968 vegna fuglaflensunnar. Þetta staðfestir Davíð Á. Gunnarsson formaður framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO.

Davíð var síðast í sambandi við stofnunina í Genf í gær. Hann sagði að samkvæmt upplýsingum þaðan væri ástandið óbreytt frá síðasta fundi stjórnarinnar 20. janúar 2005.

Davíð kvaðst telja að nýleg orð dr. Shigeru Omi, fulltrúa stofnunarinnar, um vaxandi hættu væru einungis sögð í framhaldi af því sem rætt hefði verið á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar. Þar væru ekki á ferðinni ný tíðindi. Hitt beri að hafa í huga að þörf er á að vera á varðbergi vegna yfirvofandi faraldurs. „Nauðsynlegt er að þjóðir heimsins fari yfir viðbúnaðaráætlanir og geri þær ráðstafanir sem hægt er,“ sagði Davíð.

Hann sagði enn fremur að á fundinum hefðu orðið umræður um hvernig ætti að fjármagna lyf og bóluefni ef fuglaflensa smitaðist milli manna. Rauði þráðurinn í þeim umræðum hefði verið sá að þjóðir heims ættu að eiga aðgang að ódýrum lyfjum og bóluefni, jafnt fátækari löndin sem hin efnaðri.

Á fundinum var lögð fram skýrsla um stöðu mála, að sögn Davíðs. Hann sagði að niðurstaða umræðna um hana hefði leitt til samþykktar tillögu þess efnis að öll aðildarríkin væru hvött til að koma á viðbúnaði vegna heimsfaraldurs á inflúensu. Hann skyldi miða að því að draga úr heilsutjóni, svo og efnahagslegum og félagslegum afleiðingum slíks faraldurs. Stjórnin hefði lýst á þessum fundi áhyggjum af almennum ónógum viðbúnaði vegna inflúensufaraldurs. Herða þyrfti alþjóðlegt eftirlit í því tilliti.

„Þetta samþykkti stjórnin sem tillögu til 58. þings Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem haldið verður í maí næstkomandi,“ sagði Davíð. „Tillagan verður áreiðanlega samþykkt á því þingi.“

jss@frettabladid.is



**DAVÍÐ Á. GUNNARSSON** „Nauðsynlegt er að þjóðir heimsins fari yfir viðbúnaðaráætlanir og geri þær ráðstafanir sem hægt er.“



**ÓGNVALDURINN MIKLI** Fuglaflensan hefur dregið tugi manna til dauða í Víetnam og Taílandi, þar sem myndin er tekin.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FAGNA NÝJU NAFNI** Jón B. Stefánsson skólameistari og Þorgerður Katrín fengu sér kaffi og köku ásamt nemendum Fjöltækniskólans.

Nýtt skólanafn:

## Fjöltækniskóli Íslands

**MENNTAMÁL** Fjöltækniskóli Íslands er nýtt nafn sameinaðs Stýrimannaskóla og Vélskóla Íslands. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðhera svipti hulunni af nýja nafninu í gærmorgun.

Skólarnir hafa verið reknir sem ein heild síðan 2003 en haldið nöfnum sínum þar til nú. Nýja nafnið er liður í því að skapa skólanum nýja ímynd. Auk þess hefur tveimur námsbrautum verið bætt við, sjávarútvegssvið og tæknisvið. Fyrir voru skipstjórnarsvið, tæknisvið og endurmenntunarsvið. - bs

Friðarverðlaun Nóbels:

## Aldrei fleiri tilnefningar

**NOREGUR, AP** 199 einstaklingar og félagasamtök voru tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels þetta árið og hefur fjöldi tilnefninga aldrei verið meiri. Tilnefningarnar skiptust milli 163 einstaklinga og 36 samtaka.

„Fjölgunin sýnir að það er enn mikill áhugi fyrir verðlaununum,“ sagði Geir Lundestad, ritari nefndarinnar sem velur verðlaunahafann. Tilkynnt verður um hann í október.

Ekki er gefið upp hverjir eru tilnefndir en vitað er til þess að Colin Powell, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og írski söngvarinn Bono voru tilnefndir. ■




## Veðrið

**ENN BLÍÐSKAPARVEÐUR ÞÓ AÐ EITTHVAÐ KÓLNI**

Hægviðri er enn og aftur í kortunum. Ætla má að eitthvað rofi nú til suðvestanlands frá því sem verið hefur en heldur skýjaðra gæti orðið norðan til á landinu. Þá gætu stöku él fallið með norðurströndinni og þokusúld við suðurströndina. Hitinn verður yfir frostmarki syðra annars við frostmark. Helgin verður svo svipuð og veðrið síðustu daga nema kannski verða heldur meiri horfur á úrkomu á sunnudag en verið hefur.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Sunnudagur




Hæg norðvestlæg eða breytileg átt. Hætt við lítilsháttar úrkomu norðan og vestan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C alskýjað | París | 3°C léttskýjað | Torrevieja | 12°C skúrir |
| Osló | 1°C alskýjað | Prag | -4°C alskýjað | Róm | 13°C skýjað |
| Stokkhólmur | 1°C léttskýjað | Amsterdam | 2°C léttskýjað | New York | 0°C skýjað |
| London | 5°C léttskýjað | Varsjá | 1°C alskýjað | Miami | 27°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Ódýrt um helgina
Kjöt & fisktorgið
25% afsláttur við kassa
Nautalundir
TILBOÐ 2.984 kr/kg
Merkt verð 3.979,-
Nauta ribeye
TILBOÐ 2.137 kr/kg
Merkt verð 2.849,-
Svínalundir
TILBOÐ 1.756 kr/kg
Merkt verð 2.195,-
ÓÐALS
Ferskleiki í fyrirrúmi
Ungnautahakk
TILBOÐ 699 kr/kg
Verð áður 1.149,-
Holta-kjúklingur
30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
MERKT VERÐ
Ferskir kjúklingavængir 279 kr/kg 398 kr/kg
Ferskir kjúklingaleggir 349 kr/kg 498 kr/kg
Fersk kjúklingalæri 349 kr/kg 498 kr/kg
40% afsláttur við kassa
TILBOÐ 779 kr/kg
Merkt verð 1.298,-
Bayonne skinka
CHICAGO TOWN
FILLED PIZZA SLICES
TILBOÐ 299 kr/pk
Verð áður 399,-
Chicago Town pizzur, 3 tegundir
Fanta
Sprite zero
TILBOÐ 149 kr/stk
Verð áður 225,-
Fanta free 2 ltr. Sprite zero 2 ltr.
Gildir til 27. febrúar eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Á að einkavæða Landsvirkjun?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 8% |
| Nei | 92% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Rannsókn á orsökum bruna sem varð ungum manni að bana er lokið:

# Ríkissaksóknari er kominn með málið

**BRUNI** Lögreglan hefur lokið rannsókn sinni á orsökum brunans sem varð í einbýlishúsi á Sauðárkróki í byrjun desember. Maður um tvítugt lést í brunanum.

Björn Mikaelsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir að málsgögn hafi verið send ríkissaksóknara. Það ætti að verða ljóst eftir fáeinar vikur hvort ákært verður í málinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vitað að eldurinn kviknaði af mannavöldum en hins vegar eru engin sönnunargögn í málinu sem benda til þess að um íkveikju hafi verið að ræða. Tæknideild lögreglunnar í Reykjavík tók sýni á vettvangi. Niðurstöður úr sýnatökunni benda ekki til þess að eldhvetjandi efni hafi verið í stofunni þar sem eldsupptök voru. Nokkur ungmenni voru í húsinu nóttina og morguninn sem bruninn varð. Vitað er að töluvert var reykt í húsinu um morguninn og eru líkur á því að eldurinn hafi kviknað út frá sígarettuglóð.



**ELDSVOÐINN Á SAUÐÁRKRÓKI**
Ungur maður lést þegar eldur kom upp í einbýlishúsi við Bárustíg á Sauðárkróki sunnudagsmorguninn 5. desember.

Ungur maður, sem slapp ómeiddur úr brunanum, fékk réttarstöðu grunaðs manns skömmu eftir að bruninn varð. Björn segir að staða hans sé óbreytt og breytist ekki fyrr en eftir að ríkissaksóknari hafi lokið sinni vinnu. **- th**

Lögreglan í Hafnarfirði:

# Tveir teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á fertugsaldri voru handteknir með tvö grömm af amfetamíni og lítilræði af hassi í Hafnarfirði um tíuleytið í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði hafa báðir mennirnir komið við sögu lögreglunnar áður og þótti ástæða til afskipta þegar þeir sáust á gangi.

Mennirnir voru teknir til yfirheyrslu og kom í ljós að annar þeirra var eftirlýstur og átti að mæta í dómssal. Lögreglan keyrði honum á áfangastað en hinum var sleppt að lokinni skýrslutöku. **- bs**



**VOTMÚLI**
Lokið var við að rífa húsið í vikunni.

Bruninn á Blönduósi:

# Enginn grunaður

**BRUNI** Ekki er enn vitað hver kveikti í atvinnuhúsnæðinu Votmúla á Blönduósi að sögn Kristjáns Þorbjörnssonar, yfirlögregluþjóns á staðnum.

Stærsti hluti hússins brann til grunna en í þeim hluta var matvælaverksmiðja Vilkó, pakkhús Kaupfélagsins og Bílaþjónustan með starfsemi. Nú í vikunni var lokið við að rífa þann hluta hússins sem brann. Ekki liggur fyrir hvort húsið verður byggt að nýju.

Þótt enginn sé grunaður um íkveikjuna segist Kristján ekki vera búinn að gefa upp alla von. Dæmi séu um að mál leysist tveimur til þremur árum eftir að þau komi upp. **- th**

Herve Gaymard:

# Afsögn ekki á dagskrá

**FRAKKLAND, AP** Franski ráðherrann Herve Gaymard þvertekur fyrir að segja af sér í kjölfar uppljóstrana um að ríkissjóður hafi greitt leiguna fyrir lúxusíbúð sem hann býr í á sama tíma og hann leigði út sína eigin íbúð í nágrenninu.

Gaymard sagðist í viðtali ekkert hafa gert rangt og að mannorð sitt væri eins hreint og nýslegin mynt. Hann sagði einnig að hann nyti trausts forsetans og stuðnings forsætisráðherrans, því væri afsögn hans ekki á dagskrá. ■

# Öryrkjar heyri undir félagsmál

**Verið er að kanna hvort flytja skuli lífeyristryggingar og örorkutryggingar frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytis. Félagsmálaráðherra segir að allar félagslegar bætur væru þá á einum stað.**

**ALMANNATRYGGINGAR** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta kanna hvort ekki sé rétt að setja hluta af viðfangsefnum Tryggingastofnunar ríkisins undir félagsmálaráðuneytið. „Við erum að láta skoða hvort ekki sé heppilegt að flytja lífeyristryggingarnar og örorkutryggingarnar hingað yfir, en sjúkratryggingarnar heyrðu áfram undir heilbrigðisráðuneytið,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

„Þetta yrði meiriháttar breyting á verkaskiptingu þessara tveggja ráðuneyta og myndi stækka félagsmálaráðuneytið gríðarlega. Heilbrigðismálaráðneytið minnkaði að sama skapi, en færa má rök fyrir því að það sé nægjanlegt viðfangsefni eitt og sér að fást við heilbrigðismál,“ segir hann.

„Ekki er ólíklegt að málin þróuðust með þeim hætti að málefni aldraðra og öryrkja heyrðu undir félagsmálaráðuneytið enda er hvorugt fyrst og fremst heilbrigðismál, heldur miklu frekar félagsmál,“ segir Árni. Hann bendir á að málefni fatlaðra heyri nú þegar undir félagsmálaráðuneytið, sömuleiðis húsetumál og því sé skynsamlegt að hafa umsjóna allra félagslegra bóta á einum stað.

Árni segir að þessi áform tengist ekki fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að skoða til hlítar auknar greiðslur örorkubóta undanfarin ár. Verði niðurstaðan hins vegar sú að hluti viðfangsefna Tryggingastofnunar verði færð undir félagsmálaráðuneytið þá verði þau samræmd kerfi sem þegar er í vinnslu, og gengur meðal annars út á það að kanna hvort atvinnuleysisbótaþegar séu á réttum stað í kerfinu.



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**
„Þetta yrði meiriháttar breyting á verkaskiptingu þessara tveggja ráðuneyta og myndi stækka félagsmálaráðuneytið gríðarlega. Heilbrigðismálaráðuneytið minnkaði að sama skapi, en færa má rök fyrir því að það sé nægjanlegt viðfangsefni eitt og sér að fást við heilbrigðismál.“

Til marks um hve mikið félagsmálaráðuneytið muni stækka, verði tilfærslan að veruleika, nema lífeyristryggingar nú um 35 milljörðum á ári. Þær ná yfir aldraða, öryrkja og foreldra eða framfærendur með börn sem njóta félagslegrar aðstoðar. „Til að setja þetta í samhengi kostar fæðingarorlofið nú allt 6,5 milljarða og atvinnuleysisbætur um 4 milljarða. Þetta yrði því margföld aukning,“ segir Árni. Breytingarnar gætu orðið að veruleika í lok þessa árs eða byrjun þess næsta.

**sda@frettabladid.is**



**MORÐVETTVANGUR RANNSAKAÐUR**
Þingmenn ræða morðið á Rafik Hariri næsta mánudag og greiða þá atkvæði um framtíð stjórnarinnar.

Líbanska stjórnin:

# Möguleiki á afsögn

**LÍBANON, AP** Omar Karami, forsætisráðherra Líbanons, segist reiðubúinn að verða við kröfum stjórnarandstæðinga um að segja af sér, að því gefnu að þing landsins komist að samkomulagi um nýja stjórn. Fyrst ætlar hann þó að fara þess á leit við þingmenn að þeir greiði atkvæði um traust eða vantraust á stjórnina.

Stjórn Karami nýtur stuðnings meirihluta þingmanna en talið er að það kunni að breytast vegna morðsins á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra, sem stjórnarandstæðingar kenna sýrlenskum og líbönskum stjórnvöldum um. ■

## EVRÓPA

**AUKIÐ SAMSTARF VIÐ ÍSRAEL** Atlantshafsbandalagið vill auka samstarf sitt við Ísraela en á slíkt má þó ekki líta sem aðdraganda þess að Ísrael verði aðili að bandalaginu sagði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Natό. Hann sagði að til dæmis mætti auka samstarf í baráttu gegn útbreiðslu gjöreyðingarvopna.

**RÉTTAÐ YFIR TÁNINGI** Átján ára piltur mætti fyrir dómara ákærður um að skipuleggja hryðjuverkaárásir í Hollandi. Honum er gefið að sök að vera félagi í samtökum íslamskra hryðjuverkamanna sem myrtu kvikmyndagerðarmanninn Theo van Gogh í fyrra vegna umdeildrar heimildarmyndar hans.


STÓR HUMAR og risarækjur

Opið laugardag 10-14

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

- alltaf ódýrastir -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


Brim sýknað fyrir dómi og fær greiddan málskostnað:

# Vélstjórafélagið mun stefna Sólbaki

**SÓLBAKUR** Félagsdómur hefur sýknað Brim hf. af kröfum Vélstjórafélags Íslands í Sólbaksmálinu. Vélstjórafélaginu er gert að greiða Brimi 200 þúsund krónur í málskostnað.

Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, sagði dóminn vonbrigði, en við frekar skoðun megi túlka hann sem ákveðinn sigur. Í rökstuðningi dómsins er vísað til þess að forsvarsmenn Útgerðarfélagsins Sólbaks, sem er dótturfélag Brims, hafi brotið gegn lögum. Þeir hafi gert samninga undir lágmarkslaunum og ekki virt hafnarfrísákvæði sjómannanna í september.

Því muni Vélstjórafélagið höfða annað mál í Félagsdómi á hendur Útgerðarfélaginu Sólbaki.

Árni Bjarnason, formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins, sagði dóminn bjóða upp á enn meiri átök: „Ekki sést í ljósi þess að ég hef heyrt að gert sé upp við mennina á Sólbaki í blóra við gildandi kjarasamninga. Því hafi í engu verið breytt þrátt fyrir dóm sem krefjist þess.“

Ekki náðist í Guðmund Kristjánsson forstjóra Brims. **- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**VIÐ UPPKVAÐNINGU FÉLAGSDÓMS**
Félagsdóm tók einungis um þrjár mínútur til að kveða upp sýknudóm í máli Vélstjórafélags Íslands geng Brimi hf. Hér sitja Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, og Friðrik Á. Hermannsson, lögmaður félagsins.




**Sunna Sigurjónsdóttir** og fyrsti bíllinn sem hún eignaðist með kærastanum.

## Hjá TM er komið fram við mig eins og fullorðna manneskju – *einfalt!*

Það er tekið vel á móti ungum ökumönnum hjá TM. Ungt fólk getur skráð bílinn á sitt nafn og fær sömu góðu kjörin og allir aðrir. Hjá TM er ungu fólki treyst og það fær réttmætt tækifæri til að sanna sig sem ábyrgir ökumenn.

**Gerðu þér greiða – kynntu þér bílatryggingar TM.**

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** – ***þegar mest á reynir!*** · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is

TM

**BÍLAR**






Þingmenn harðorðir í garð Samtaka banka og sparisjóða:

# Vilja Íbúðalánasjóð út af markaði

**EFNAHAGSMÁL** „Frelsinu fylgir ábyrgð og bankarnir verða að axla þá ábyrgð gagnvart markaðnum til langtíma,“ segir Hjálmar Árnason, alþingismaður Framsóknarflokksins, en hann hefur ásamt Ögmundi Jónassyni, þingmanni Vinstri grænna, farið hvað hörðustu orðum um Samtök banka og sparisjóða og aðför þeirra að Íbúðalánasjóði.

Hjálmar nefnir ekki skýr dæmi en segir að innan bankanna verði menn að hugsa um fleira en að skapa eigendum sínum arð. „Íbúðalánasjóður hefur skýr markmið en honum eru settar ákveðnar takmarkanir sem tekur mið af meðalfjölskyldu í landinu meðan bankarnir hafa brugðist við frelsinu með því að dæla óheft út fjármagni vitandi að slíkt kann að hafa slæm áhrif á verðbólgu í landinu.“



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Þingmaðurinn segir samkrull banka og sparisjóða gegn Íbúðalánasjóði augljóst og varar við þeirri mynd sem birtist, hverfi Íbúðalánasjóður af vettvangi.

Ögmundur tekur dýpra í árinni og nefnir dæmi: „Fyrsta skref samtakanna var að kæra Íbúðalánasjóð til úrskurðarnefndar hins evrópska efnahagssvæðis. Ellefu dögum eftir að þeirri kæru var vísað frá lækkuðu bankarnir vexti sína til jafns við Íbúðalánasjóð. Það gerðu þeir ekki fyrr en kærunni var hafnað og allt tal um að þeir hafi riðið þar á vaðið er út í hött. Nú hafa bankarnir aftur lagt fram kæru, að þessu sinni til EFTA dómstólsins og úrskurðarins er nú beðið.“ - aöe




**LÓÐ BRIMBORGAR VIÐ DALVEG** Byggingar á svæðinu verða allar lægri en Gróðrarstöðin utan miðhluta hennar sem rís einum metra hærra. Báðum megin við verða sýningarsalir fáist skipulagi svæðisins breytt. Ystu hlutar hennar verða verkstæði og þar á milli sýningarsalir. Á enda lóðarinnar verða geymslur. Undir aðalhúsinu rúmast 200 bílar.

# Byggingum við Dalveg mótmælt

**Íbúar í Kópavogi óttast jákvæð viðbrögð skipulagsnefndar við fyrirhuguðum byggingum Brimborgar við Dalveg. Þeir segja það umhverfisslys rísi húsin. Brimborg segir húsin hönnuð til að auka veg hverfisins. Tré hylji þau að mestu.**

**ÍBÚABYGGÐ** Bílaumboðið Brimborg hefur keypt lóð Gróðrarstöðvarinnar í Kópavogi fyrir 165 milljónir króna. Reisa á þrjú hús, samtals tæplega níu þúsund fermetra á 18.618 fermetra lóðinni auk bílakjallara undir byggingunum þremur fáist skipulagi svæðisins breytt.

Hartnær níutíu íbúar Kópavogs mættu á fund á þriðjudagskvöld til að ræða mögulegar breytingar á skipulagi. Heiðar Þór Guðnason íbúi í Skógarhjalla og talsmaður þeirra segir að skrifað hafi verið undir áskorun til bæjaryfirvalda um að breyta ekki núgildandi skipulagi.

„Við höfum áhyggjur af jákvæðu hugarfari skipulagsnefndar bæjarins til framkvæmdanna og við höfum áhyggjur af því að búið sé að kaupa lóðina,“ segir Heiðar.

Í kaupsamningi Brimborgar stendur að kaupanda sé kunnugt um að lóðinni sé úthlutað undir garðyrkjustöð og að önnur starfsemi sé ekki heimiluð þar nema með samþykki skipulagsyfirvalda Kópavogsbæjar.

Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, segir bílaumboðið ekki hafa fengið vilyrði skipulagsyfirvalda um breytt skipulag en unnið hafi verið með þeim. „Við erum búnir að leggja fyrir þau tillögur og þau hafa skoðað teikningarnar, gert athugasemdir og við höfum brugðist við þeim,“ segir Egill. Byggingarleyfi á lóðinni hafi verið veitt öðrum og grunnur reistur. Það verði því byggt á lóðinni í framtíðinni .

Heiðar kallar eftir samstarfi við bæjaryfirvöld og gagnrýnir þau fyrir að virða ekki Staðardagskrá 21. Þar sé kveðið á um samráð íbúa á hverjum stað. Samkvæmt henni eigi einungis léttur iðnaður og einyrkjastarfsemi að fá byggingarleyfi innan íbúðarsvæða sem og starfsemi sem ekki krefjist mengunar, umferðar eða önnur óþægindi. Að því sé vegið með byggingu iðnaðarstórhýsis í stað græns svæðis.

gag@frettabladid.is

**ÁHYGGJUR ÍBÚANNA**
- Bílasölurúntur um íbúðarhverfið
- Stærð byggingar bílaumboðsins
- Enn verri hljóðvist
- Lækkað fasteignaverð
- Útsýni, steypa, bílar

Skarpar umræður um þróun fasteignaverðs á Alþingi:

# Lóðaverð nýtt sem tekjustofn

**FASTEIGNAVERÐ** „Það er ánægjulegt að það verði skoðað hvernig koma á í veg fyrir að sveitarfélögin stuðli að hækkun fasteignaverðs,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður í utandagskrárumræðum á Alþingi í fyrradag um þróun fasteignaverðs. Komu þar fram ýmis sjónarmið en allir fögnuðu þeirri ákvörðun Árna Magnússonar félagsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á orsökum þess fasteignaverðs sem er við lýði í dag.

Málshefjandi var Guðlaugur Þór Þórðarson úr Sjálfsstæðisflokki en hans mat var að lóðaverð væri ein meginorsök mikilla hækkana fasteignaverðs. „Ég vil vekja athygli á því að R-listinn er núna að braska með lóðir í Norðlingaholti með einkaaðilum og hafa grætt rúmar 800 milljónir króna.“



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Félagsmálaráðherra lét hafa eftir sér að lóðaúthlutun ætti ekki að vera sveitarfélögum tekjustofn og væri það einn sá þáttur sem rannsakaður yrði í úttekt þeirri sem hann hefur falið Rannsóknasetri í húsnæðismálum að gera á fasteignamarkaðnum.

Nokkrir þingmenn bentu á tilkomu 90 prósenta lána Framsóknarflokksins sem ástæðu verðhækkana en ráðherra svaraði því til að full þverpólitísk sátt hefði verið um frumvarpið og enginn hreyft andmælum þegar það var samþykkt. - aöe

# TILBOÐ VIKUNNAR

## Nýjar og vinsælar geislaplötur á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.




**Ray-Úr kvikmynd**
Tónlistin úr verðlaunamyndinni Ray hefur að geyma öll vinsælustu lög Ray Charles í gegnum tíðina. Athugið að miði á myndina fylgir takmörkuðu upplagi af geislaplötunni.




**Green Day-American Idiot**
Green Day piltarnir nældu sér í Grammy verðlaunin fyrir bestu rokkplötu ársins en platan „American Idiot“ inniheldur m.a. lagið vinsæla Boulevard Of Broken Dreams.




**Mars Volta – Frances The Mute**
„Frances The Mute“ er önnur plata Mars Volta. Sú fyrri „De-loused in the Comatorium“ var af mörgum talin besta plata ársins 2003, þannig að eftirvæntingin er gífurleg...




**Ray Charles-Genius Loves Company**
Sigurvegari 8 Grammy verðlauna í ár er þessi frábæra dúettaplata Ray Charles en meðal flytjenda á plötunni eru: Norah Jones, Van Morrison, Elton John, James Taylor og Willie Nelson.




**Eric Clapton-Sessions For Robert Johnson**
Skotheldur tvöfaldur pakki. Geislaplata og DVD diskur sem innihalda lifandi upptökur af lögum Roberts Johnson í flutningi Eric Clapton og aðstoðarmanna.




**Cat Stevens – The Very Best Of**
Father And Son, Moonshadow, Morning Has Broken, Wild World og allir hinir smellirnir eru hér samankomnir. 24 af bestu lögum Cat Stevens ásamt DVD diski sem inniheldur tónleikaupptökur o.fl..




**Michael Buble-It's Time**
Ný plata frá kanadíska "krúnernum" Michael Buble. Hann sló rækilega í gegn með fyrstu plötunni sinni og þessi er engu síðri. Hér syngur hann 13 sígilda standarda úr ýmsum áttum.




**Scissor Sisters – Scissor Sisters**
Scissor Sisters var mest selda platan í Bretlandi á síðasta ári, enda inniheldur hún smellina Take Your Mama, Mary, Laura, Comfortably Numb og Filthy/Gorgeus.




**The Chemical Brothers-Push The Button**
Að flestra mati er hér allra besta plata The Chemical Brothers til þessa. Platan innheldur lagið vinsæla „Galvanize“.




**Snoop Dogg - R&G: The Masterpiece**
Ameríski rapparinn og goðsögnin Snoop Dogg hefur slegið í gegn með þessari glænýju plötu. „R&G: The Masterpiece“ inniheldur m.a. smellina Drop It Like It's Hot og Signs ásamt Justin Timberlake.




**Gwen Stefani – Love Angel Music Baby**
Söngkona No Doubt með sína fyrstu sólóplötu. Platan inniheldur smellina Rich Girl og What You Waiting For ?.




**Tori Amos-The Beekeeper**
Tíunda plata Tori Amos kemst auðveldlega í hóp með hennar allra bestu. Þetta er tvöföld útgáfa sem er fáanleg í takmörkuðu upplagi og inniheldur auka DVD disk.


**Póstkröfusími 525 5040**

SKÍFAN
Laugavegi 26, Kringlunni og Smáralind

**skifan.is**
*- alltaf ódýrari*




Félag grunnskólakennara:

# Vilja sérsamning Ísaksskóla burt



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**JENNÝ GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
Trúnaðarmaður kennara Ísaksskóla spyr hvort tilgangur hagsmunafélags sé að taka fram fyrir hendurnar á félagsmönnum sínum og koma í veg fyrir að félagsmenn fái hærri laun.

**KJARAMÁL** Grunnskólakennarar vilja að samninganefnd þeirra staðfesti ekki sérsamning Ísaksskóla. Þeir vilja að látið verði reyna á réttmæti hans fyrir dómstólum, reynist þess þörf. Ályktun þess efnis var samþykkt á aðalfundi Félags grunnskólakennara á Selfossi um síðustu helgi.

Jenný Guðrún Jónsdóttir, trúnaðarmaður kennara í Ísaksskóla, segir sorglegt ef hagsmunafélag þeirra vilji standa í vegi fyrir því að laun í Ísaksskóla hækki.

„Ályktunin breytir ekki ánægju okkar kennara með samninginn og þeim vonum sem við bindum við hann,“ segir Jenný.

Grunnskólakennarar gagnrýna í ályktuninni að aldursafsláttur, lækkun kennsluskyldu og hækkuð grunnlaun sem þeir hafi barist hart fyrir í verkfallinu séu afnumin í sérsamningnum.

Jenný segir aðstæðurnar í Ísaksskóla aðrar en í almennum grunnskólum þar sem samningurinn nái einungis til tíu starfsmanna: „Við erum að semja á grundvelli trausts og virðingar og hæpið að ætla að semja á sama hátt fyrir 4.500 manns.“

- gag

# Hagstofan keyrir upp verðbólguna

**Í vísitölu neysluverðs er húsaleiga vegna eigin húsnæðis reiknuð til gjalda en ekki tekna. Guðmundur Ólafsson segir þetta valda því að vísitalan sýni verðbólgu upp á rúm fjögur prósent þegar hún sé í raun aðeins um 2,5 prósent.**

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgumælingin í landinu gefur falska mynd af hinni raunverulegu stöðu. Verðbólgan er í dag 4,5 prósent og þar með yfir vikmörkum Seðlabankans en í raun og veru er hún innan við 2,5 prósent. Þetta er skoðun Guðmundar Ólafssonar hagfræðings.

Innan neysluverðsvísitölu er reiknaður liður sem heitir reiknuð leiga á eigin húsnæði. Starfsmenn Hagstofunnar reikna út leigu í eigin húsnæði og tilfæra sem kostnað. Guðmundur segist telja óeðlilegt að gera þetta nema reikna tekjurnar á móti.

„Ef maður borgar leigu í eigin húsnæði hlýtur maður að þurfa að reikna hana sem tekjur líka, ekki bara gjöld, þannig að þetta ætti að jafnast út. Þessi liður vegur upp undir tíu prósent í vísitölunni, að mig minnir, og gerir það að verkum að verðbólgan er yfir fjórum prósentum. Ef hann væri það ekki þá væri verðbólgan innan við 2,5 prósent, að mér sýnist. Þessi eini reikningsliður keyrir reiknaða verðbólgu upp og hún verður mun hærri en ella,“ segir hann.

Guðmundur segir að með þessum útreikningi starfsmanna Hagstofunnar sé verðbólgan keyrð upp og þar af leiðandi hækki lán, en bankarnir taki til sín gengishagnaðinn. „Skuldirnar hækka en innlán bankanna eru í fæstum tilvikum vísitölutryggð.“

Neysluverðsvísitalan mælir meðaltal fjárhagslegra skuldbindinga einstaklinga. Fasteignaverð hefur snarhækkað upp á síðkastið og fjölskyldurnar í landinu hafa skuldsett sig meira en nokkru sinni áður. Um leið hefur hættan á fjárhagslegum erfiðleikum einstaklinganna aukist verulega. Guðmundur telur hættuna meiri og sterkari en áður og telur framhaldið ráðast af því hvort gengi krónunnar lækki og hvort húsnæðisverð lækki á næstunni eða stöðugleiki ríki í þessum efnahagsmálum.

**ghs@frettabladid.is**



**VÍSITALA NEYSLUVERÐS**
Sýnir ekki bara þróun matarverðs heldur hefur húsnæðisverð þar líka áhrif.












Við óskum Alcan til hamingju með glæsilega ál- og tækjageymslu og þökkum eftirtöldum aðilum fyrir gott samstarf:

Hönnuðir:

ARKÍS

RTS VERKFRÆÐISTOFA

Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta

VSI ÖRYGGISHÖNNUN & RÁÐGJÖF

Eftirlit: VSB VERKFRÆÐISTOFA

Verktakar:

ÍSLOFT BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.

Raf-X ehf Rafverktakar

Borgarlagnir ehf

TEKNÍS

JARÐVÉLAR EHF

SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON ehf.

www.verktaki.is

- Við byggjum upp -

**EFTIRMÁL:** ÁTAKIÐ SEM ÆTLAÐ ER AÐ HVETJA TIL KAUPA Á ÍSLENSKUM VÖRUM

# *Einungis örfáir gefa íslenskum vörum falleinkunn*

Framleiðendur hafa merkt aukna sölu á íslenskum vörum í kjölfar átaksins Veljum íslenskt – og allir vinna. Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, segir átakið hafa verið uppfært á áramótum.
„Samtökin kalla átakið hér eftir: Þitt val skiptir máli. Framleiðendur nota hins vegar áfram: Veljum íslenskt – og allir vinna," segir Brynjar. Hann segir hug í mönnum. Neytendur verði varir við það á næstunni þegar íslenskir dagar verði í Nóatúnsverslunum. Átakið sé því langt í frá að lognast út af en Samtök iðnaðarins hafa þurft að laga sig að aðstæðum þar sem hagsmunasamtök mega ekki hvetja til kaupa á íslenskri vöru á íslenskum markaði vegna reglna Evrópusambandsins.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BRYNJAR RAGNARSSON**
Markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins sækir hér nýtt plakat í prentun. Því er ætlað að hvetja landsmenn til að velja íslenskar vörur í stað erlendra.

Átakið var kynnt með viðhöfn í húsi Mjólkursamsölunnar í lok ágúst.

Bændasamtök Íslands, Alþýðusambandið og Samtök iðnaðarins standa að því. Þau vilja vekja forráðamenn fyrirtækja, stofnana og almenning til vitundar um mikilvægi þess að velja íslenskt fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu.
Samtök iðnaðarins skoðuðu með aðstoð Gallup viðhorf neytenda til íslenskra iðnaðarvara frá október til desember. Ánægjuvog Gallup sýnir til dæmis að ríflega sextíu prósent neytenda eru mjög ánægð með íslenskar mat- og drykkjarvörur og gefa þeim fyrstu einkunn. Örfáir gefa íslenskum vörum falleinkunn eða á bilinu 0,8 til 3,3 prósent. Könnun Gallup náði til 950 einstaklinga á aldrinum 16 til 75 og var svarhlutfallið 63 prósent. **- gag**

## SVONA ERUM VIÐ



**LANDSMENN EIGA 8.439 TJALDVAGNA**
Miðað við árið 2003.

HEIMILD: SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

## SJÓNARHÓLL
**FRAMSÓKN OG ESB**



**SIGRÚN ÁRMANNS REYNISDÓTTIR**

### *Líst vel á*

„Mér líst bara vel á þetta," segir Sigrún Ármanns Reynisdóttir, miðill og forsvarsmaður Samtaka gegn fátækt, um þá tilllögu sem liggur fyrir flokksþingi Framsóknarflokksins að aðildarviðræður við Evrópusambandið verði hafnar. „Það er gott að fólki komi saman og ræði hlutina," segir hún en þekkir þó ekki til dýpstu innviða Evrópusambandsins. Hún telur þó að hag almennings á Íslandi sé betur borgið innan sambands en utan, til dæmis gæti verð á mat lækkað. „Já, ég held að það kæmi fólki til góða að Ísland gengi í Evrópusambandið."

# Guffi bílasali hefur selt 30.000 bíla um ævina

**Guðfinnur Halldórsson hefur selt bíla í 35 ár. Hann segir að bílasalar séu almennt heiðarleg stétt en vandar verðbréfamiðlurum og lögfræðingum ekki kveðjurnar. Guðfinnur rekur líka bílaþvottastöð og hefur lent í ýmsu. Dolli, hundurinn hans, nýtur trausts í bankanum.**

Guðfinnur Halldórsson er aldrei kallaður annað en Guffi, nema ef vera skyldi Guffi bílasali. Hann hefur selt bíla í 35 ár og marga fjöruna sopið. Hann segist hafa selt um 70 bíla á mánuði í öll þessi ár og samtals gerir það um 30 þúsund bíla. Fáir komast með tærnar þar sem hann hefur hælana í þeim efnum.

Guffi gefur lítið fyrir þann lífseiga orðróm um að viðskiptasiðferði bílasala sé skorið við nögl. „Miðað við aðra erum við góðir. Það er miklu meira um glæpamenn í lögfræðingastétt," segir Guffi og hlær. Og gusar svo út úr sér glósu á bankamenn. „Hér spruttu upp svokallaðir verðbréfamiðlarar sem seldu hlutabréf hægri vinstri, til dæmis í Decode. Svo féll þetta í verði og fólk tapaði enda var það platað. Ef ég hefði gert það sem þessir menn gerðu hefði ég verið dæmdur á Alcatraz og lyklunum hent."

Fréttir hafa borist af óvenju mikilli sölu nýrra bíla síðustu vikur og mánuði en Guffi segir hana ekki koma niður á sölu notaðra bíla. „Það er fínt að gera. Það er til fullt af fólki sem vill ekki skulda og staðgreiðir því sína bíla og lætur sér líða vel. Þetta er fólk sem veit að bílar eru verðmæti og ef gengið er um þá af virðingu og vinsemd þá duga þeir þótt þeir séu gamlir."

Samhliða bílasölunni rekur Guffi bílaþvottastöð á Bíldshöfðanum. Mikið er að gera enda vilja flestir hafa bílana sína hreina og fína. „Stundum fáum við þó bíla sem hafa ekki verið þvegnir árum saman og fólk heldur að það komi nýr bíll út úr þvottastöðinni. Það virkar bara ekki svoleiðis, því miður. Svo kemur fyrir að þurrkur brotna af afturrúðum en það gerist af því að aldrei hefur verið skipt um þurrku. Þær falla þá ekki að rúðunum og lenda í burstunum. Sama á við um hliðarspegla, þeir geta losnað af. Það er af því að þeir hafa ryðgað fastir og falla ekki að bílnum eins og þeir eiga að gera lögum samkvæmt."

Guffi botnar hvorki upp né niður í fólki sem þannig fer með bílana sína en finnst þó loftnetsklaufarnir verstir. „Margir eru á fínum bílum bílum með rafmagnsloftneti sem fer sjálfkrafa niður þegar slökkt er á útvarpinu. Þeir slökkva samviskusamlega á tækinu þegar ekið er inn en leiðist svo þófið meðan á þvotti stendur og kveikja á útvarpinu. Þá fer loftnetið auðvitað upp og brotnar undan burstunum."

Guffi segist reyna að benda fólki á þetta en þorir varla að auglýsa það sérstaklega. „Þetta er svo viðkvæmt því olíufélögin eiga flestar þvottastöðvarnar og auglýsa að þau bæti ekki svona tjón. Ég á hins vegar erfitt með það því ég vil ekki vera ásakaður um samráð við olíufélögin," segir hann og hlær.

Sjálfur passar Guffi loftnet, spegla og þurrkur þegar hann þvær eigin bíla sem eru af Mercedes Benz og Land Rover gerð. „Það eru bestu bílarnir," segir Guffi og klappar hundinum sínum Dolla sem er stjórnarformaður fyrirtækisins, „enda hefur bankinn trú á honum," segir hann og hlær sem aldrei fyrr.

**bjorn@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GUFFI BÍLASALI**
Fáir komast með tærnar þar sem hann hefur hælana í sölu á bílum.






Sigrún Þorláksdóttir kjörin formaður á aðalfundi:

# Nýr stjórnarformaður Baugs

Sigrún Þorláksdóttir var kjörin formaður kvenfélagsins Baugs í Grímsey á aðalfundi félagsins sem haldinn var um síðustu helgi. Sigrún er jafnmikill Grímseyingur og hægt er að vera, báðir foreldrar hennar fæddust í eynni og ólust þar upp og sjálf hefur hún búið þar alla sína tíð, utan tveggja ára sem hún varði á Akureyri.

„Þetta er öflugasta kvenfélag landsins, allar konurnar í eynni eru félagar, bæði ungar og gamlar og allt þar á milli," segir Sigrún.

Þegar blaðamaður nær af henni tali situr hún í stól á hárgreiðslustofu í Kópavogi og er að láta setja í sig nýjar strípur. „Ég þurfti rétt að skreppa hingað suður," segir Sigrún sem líður þó hvergi betur en heima í Grímsey.

Starfsemi Baugs í Grímsey er öflug og segir formaðurinn að helst þyrfti að fjölga helgum í árinu svo kvensurnar gætu gert allt sem þær langar til. Framundan eru ýmsar skemmtanir á vegum félagsins, til dæmis hátíðarkaffi um páskana og húllumhæ á sumardaginn fyrsta. „Það er brjálað stuð út allt sumarið og ekki minnkar það þegar veturinn gengur í garð," segir Sigrún og hlakkar til að komast heim á ný enda Hörður Torfa væntanlegur í næstu viku til tónleikahalds.

Þess má geta að Kvenfélagið Baugur á ekkert skylt við samnefnt stórfyrirtæki, sem raunar hefur enga starfsemi í Grímsey.

**- bþs**



MYND/HULDA SIGNÝ GYLFADÓTTIR

**SIGRÚN ÞORLÁKSDÓTTIR STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS**
Til vinstri við hana situr Bogga kvenfélagskona.

**AFGREIÐSLUTÍMI:**
**föstudag.... 9 - 19:30**
**laugardag.... 10 - 16**

*tilboðin gilda til laugardagsins 26.feb*
*eða á meðan birgðir endast*

# HELGAR TILBOÐ

**248-** OREO BANADAS

**158-** DIGESTIVE KEX

**248-** OREO BANADAS HVÍTT

**148-** CHOCO NIPPON

**99-** OREO

**25%** afsláttur við kassa
**1132kg-** PESTÓ LAMBASTEIK
merkt verð: 1509kg-

**249-** HÁTÍÐAR SÆLKERAKAFFI 250g.

**179-** KRISPROLLS

**149-** KANILSNÚÐAR

**95-** HOMEBLEST 200gr.

**129-** HOMEBLEST 200gr.

**1075kg-** HOLU-STEIK

**98-** KARTÖFLUMÚS

**298-** BETTY CROCKER KÖKUMIX 1 pakki

**259-** BETTY CROCKER KÖKUKREM 1 dós

**798-** ARIEL ÞVOTTAEFNI

**KAUPAUKI** LENOR MÝKIEFNI FYLGIR KASSA AF ARIEL

**33%** afsláttur við kassa
**398kg-** KJÚKLINGUR HEILL
merkt verð 599kg.

**219-** CRÜSLÍ 1 pakki

**199-** **199-** **199-** ORIGINAL DJÚS 2l.

**369-** NIVEA LOTION

**298-** NIVEA 2 IN 1 SJAMPÓ OG NÆRING

**298-** NIVEA FLÖSU-SJAMPÓ

**369-** NIVEA BODY MILK

**441-** NIVEA STURTU SÁPA

**33%** afsláttur við kassa
**398kg-** KJÚKLINGA LÆRI m/LEGG
merkt verð 599kg.

**35%** afsláttur við kassa
**1462kg-** KJÚKLINGA-BRINGUR
merkt verð 2248kg.

**95-** SUNGLORY 1l.

**269-** EDET ELDHÚSRÚLLUR 4 rúllur

**269-** EDET WC RÚLLUR 6 rúllur

**40%** afsláttur við kassa
**899kg-** JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
merkt verð 1499kg-

**495-** CHEERIOS 2 x 992gr.

**695-** COCA COLA 4 x 2l.

**KAUPAUKI** 2 KÓKGLÖS

**FJARÐARKAUP**
*ekki bara verð!*


Framtíðin
„Mér er annt um tímann – og peningana
Netbankinn er framtíðin!“
Netbankinn býður betri vexti á yfirdrætti og lífeyrissparnaði, lánaúrvalið er fjölbreytt og þjónustan sérsniðin að þörfum hvers og eins. Viðskipti við Netbankann eru einföld og þægileg og henta fólki sem er annt um tímann og peningana.
Horfðu til framtíðar og fáðu tilboð í viðskipti við Netbankann. Hafðu samband við þjónustufulltrúa í síma 550 1800 eða sæktu um á www.nb.is. Við tökum þér vel!
Himinn og haf/SÍA – 9040867



nb.is sparisjóður hf., Ármúla 13a, 108 Reykjavík

Netbankinn
– með betri vexti

360 gráður

**FBL GREINING:** KATTAREGLUGERÐIN

# *Geld fress með húðflúr í eyra*



Umhverfisráð Reykjavíkur hefur samþykkt reglur um kattahald. Samkvæmt þeim ber að láta ormahreinsa og örmerkja alla ketti og gelda fressketti sem ganga úti. Heimilt er að hremma ketti sem ekki eru útbúnir í samræmi við reglugerðina. Borgarstjórn þarf að staðfesta reglurnar svo að þær taki gildi.

**Er aðgerðanna þörf?**
Ekki er vitað með vissu hversu margir kettir eru í höfuðborginni, en talið er að þeir séu að minnsta kosti 10.000. Þeir sem til þekkja segja að köttum hafi fjölgað mikið á síðustu árum og gegn því verði að sporna. Gelding útifressa er liður í því.
Flestir kettir fá einhvern tímann spóluorma og getur þeim liðið illa af þeim sökum. Það sem verra er þá gera þeir gjarnan þarfir sínar í sandkassa á barnaleikvöllum. Börnin geta étið sandinn og orðið veik af völdum ormanna. Því telja yfirvöld rétt að gera ormahreinsun að skyldu.
Að lokum má telja örmerkingar. Að lokinni merkingu eiga kattaeigendur að koma númerinu ásamt nafni sínu og kennitölu til yfirvalda. Með örmerkingu er strax hægt að koma kisu til eiganda síns og þannig er komið í veg fyrir tjón og ónæði sem af óskilaköttum hlýst, auk þeirrar sálarangistar sem kattaeigendur verða fyrir við kattartapið.

**Er ekki allt gott um þetta að segja?**
Fari fólk eftir reglugerðinni ætti tilgangur hennar að nást, bæði mönnum og köttum til hagsbóta. Hins vegar er vandséð hvernig hægt er að tryggja að öllum þáttum hennar sé framfylgt, eins og ormahreinsuninni. Engar menjar eru um inntöku ormalyfjanna sem fer að öllu jöfnu fram á heimili kattarins, ekki hjá dýralækni.
Margir kattaeigendur eru væntanlega tortryggnir út af lausnargjaldinu sem þeim ber að greiða ef kötturinn er gómaður án viðeigandi merkingar. Ekki er enn vitað hversu hátt gjaldið verður en það gæti orðið 20.000-30.000 miðað við gjaldtöku Suðurnesjamanna sem nýverið tóku upp slíkt fyrirkomulag.
Það sem helst hefur þó verið gagnrýnt er hin dulda skráningarskylda sem óneitanlega er fólgin í útfærslu örmerkinganna. Með því að safna nöfnum og kennitölum allra kattaeigenda telja menn að þar með sé hægðarleikur fyrir borgaryfirvöld að rukka fólk fyrir að halda ketti. Það gæti orðið fyrirtaks tekjulind fyrir borgarsjóð.

## SPURT & SVARAÐ
SKUGGA-BALDUR



SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON

### *Gæðastimpill fyrir Bjart*

Sigurjón Birgir Sigurðsson, jafnan nefndur Sjón, hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrradag fyrir skáldsöguna Skugga-Baldur. Snæbjörn Arngrímsson er útgáfustjóri bókaforlagsins Bjarts sem gaf bókina út.
**Kom það þér á óvart að Sjón skyldi hafa unnið?** Heiðarlega svarið er auðvitað já, því maður býst aldrei við verðlaunum. Bókin er hins vegar mjög góð og því kemur það ekki óvart í sjálfu sér að hún skyldi vinna. Hún á þessi verðlaun fyllilega skilin.
**Býstu við að það komi kippur í söluna á Skugga-Baldri núna?** Já, ég reikna með því. Eftir að úrslitin voru tilkynnt bárust strax pantanir frá bókabúðum því það var orðið lítið til af bókinni í þeim.
**Stendur til að þýða Skugga-Baldur á önnur tungumál?** Það er þegar búið að þýða hana á ensku, sænsku og ítölsku. Nú er búið að semja um að þýða hana á öll Norðurlandamálin, meira að segja færeysku.

# Stjórnarkreppu afstýrt í Palestínu

**Stuttri stjórnarkreppu í Palestínu lauk í gær þegar palestínska þingið lagði blessun sína yfir ráðherralista Ahmed Qureia forsætisráðherra. Hann þykir hafa beðið hnekki af málinu en Mahmoud Abbas forseti styrkst.**



MYND/AP

Ahmed Qureia fagnaði ákaft í hópi stuðningsmanna sinna í Ramallah í gær eftir að þingið samþykkti ráðherralista hans. Hann þykir þó lítinn sóma hafa haft af málinu.

Mikil togstreita hefur ríkt á milli þings Palestínumanna og Ahmed Qureia forsætisráðherra undanfarna daga vegna skipunar nýrrar heimastjórnar og virtist stefna í afsögn forsætisráðherrans út af málinu. Mahmoud Abbas miðlaði hins vegar málum og sátt náðist um nýjan ráðherralista. Heimastjórnin verður skipuð ópólitískum sérfræðingum en ekki fyrrverandi stuðningsmönnum Jassers Arafat eins og útlit var fyrir í fyrstu.

Þegar Mahmoud Abbas var kjörinn forseti Palestínumanna í janúarbyrjun boðaði hann róttæka uppstokkun á ríkisstjórninni. Þegar Jasser Arafat var við völd hafði ríkisstjórnin veika stöðu enda var hún jafnan skipuð tryggum samstarfsmönnum forsetans án tillits til hæfileika þeirra.

Á mánudaginn kynnti Qureia 24 manna ráðherralista sinn og þá kom í ljós að aðeins fjórir nýir ráðherrar voru þar á meðal. Allir hinir höfðu setið í gömlu ríkisstjórninni sem almennt var talin gjörspillt. Í kjölfarið varð uppi fótur og fit í palestínska þinginu og lýsti þorri þingmanna því yfir að hann myndi ekki styðja ríkisstjórn Qureia. Fatahhreyfingin, sem þeir Abbas og Qureia tilheyra báðir, hefur drjúgan meirihluta þingsæta og höfðu þingmenn hreyfingarinnar sig mikið í frammi í umræðunum. Í kjölfarið var ákveðið að fresta atkvæðagreiðslunni um stjórnina til morguns og sá frestur var svo tvíframlengdur til gærdagsins.

Þegar ljóst var að ráðherralisti Qureia nyti ekki stuðnings þingsins virtist allt stefna í að hann segði af sér forsætisráðherraembætti enda hefði tap í atkvæðagreiðslunni jafngilt vantrausti á hann. Því skarst Mahmoud Abbas í leikinn og sagði deilendum að nú væri ekki rétti tíminn til pólitískra væringa. Hann fundaði með þingmönnum Fatah á þriðjudag og miðvikudag en jafnframt fékk hann Qureia til að skipta um skoðun. Í gær samþykkti palestínska þingið svo nýjan og breyttan ráðherralista Queira með yfirgnæfandi meirihluta, 54 greiddu atkvæði með en 12 voru á móti.

Sautján nýliðar setjast í ráðherrastóla í stjórn Qureia. Flestir ráðherranna eru ópólitískir sérfræðingar á þeim sviðum sem þeir eiga að starfa og eru margir þeirra með doktorsgráður í greinum á borð við lögfræði, verkfræði og læknisfræði. Meðal lykilmanna í stjórninni er Nasser Jousef innanríkisráðherra, en hann þykir harður í horn að taka og mun eflaust leggja sitt af mörkum til að koma á lögum og reglu á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna. Nasser al-Kidwa verður utanríkisráðherra en hann er fyrrverandi sendiherra Palestínumanna hjá Sameinuðu þjóðunum og frændi Arafats. Einn fárra ráðherra úr gömlu ríkisstjórninni sem halda sætum sínum er Nabil Shaath sem verður upplýsingaráðherra og aðstoðarforsætisráðherra.

Mörgum stjórnmálaskýrendum hefur komið á óvart hversu hart þingið brást við hugmyndum Qureia, sérstaklega þar sem margir þeirra sem hæst mótmæltu eru sjálfir í hópi fyrrverandi stuðningsmanna Arafats. Skýringin liggur eflaust í því að tiltrú almennings á Fatah-hreyfingunni hefur dvínað talsvert og þegar gengið verður til þingkosninga í júní mun Hamashreyfingin vafalaust taka af þeim fjölda þingsæta en hún hyggst bjóða fram að þessu sinni. Með mótmælunum vilja þingmenn Fatah því láta líta svo út í augum almennings að þeir séu á móti spillingu og þannig öðlast traust.

Ahmed Qureia þykir hins vegar hafa beðið mikinn álitshnekki af málinu og búast fáir við að hann haldi embætti sínu eftir kosningarnar í júní. Mahmoud Abbas hefur aftur á móti styrkt stöðu sína mjög. Hann deilir og drottnar yfir þingi og ríkisstjórn og nýtur óskoraðs umboðs almennings til þess arna.

sveinng@frettabladid.is


# Grunnskólar Reykjavíkur
## – sjálfstæði, starfshættir, rekstarform

OPINN HÁDEGISFUNDUR UM SKÓLAMÁL
LAUGARDAGINN 26. FEB. KL. 11 -13

**Stefán Jón Hafstein** borgarfulltrúi og formaður menntaráðs borgarinnar er málshefjandi á hádegisfundi SffR laugardaginn 26. febrúar nk. um grunnskólann í Reykjavík. Aðrir framsögumenn eru **Kjartan Valgarðsson** markaðsstjóri og **Snorri Traustason** skólastjóri. Fundarstjóri er **Jóhanna Eyjólfsdóttir**, formaður Samfylkingarfélagsins í Reykjavík.

*Á fundinum verða öll málefni grunnskólans undir en búast má við að einkum verði rætt um sjálfstæði grunnskólanna og hvaða mun eigi að gera á skólum borgarinnar og sjálfstætt-starfandi skólum.*



*Fundurinn verður haldinn í Samfylkingarmiðstöðinni á Hallveigarstíg 1, hefst kl. 11 og stendur ekki lengur en til 13. Kaffibrauð í boði gegn vægu gjaldi. Allir Samfylkingarmenn og áhugamenn um skólamál velkomnir á fundinn sem verður með óformlegu sniði.*

Allir áhugamenn velkomnir



SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

*Ath! Stjórnarmenn SffR eru við á skrifstofunni, Hallveigarstíg 1, 2. hæð, fimmtudaga kl. 17–18 fram til vors.*


Látið heiðursfólk:

# Tekið í dýrlingatölu



MYND/AP

**KARDÍNÁLAR Á RÖKSTÓLUM**
Páfi komst ekki á fundinn í Vatíkaninu í gær þar verðandi dýrlingar voru ræddir í þaula.

Flensan sem hefur verið að hrjá Jóhannes Pál páfa II hefur tekið sig upp á ný. Því lét hann sig vanta á fund kardínála í Vatíkaninu í gær þar sem áformað var að ákveða hvaða látna heiðursfólk ætti að taka í dýrlingatölu að þessu sinni.

Dýrlingar kaþólsku kirkjunnar eru ríflega tíu þúsund og hefur enginn páfi sæmt jafn marga þessari nafnbót og Jóhannes Páll páfi II. Strangar reglur eru um hverjir komast í dýrlinga tölu og hafa þær verið til síðan á 10. öld. Vísindavefur Háskóla Íslands greinir frá því að ef hinn látni var ekki píslarvottur verður að koma fram sönnun á því að tvö kraftaverk hafi átt sér stað fyrir milligöngu hans frá himnaríki. Ef hinn látni var píslarvottur þarf hins vegar aðeins að sanna eitt kraftaverk áður en hann er gerður að dýrlingi.

- shg



**Fermingar nálgast - leitaðu til sérfræðinga okkar og fáðu ráðgjöf varðandi tölvukaup**

***Fujitsu Siemens SCALEO T***
LKN:DAN-890256-011
Intel 915 "Grantsdale" kubbasett
Intel® Pentium® 4 550 3.4 GHz
Front Side Bus 800MHz, 1MB
1GB DDR minni (2X 512, Mest 4GB)
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI X600 Pro-4 PCI-Express
- 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, 56K mótald
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
***Vandaður hugbúnaðarpakki***

TILBOÐSVERÐ
**kr. 149.900,-**
EPSON prentari með skanna fylgir með

TILBOÐSVERÐ
**kr. 129.900,-**
EPSON prentari með skanna fylgir með

***Fujitsu Siemens SCALEO T***
LKN:DAN-890216-011
Miditower (ATX í fullri stærð)
AMD Athlon™ 64 3400+
Front Side Bus 1600MHz,
- Cache L1 128KB/L2 512KB
1 GB DDR minni (2X 512, mest 4GB)
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI RADEON 9600XT 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
***Vandaður hugbúnaðarpakki***



**Fylgir með!**

***EPSON Stylus Photo RX425 að verðmæti kr. 17.900,- fylgir öllum tölvum! Frábær litaprentari með innbyggðum skanna***

**Opið í Skeifunni 17 laugardaga frá 11 - 16**

# Við gefum prentara!

***Epson Stylus Photo RX425 að verðmæti kr. 17.900,- fylgir öllum tölvum! Frábær prentari með innbyggðum skanna.***



TILBOÐSVERÐ
**kr. 13.900,-**
*Verð áður: 16.900,-*

***Lacie 160GB diskur***
300700EK
7200RPM - 2MB - USB 2.0



TILBOÐSVERÐ
**kr. 5.990,-**
*Verð áður: 8.990,-*

***Sweex MP3 spilari***
MP300180
256 MB



TILBOÐSVERÐ
**kr. 159.900,-**
EPSON prentari með skanna fylgir með

***Fujitsu Siemens AMILO M***
LKNDAN-159100-016
Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Pentium® M 735 1.7 GHz (Dothan)
Front Side Bus 400 MHz, 2MB
512MB DDR minni (Mest 1024MB)
60GB S.M.A.R.T. Drif
15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
ATI MOBILITY™ RADEON™ 9700 TV-OUT
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
VGA, TV-OUT, kortalesari SD/MS/MS Pro/MMC
i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
Víðóma hátalarar og innbyggður bassahátalari
Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
2 ára ábyrgð
***Öflugur hugbúnaðarpakki fylgir***

TILBOÐSVERÐ
**kr. 26.900,-**



***17" TFT skjár***
1280 x 1024 upplausn
Birta 400 cd/m² - Skerpa 450:1
16ms viðbragðstími, HD15 (VGA) tengi
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

TILBOÐSVERÐ
**kr. 12.900,-**
*Verð áður: 16.900,-*



***MS Office 2003 - Skólaútgáfa***
503-00282
Full útgáfa fyrir nemendur og kennara

## *Við óskum Tvest til hamingju!*

Tæknival óskar Tvest í Borgarnesi til hamingju með nýja og glæsilega verslun sem opnar 26. febrúar. Lítið við og skoðið úrvalið - full búð af frábærum tilboðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki!



**Tæknival**
ÞJÓNUSTA Í ÖÐRU VELDI

*SAMSTARFSAÐILAR: Stefna - Akureyri - www.stefna.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is / Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com*
*Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com / Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík / Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is*

TÆKNIVAL SKEIFUNNI 17 108 REYKJAVÍK SÍMI 550 4010 FAX 550 4001 WWW.TAEKNIVAL.IS SALA@TAEKNIVAL.IS





# Vertu í vinsælu formi

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.* Veldu Citroën C4 COUPÉ.

**- láttu sjá þig á nýja sportbílnum Citroën C4 COUPÉ**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Sölutölur eru afhentir nýir Citroën bílar á hverju ári frá því Brimborg endurkynnti Citroën á Íslandi 24. nóvember 2000. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar.







Komdu á frumsýningu í dag.
Sjáðu nýjan Citroën C4 COUPÉ.
Kostar aðeins frá 1.890.000
til 2.650.000 kr.*

Kaffi og kleinur í dag.
Húsið er opið frá kl 11 - 17.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, s 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, s 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, s 422 7500

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Boðskapur Kofi Annan á erindi við Íslendinga.

## Sameinuðu þjóðirnar eru mikilvægar

Kofi Annan framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur að undanförnu ritað greinar í þjóðblöð víða um heim til að árétta mikilvægi samtakanna fyrir alþjóðlegt samstarf og frið í heiminum. Ein slík birtist hér í blaðinu í gær. Vegna stöðu Fréttablaðsins á íslenskum blaðamarkaði var vel við hæfi að það yrði valið til að flytja boðskap framkvæmdastjórans til Íslendinga.

Full ástæða er til að gefa orðum Kofi Annan gaum. Að Sameinuðu þjóðunum er sótt frá hægri og vinstri á stjórnmálavettvangi. Einstrengisfullir ákafamenn í mörgum löndum vilja samtökin feig. Margir bandarískir hægrimenn telja að þau séu Þrándur í Götu nauðsynlegrar krossferðar í þágu lýðræðis og markaðshyggju sem Bandaríkin eigi að hafa forystu um í Þriðja heiminum. Valdastéttir í ýmsum löndum eru óánægðar með afskipti samtakanna af stjórnarfari sínu. Þær vilja geta farið sínu fram án alþjóðlegs eftirlits og athugasemda. Hófsamir aðilar þurfa við þessar aðstæður að slá skjaldborg um Sameinuðu þjóðirnar í nafni þeirra hugsjóna sem þær voru stofnaðar um og ekki síður í ljósi reynslunnar á alþjóðavettvangi þar sem tilraunir einstakra ríkja og ríkjahópa til að taka sér lögregluvald óháð alþjóðalögum hafa skapað stórkostleg vandamál.

En beint tilefni skrifa Kofi Annan er dapurlegt. Stjórnendum á vegum samtakanna hafa orðið á margvísleg mistök. Hneykslismál hafa riðið yfir samtökin á undanförnum mánuðum. Ber hæst uppljóstrunina um fjársvikastarfsemi í tengslum við skipti á mat og olíu í Írak. Fólskuverk sem friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna unnu í Kongó og víðar í Afríku hafa einnig verið í brennidepli. Það ber hins vegar að segja samtökunum til hróss í þessum málum að á þeim hefur verið tekið af festu og myndugleika. Þeir sem hafa gerst brotlegir verða látnir svara til saka.

Mistök og jafnvel afglöp eru líklega óhjákvæmileg í starfi jafn umsvifamikilla samtaka og Sameinuðu þjóðanna. En með virku og opnu eftirlitskerfi hlýtur að vera hægt að draga úr líkum á slíkum atvikum. Það er ljóst að Kofi Annan vill af mikilli einlægni leggja sitt af mörkum til að alþjóðasamfélagið og heimsbyggðin öll geti verið stolt af Sameinuðu þjóðunum. Rökin fyrir starfrækslu samtakanna eru jafngild og í upphafi. Án þeirra er heimurinn óöruggari og hættulegri. Allir ábyrgir aðilar þurfa að gera sér grein fyrir þessu og leggja sitt af mörkum til þess að vanhugsaðar atlögur að samtökunum verði þeim ekki að fjörtjóni. Ekki er nóg að stjórnvöld ríkjanna átti sig á þessu. Almenningur þarf líka að sýna hug sinn í verki. „Sameinuðu þjóðirnar munu ekki þrífast á tuttugustu og fyrstu öldinni nema venjulegu fólki finnist að þær séu að gera eitthvað fyrir það sjálft,“ skrifar Kofi Annan. „Okkur verður að takast að snúa við blaðinu í baráttunni við sjúkdóma og hungur, rétt eins og í baráttunni við hryðjuverk, útbreiðslu gereryðingarvopna og glæpi.“

Þetta eru orð að sönnu. Þetta eru hin stóru verkefni sem ráða munu úrslitum um framtíðargengi Sameinuðu þjóðanna. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eins og á öðrum söfnum

Hlýhugur sá sem húsverndarmenn hafa sýnt Laugaveginum í umræðunni um niðurrif gamalla húsa við götuna fær misjafnar undirtektir meðal íbúanna (sem raunar eru ekki mjög margir). Einn þeirra, Guðmundur Ólafsson, hagfræðikennari við Háskóla Íslands, sem



búsettur er á Laugavegi 61, segist í blaðagrein í gær óttast að friðun gömlu húsanna muni kosta eigendur þeirra stórfé eða tekjutap vegna kvaða sem stjórnvöld gætu lagt á þá. Hann vill að borgin eða ríkið kaupi þær eignir sem verði friðaðar. „Að öðrum kosti verði eigendum og íbúum við Laugaveg heimilað að taka gjald af vegfarendum og húsaskoðunarfólki, eins og tíðkast á öðrum söfnum,“ skrifar hann. Kannski ekki svo galin hugmynd. Hvað ætli menn væru tilbúnir að borga fyrir að fá að líta inn hjá hagfræðingnum?

### Tíðinda að vænta?

Skeytin fljúga á milli Páls Sigurðssonar lagaprófessors og Sigrúnar Klöru Hannesdóttur landsbókavarðar. Páll er ósáttur við sparnaðaraðgerðir sem stjórnendur Landsbókasafns gripu til þegar í ljós kom verulegur halli á rekstri stofnunarinnar í fyrra. Er hann raunar ekki einn á báti í því efni því hópur fræðimanna hefur opinberlega deilt á safnstjórnina sem hefur svarað því til að gagnrýnin sé byggð á misskilningi. Í gær birti prófessor Páll enn eina ádeilugreinina á safnið í Morgunblaðinu og gerir þar fjármálastjórnina að umtalsefni. Minnir hann á að forstöðumenn beri ábyrgð á fjárhag stofnana. „Geta veruleg frávik ... varðað hlutaðeigandi stjórnvöld viðurlögum ef áminningar koma fyrir ekki,“ skrifar hann. Og síðan lætur hann þessi athyglisverðu orð falla: „Með fjármálum stofnunarinnar er nú fylgst mjög náið af hálfu þar til bærra ríkisstjórnvalda – og er aldrei að vita nema einhverra tíðinda sé að vænta úr þeirri átt, án þess að neitt verði fullyrt í þeim efnum.“ Hvað skyldi búa hér að baki?

gm@frettabladid.is

## Tólf árum síðar

Í DAG
EVRÓPUMÁLIN OG FRAMSÓKN
BIRGIR GUÐMUNDSSON



Minnisstæður opinber klofningur varð í þingflokki Framsóknarflokksins í janúar árið 1993, þegar greidd voru atkvæði um EES-samninginn. Þáverandi formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson, greiddi atkvæði á móti ásamt nokkrum öðrum þingmönnum, svo sem þeim Páli Péturssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni heitnum. Ekki kemur á óvart að þá var núverandi þingmaður framsóknar, Kristinn H. Gunnarsson, einnig á móti. Hinn hluti þingflokksins, sem segja má að skipi kjarnann í núverandi forustu Framsóknar, fór gegn formanni sínum og sat hjá, en öllum var ljóst að þessi hópur var í hjarta sínu samþykkur gerð samningsins. Þetta var fólk eins og Halldór Ásgrímsson, Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Finnur Ingólfsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Því er þetta rifjað upp nú, rúmum 12 árum síðar, að segja má að í þessari atkvæðagreiðslu hafi kristallast þær markalínur sem enn eru til staðar í Framsóknarflokknum gagnvart Evrópusamstarfi. Þessir þingmenn endurspegluðu hver um sig sjónarmið og viðhorf í baklandi sínu. Þó svo að margir þessara þingmanna séu nú horfnir af þingi lifa viðhorfin enn meðal stuðningsmanna flokksins þó hlutföll hafi vissulega eitthvað breyst síðan 1993. Stóru línurnar eru enn þær sömu. Það má raunar sjá í því að hjásetuhópurinn, sem síðar varð ráðandi forustuafl flokksins, hefur verið mjög jákvæður í garð Evrópusamstarfs. Halldór Ásgrímsson hefur haldið Evrópuumræðunni vakandi, bæði í flokknum og á vettvangi utanríkisráðuneytisins þegar hann var þar. Eðlilega hefur hann hins vegar verið heftur af samstarfi við Davíð Oddsson og Sjálfstæðisflokkinn. Jafnframt hafa framsóknarmenn verið sér meðvitaðir um að skoðanir eru skiptar í eigin röðum, og markalínurnar úr atkvæðagreiðslunni 1993 birtast til dæmis í því að flokksmenn telja að ákveðið jafnvægi felist í því að á meðan Halldór sitji á formannsstóli sé Evrópu-efamaðurinn Guðni Ágústsson í hlutverki varaformanns.

Þessi jafnvægisdans hefur nú verið stiginn um nokkurt árabil og framsóknarmenn hafa farið í gegnum mikla naflaskoðun varðandi framtíð og möguleika EES, en ekki tekið af skarið um hvað beri að gera. Fyrir flokkþinginu sem hefst í dag liggja hins vegar ályktunardrög, sem taka af allan vafa um hvert flokkurinn eigi að stefna – verði þau samþykkt óbreytt. Drögin vilja Framsóknarflokkinn og Íslendinga inn í ESB.

Gamalkunnugt átakaefni ólíkra fylkinga hefur þannig verið virkjað að nýju og talsvert púður mun væntanlega fara í að koma því í slíkan farveg að allir geti vel við unað. Í ljósi nýlegra breytinga á stólaskipan og vegna stjórnarsamstarfsins í heild er þetta kannski ekki þægilegasti tíminn fyrir Halldór Ásgrímsson að fá samþykkta herskáa Evrópustefnu. Auk þess munu einhverjir eflaust telja að tímaramminn í ályktunardrögunum um aðildarumsókn sé óraunhæfur. Í sjálfu sér er áhugavert að þetta mál skuli koma inn á flokksþingið með þessum hætti, en það verður enn áhugaverðara í ljósi þess að tvö önnur af fjórum helstu átakamálum þingsins virðast falla nokkurn veginn á átakaásinn frá 1993, rétt eins og Evrópumálin gera. Þetta eru hugmyndir manna um einkavæðingu Landsvirkjunar og sameiningu orkuframleiðslufyrirtækja annars vegar og svo salan á grunnneti Símans hins vegar. Í öllum aðalatriðum skiptast menn í fylkingar eftir sömu línum í þessum þremur málum; Evrópumálinu, Landsvirkjunarmálinu og Símamálinu. Þegar er ljóst að Guðni Ágústsson og ýmsir sem eru honum pólitískt skyldir hafa tekið mjög djúpt í árinni með einkavæðingu Landsvirkjunar. Þar eru línurnar því nokkuð skýrar. Gagnvart Símanum er það í rauninni Halldór Ásgrímsson sem hefur gefið upp boltann með því að gefa út mjög afgerandi yfirlýsingar um að fyrri ákvarðanir um að grunnetið verði selt muni standa. Um það eru hins vegar miklar efasemdir og áhyggjur, eins og kemur berlega fram í ályktunardrögunum sem liggja fyrir þinginu. Þar kemur grunnnetið við sögu á einum 5-6 ólíkum stöðum og alltaf talað um að tryggja þurfi jafnan aðgang allra landsmanna að því og að samkeppnin þar sé virk. Það er einmitt sú forsenda sem gengið hefur erfiðlega að sýna fram á að sé til staðar, þannig að formaðurinn mun þurfa að sýna Kristni H. Gunnarssyni og öðrum flokksmönnum sínum fram á slíkt með mjög sannfærandi hætti.

Ólíkt því sem virtist fyrir nokkrum dögum kynni því að draga til pólitískra átaka milli fylkinga á flokksþinginu, einkum vegna þess að þar munu koma upp þrjú hitamál sem flokksmenn skiptast í svipaðar fylkingar um. Fjórða málið sem líklegt er til að kynda undir átök er hinar sérkennilegu uppákomur í Kópavogi upp á síðkastið og umræðan almennt um jafnréttismál og þá kannski ekki síst hvort vinnubrögð forustunnar séu í þeim farvegi sem þau eigi að vera. Þau mál hins vegar eru nokkuð annars eðlis en til dæmis Evrópumálin og lúta sínum eigin lögmálum.

En í ljósi þess að eitt vinsælasta orðatiltæki í umræðunni um stjórnmál snýst um að draga fram hve „ein vika sé langur tími í pólitík“, þá er óneitanlega fróðlegt til þess að hugsa hve stuttur tími 12 ár eru þrátt fyrir allt í pólitík – í það minnsta þegar kemur að flokkadráttum í Framsókn um Evrópumál og fleira. ■





Tónleikar á Nasa fös. 25. og lau. 26. febrúar kl.23.00
NOJAZZ ( franskur elektró-jass ) og **JAGÚAR**
Forsala 700.kr Miðaverð 1000 kr.
af.ismennt.is / nasa.is

ICELANDAIR Paris · Alliance Française




**LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

visir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 8.49 | 13.41 | 18.34 |
| AKUREYRI 8.38 | 13.25 | 18.14 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## tilboð o.fl.

Hægindi af ýmsu tagi á útsölu

BLS. 5



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 25. febrúar, 56. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 6

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

vísir



Bergþór Pálsson er góður með kryddstaukana og telur sig þokkalegasta kokk.

# Láttu öðrum líða vel að hætti hefðarmanna

***Bergþór Pálsson óperusöngvari telur sig ekki afburðakokk, en segist hafa tilfinningu fyrir kryddum. Veislur og borðsiðir eru hins vegar áhugamál hjá Bergþóri og í mars verður hann með námskeið um efnið.***

„Mér finnst reyndar oft að ég eldi ágætan mat en ég myndi seint flokka mig sem listakokk,“ segir Bergþór, sem hefur eins og svo margir Íslendingar breytt um matarvenjur á undanförnum árum. „Ég forðast allt sem er hvítt eins og hvítan sykur og hveiti, en fylgi þó ekki of stífum reglum og svindla af og til. Ég er líka algjör nammifíkill þannig að annað hvort verð ég að sleppa namminu alveg eða ég ligg í því. Það leyfi ég mér að gera á stórhátíðum en læt það svo vera á milli.“

Þó að Bergþór sé ekki síeldandi hefur hann mikinn áhuga á veislum og borðsiðum og 4. mars næstkomandi ætlar hann að vera með námskeið í Námsflokkum Hafnarfjarðar um borðsiði.

„Það mun snúast um almenna borðsiði og svo verður heilmikill kafli um umræður við borðhaldið. Hvernig maður nálgast þá sem sitja næst manni og ekki síst hvernig maður fær þá óframfærnu til að taka þátt í samræðunum. Tilgangurinn er nefnilega ekki að maður sjálfur njóti sín sem best og sé fyndnastur og skemmmtilegastur heldur að láta hinum líða vel. Það er heldur ekki nauðsynlegt að kunna stífustu reglur um borðhald í kóngaveislum, en óneitanlega gaman að kunna þær.“

Bergþór segist alltaf hafa verið áhugamaður um veislur enda sungið í þeim mörgum. „Ég spyr þjónana út úr sem hafa þjónað í fínustu veislunum og svo finnst mér forvitnilegt að njósna um hverjir af okkar fyrirmönnum kunna sig og hverjir ekki.“ Bergþór verður dularfullur í framan og vill ekki nefna nein nöfn. „Þeir eru til sem kunna sig afskaplega vel en hinir eru sannarlega til líka,“ segir hann hlæjandi.

Bergþór gefur lesendum uppskrift að hörpudiski sem hann segir einfaldan, en sérlega ljúffengan. Uppskriftin er á síðu 3.

*edda@frettabladid.is*

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*

**Fermingarkjólar** og annar kvenfatnaður af öllum stærðum og gerðum eru á 20% afslætti í tískuversluninni Zikzak.



„Við ákváðum að gefa viðskiptavinunum afslátt af öllum nýju vörunum okkar í tilefni fjögurra ára afmælis verslunarinnar,“ segir Berglind verslunarstjóri. Zikzak er í Hamraborg í Kópavogi, Firði í Hafnarfirði og Brekkuhúsum í Garðabæ. Þar er opið á laugardögum til 16.

**Fatnaður, snyrtivörur** fyrir hár og húð og töskur eru meðal þess sem nú er á rýmingarsölu hjá B. Magnússon að Austurhrauni 3 í Garðabæ. Af fatnaði má nefna boli, nærfatnað, íþróttagalla og úlpur og töskur fást á allt niður í 500 krónur stykkið. B. Magnússon er opið virka daga frá 10 til 18 og á laugardögum frá 11 til 14.

**Brjálað bíótilboð** er nú á veitingastöðum McDonald's. Það gildir frá klukkan 20 til 23 á kvöldin. Tilboðið hljóðar upp á einn McOstborgara og eina miðstærð af McSjeik á aðeins 399 krónur. Miðar þetta að því að fólk geti gripið með sér léttan skyndibita áður en það fer í bíó á kvöldin eða eftir bíósýninguna svo garnirnar gauli ekki alla myndina og spilli ánægjunni fyrir öðrum bíógestum.



**Allar gleraugnaumgjarðir** eru seldar á hálfvirði í gleraugnaversluninni Sjón. Sjón er staðsett á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, Laugavegi 62, verslunarmiðstöðinni Glæsibæ og á Garðatorgi í Garðabæ. Nú er því upplagt fyrir gleraugnanotendur að fríska upp á útlitið og fá sér nýjar umgjarðir á kostakjörum. Útsalan stendur út febrúar.



*tilbod@frettabladid.is*






**Heimabökuð pitsa** Til að ná pitsubotninum góðum í ofninum heima er sniðugt að notast við pitsustein. Steinninn er úr jarðleir og heldur vel hita þannig að botninn bakast mjög vel. Jafnvel er hægt að verða sér úti um stóra og góða gólfflís úr leir, og gæti verið ódýrara en pitsusteininn.





Allt í eldhúsið
Fissler
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440



GEORGE FOREMAN™
heilsu- og sælkeragrill





Smoothies drykkirnir eru:
Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!
100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir
Arka • sími 899-2363



Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| Aðalréttir | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| Eftirréttur | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is



Bestu brauðin
Yfir 30 tegundir af nýbökuðum brauðum á dag, öll sykur og mjólkurlaus, enginn viðbætt fita. Holl og góð brauð

Hjá Jóa Fel • Kleppsvegi 152 s: 588 8998


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Ásta Björk Magnúsdóttir sækir sér oftast hráefni í næsta nágrenni.

# Einfalt er best

***Í veiðihúsinu við Laxá í Leirársveit galdrar Ásta Björk Magnúsdóttir fram dýrindis rétti úr alíslensku hráefni.***

Á dögunum kallaði landbúnaðarráðherra til blaðamannafundar í veiðihúsinu við Laxá í Leirársveit, þar sem Ásta Björk Magnúsdóttir ræður ríkjum. Að beiðni ráðherra snaraði hún fram dýrindis hlaðborði þar sem allt hráefni var íslenskt, en tilefni fundarins var heimasala bænda á afurðum sínum. „Ég legg áherslu á að nota alltaf íslenskt hráefni, ef það er hægt,“ segir Ásta Björk, en í þessu tilfelli var þess krafist. „Hráefnið fæ ég svo héðan og þaðan en reyni að sækja það mest hérna í kring,“ segir Ásta.

Meðal þeirra rétta sem hún bar á borð var grafin lundi með fjallagrösum, sítrónukryddleginn lambavöðvi og rúgbrauð með heimalagaðri lifrarkæfu, en réttirnir voru hver öðrum girnilegri.

Veiðihúsið hjá Ástu er í fullri notkun á sumrin en á veturna leigir hún það út til hópa og er möguleiki á að hún fylgi með sem matreiðslumaður.

„Ég er alltaf að prófa eitthvað nýtt þar sem maður er alltaf að taka á móti fólki, og ég ligg yfir uppskriftum. Ég var til dæmis að grafa gæs þegar mér datt í hug að nota sömu uppskrift á lunda og það heppnaðist bara mjög vel, „ segir Ásta. Hún segist ekkert vera að leggja sig fram við að hafa hlutina flókna, enda þarf það ekki að vera betra. „Yfirleitt er það einfalda best,“ segir Ásta að lokum.

*kristineva@frettabladid.is*



**SKYRTERTA ÁSTU**

1 Pakki af LU kexi (með kanil)
1 lítri af KEA vanilluskyri
1/2 lítri af rjóma, þeyttur
80 g smjör

Mylja kexið og blanda saman við mjúkt smjör og þrýsta í botninn á forminu. Blanda saman skyrinu og rjómanum og sett ofan á botninn. Skreytt að vild.



**HEIMAÞURRKAÐIR TÓMATAR.** Tómatarnir eru þurrkaðir í ofni á lágum hita, en gróðu salti og sykri er stráð yfir áður en þeir eru settir í ofninn.



Grafinn og birkireyktur lax.



Hrátt hangikjöt.



Rúgbrauð með heimalagaðri lifrarkæfu.



Sítrónukryddlegin nautalund.



Grafinn lambavöðvi.



Grafin gæs og lundi með íslenskum fjallagrösum.

## SOLAZ: Eitt besta kassavínið




Osborne er eitt stærsta vínfyrirtæki Spánar og ekki síst þekkt fyrir sérrí sín og brandí auk þess sem vörumerki þess, nautið „El Toro“ er ákaflega þekkt og kannast margir ferðamenn við „Osborne nautin“, risavaxin úr járni sem má sjá meðfram hraðbrautum. Víngerðarkonan Maria Martinez leiðir framleiðslu fyrirtækisins og þekkja flestir Montecillo-vín hennar frá Rioja. Nú er María komin með nýtt vín sem heitir Solaz og er framleitt í hjarta Spánar, í Kastillíu. Vínið er blanda af cabernet sauvignon og hinnu spænsku tempranillo þrúgu. Það er auðdrekkanlegt með miklum ávexti og kryddtónum. Vínið fékk einstaklega góða dóma í Morgunblaðinu fyrir eigi alls löngu og Þorri Hringsson, vínrýnir Gestgjafans, taldi þetta eitt albesta kassavínið í úttekt sem hann gerði á kassavínum sl. sumar.

*Kynningarverð á íberískum dögum, 3 lítra kassi á 3.390 kr.*



# Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR FLJÓTLEGA RÉTTI Á FÖSTUDEGI.

## Súrsætt svínakjöt á steiktu káli

Hér er réttur sem er fyrir þá sem vilja prófa eitthvað sem er bæði auðvelt og öðruvísi. Djúpsteikt hvítkál kemur á óvart. Það er mjög bragðgott, stökkt og skemmtilegt undir tönn. Algert sælgæti.

- 400 g svínahnakki (skorinn í strimla)
- 4 msk. ólífuolía
- 4 msk. sojasósa
- 2 msk. hunang (glært)
- safi af 1 lime
- Sletta af tabasco-sósu
- sesamfræ
- olía til djúpsteikingar
- haus af hvítkáli (skorið í þunna strimla)



Saltið og piprið kjötstrimlana og steikið þá í ólífuolíu á háum hita í 2-3 mínútur. Bætið þá sojasósu, hunangi, lime-safa og tabasco-sósu við og steikið áfram í 2-3 mínútur. Endið á því að sáldra sesamfræjum yfir. Hitið um 1,5 cm lag af djúpsteikingarolíu í pönnu með þykkum botni. Skerið kálið í strimla, þerrið og setjið það svo varlega út í olíuna (hæfilegt magn í einu). Steikið í nokkrar sekúndur eða þangað til olían er mikið til hætt að freyða. Veiðið þá kálið upp úr olíunni og látið þerrast á eldhúsbréfi. Passið að þerra vel og saltið kálið því næst dálítið. Berið kjötið fram á beði af káli. Sáldrið chilli og kóríander yfir eftir smekk.

UPPSKRIFT

## HÖRPUDISKUR AÐ HÆTTI BERGÞÓRS

200 g hörpudiskur

**Karríolía:**

- 2 msk. karrí
- 2 msk. vatn
- 1 dl ólífuolía

Hrært saman og látið standa yfir nótt. Þá er olíunni fleytt ofan af og sigtað. Sjóðið 1dl puy-linsubaunir í léttsöltu vatni.

**Grænmeti:**

- 1/2 gul paprika
- 1/2 rauð paprika
- 1 stilkur sellerí
- 1/4 sjalottlaukur
- 3 stilkar vorlaukur
- 1/4 púrrulaukur
- 2 hvítlauksgeirar

Öllu blandað saman á pönnu og kraumað í nokkrar mínútur í olíu.

**Sósa:**

- 1 dl kjötsoð
- 2 dl rjómi
- 1 tsk Nomu-krydd (fæst í Lavita)
- salt og pipar

Öllu blandað saman, soðið í fimm mínútur og þykkt dálítið með maizenamjöli. Hörpudiskurinn saltaður, pipraður og svissaður á heitri riffluðri pönnu í tvær mínútur hvorum megin. Hörpudiski, karríolíu og linsubaunum blandað saman við grænmetið. Skreytt með graslauk.

## LAGUNILLA: Á kynningarverði



Í tilefni af íberískum dögum í Vínbúðum er hið vinsæla vín Lagunilla Gran Reserva á kynningarverði. Vínið var fyrir lækkunina eitt ódýrasta Gran Reserva vínið á markaðnum og verður það því að teljast einstaklega góð kaup á kynningarverðinu.

Lagunilla Gran Reserva er rauðbrúnt með eikarangan, rommrúsínum, kaffi og suðusúkkulaði. Vín sem samsvarar sér vel í alla staði og myndi henta sérlega vel með stórsteikunum hvort heldur sem er lambi eða nauti, villibráð og villibráðapate.

*Kynningarverð á íberískum dögum er 1.590 kr.*

## Smákökur, jarðarber og rjómi

HINN HEIMSÞEKKTI HÄAGEN-DAZS ÍS ER NÚ FÁANLEGUR Á ÍSLANDI.



Ísglaðir Íslendingar eru kátir þessa dagana þar sem hinn heimsfrægi Häagen-Dazs ís er nú fáanlegur hérlendis. Ísinn er upprunninn í Bandaríkjum á þriðja áratug síðustu aldar og var Häagen-Dazs skráð sem vörumerki í New York árið 1961.

Alþjóðleg dreifing hófst á ísnum 1982 og má segja að sigurför hans um heiminn hafi verið óslitin æ síðan.

Ísinn verður seldur hér á landi í hálfs lítra umbúðum og fæst með fimm bragðtegundum: „Vanilla", „Strawberries & Cream", „Baileys", „Macadamia Nut Brittle" og „Cookies & Cream". Það er Emmess ís sem flytur Häagen-Dazs ísinn til landsins.

## FONSECA: Bin 27 portvínið komið aftur



Fonseca Bin 27 fæst nú í 375 ml flöskum sem henta vel fyrir matarboðið eða fyrir einn eða tvo með góðum ostum. Þetta ruby-portvín átti miklum vinsældum að fagna hér áður en einhvernveginn virtust 750 ml flöskurnar vera of stórar fyrir þá sem njóta portvíns sjaldan. Þetta hefur breyst með tilkomu 375 ml flasknanna. Þrátt fyrir að hafa langan lífitíma þá er vínið alltaf best fyrstu vikurnar eftir opnun. Fonseca er portvín með mikla fyllingu í bragði og greina má sólber og kirsuber. Fonseca Bin 27 var fyrst blandað fyrir rúmri öld og þá eingöngu fyrir fjölskylduna sjálfa til neyslu. Það hefur viðhaldið sínum einstaka stíl og háum gæðum þó að það sé framleitt í miklu magni frá vínekrum Fonseca Guimaraens, sem eru ofarlega í Douro dalnum. Vínið er látið eldast í stórum eikartunnum í fjögur ár.

*Fæst í Heiðrúnu og Kringlunni og er á kynningarverði, 1.490 kr.*

## Salvía



### *Af gefnu tilfefni:*

*Vegna fréttar í Morgunblaðinu 16. febrúar 2004 um að Salvía divinourum gæti hugsanlega valdið ákveðinni vímu hjá fólki, vill fyrirtækið Pottagaldrar ehf benda á að salvían sem fyrirtækið notar, kemur af ættinni Salvia Triloba Linnaeus. Salvían frá Pottagöldrum ehf er seld ein og sér svo og kemur hún fyrir í kryddblöndum án salts og pipars með grænu miðunum s.s. í Lamb Islandia og Kalkúnakryddinu, enda ómissandi í kalkúnafyllingar og dýrleg með íslensku lambakjöti. Hún er hreinsuð á náttúrulegan hátt með svokallaðri Prima Pura meðferð, eða þrýstigufumeðferð, sem varðveitir alla eiginleika kryddjurta; lækningamátt og bragðgæði.*

***Með kveðju,***
*Sigfríð Þórisdóttir*
*framkvæmdastjóri Pottagaldra ehf.*

## Sparipopp

Óskarsverðlaunin verða afhent aðfaranótt mánudags og eflaust leggja margir það á sig að vaka eftir þeim. Venjulegt popp er alls ekki nógu sparilegt við svo hátíðlegar aðstæður heldur þarf einstakt popp til að kvöldið verði eftirminnilegt.

**SÚKKULAÐIPOPP**

- 1/2 bolli sykur
- 1/2 bolli síróp
- 200 gr. smjör
- 2 matskeiðar kakó
- 1/2 teskeið salt
- 8 bollar poppað popp

Blandið sykri, sírópi, smjöri, kakói og salti saman í pott og hitið við meðalhita þar til blandan sýður. Blandið poppkorninu saman við og hrærið í tvær mínútur. Kælið blönduna og hnoðið kúlur.




Metsölubók dr. Gillian McKeith

YOU ARE WHAT YOU EAT




hefur breytt lífi margra til hins betra. Hún er byggð upp að hluta til af samnefndum sjónvarpsþáttum sem nú eru sýndir á miðvikudögum á Stöð 2

20%
afsláttur í eftirfarandi verslunum

blómaval HAGKAUP Skemmtilegast að versla heilsuhúsið maður lifandi FK FJARÐARKAUP Heilsuhornið



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
NINGS



Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti í Drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Hrísgrjón og soya sósa

á mann kr.1245 fyrir tvo kr.2490
Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

Vinsælt tilboð

Ef þú hringir og sækir fylgir 2l. Coke með tilboðinu

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12
Pöntunarsími 588 9899

# allt tilboð o.fl.

Þrjár vörutegundir tróna á toppnum þessa viku. Móa kjúklingavængir í Krónunni, úrbeinaðar svínahnakkasneiðar í Nóatúni og Myllu sjónvarpskaka í Nettó. Allt lækkar um 55% frá fullu verði.

**55%**

**FJARÐARKAUP** – Tilboðin gilda til 26. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalamb holusteik | 1.075 | 1.398 | 1.075 | 25 |
| Kjarnafæði Pesto ofnsteik | 1.132 | 1.509 | 1.132 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Findus Oxpytt 550 g | 320 | 398 | 582 | 20 |
| Findus Chicken sweet & sour 700 g | 391 | 449 | 559 | 15 |
| Findus pasta classico 700 g | 455 | 589 | 650 | 25 |
| Findus Chicken Curry 700 g ferskur | 391 | 449 | 559 | 15 |
| Matfugl kjúklingalæri m. legg | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Matfugl kjúklingur 1/1 ferskur | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Matfugl kjúklingabringur ferskar | 1.462 | 2.248 | 1.462 | 35 |
| Kartöflur rauðar 5 kg | 339 | Nýtt | 68 | |

**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 27. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus brauð 1 kg | 69 | 129 | 69 | 45 |
| Bónus eplasafi 1 l | 59 | 79 | 59 | 25 |
| Bónus smyrill 400 g | 99 | 119 | 247 | 15 |
| Pekingönd frosin | 999 | 1.298 | 999 | 25 |
| KF lambalærisneiðar frosnar | 899 | 998 | 899 | 10 |
| KF lambahryggur í sneiðum frosinn | 899 | 998 | 899 | 10 |
| Gæðagrís bajonskinka | 779 | 1.169 | 779 | 35 |
| Ferskur úrb. svínahnakki í rúllu | 779 | Nýtt | 779 | |
| Ferskir kjúklingabitar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Thule léttbjór 500 ml | 45 | 49 | 90 | 10 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 1. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjörfiskur ýsubitar roð- og beinlausir | 399 | 697 | 399 | 45 |
| Móa kjúklingavængir magnkaup | 135 | 299 | 135 | 55 |
| Móa kjúklingaleggir/læri magnkaup | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Bautabúrs grísakótilettur | 749 | 1.338 | 749 | 45 |
| Goða kindabjúgu 2 fyrir 1 | 349 | 398 | 349 | 10 |
| Egg Nesbú meðalstór 10 stk. pakkning | 199 | 249 | 199 | 20 |
| Epli rauð | 99 | 138 | 99 | 30 |
| Merrild Café Noir 500 g | 299 | 389 | 598 | 25 |
| Merrild kaffi 103 500 g | 299 | 339 | 598 | 10 |
| Sængurverasett | 998 | nýtt | 998 | |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 2. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúns nautastrimlar | 1.329 | 1.898 | 1.329 | 30 |
| Svínahnakki úrbeinaðar sneiðar | 599 | 1.398 | 599 | 55 |
| Nóatúns blandað nauta- og svínahakk | 559 | 798 | 559 | 30 |
| Goða baconhleifur | 518 | 740 | 518 | 30 |
| Tilda Basmati hrísgrjón suðupokar 500 g | 169 | 195 | 338 | 15 |
| Bautabúrs skinka 2 fyrir 1 | 358 | 398 | 358 | 10 |
| Tómatabrauð | 189 | 299 | 189 | 35 |
| Paprika rauð | 299 | 369 | 299 | 20 |
| Finish uppþvottavéladuft | 269 | 359 | 269 | 25 |
| Palmolive handsápa m. dælu 300 ml | 159 | 229 | 530 | 30 |

**SPAR** Bæjarlind – Tilboðin gilda til 1. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borgarnes beikon 120 g í boxi | 185 | 231 | 1.542 | 20 |
| Borgarnes hangiálegg 150 g í boxi | 333 | 416 | 2.220 | 20 |
| Borgarnes pepperonibitar 120 g í boxi | 185 | 231 | 1.542 | 20 |
| Borgarnes skinka 165 g í boxi | 192 | 239 | 1.164 | 20 |
| Borgarnes skinkubitar 120 g í boxi | 185 | 231 | 1.542 | 20 |
| Borgarnes skólaskinka 165 g í boxi | 141 | 176 | 855 | 20 |
| Grísahryggur nýr | 698 | 998 | 698 | 30 |
| Grísakótilettur nýjar, úr kjötborði | 698 | 998 | 698 | 30 |
| Grísakótilettur, léttreyktar | 698 | 998 | 698 | 30 |
| 100% appelsínusafi 1 l Jon Juan | 148 | 248 | 148 | 40 |

**nettó** – Tilboðin gilda til 27. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nettó lambaofnsteik | 809 | 1.349 | 809 | 40 |
| Gourmet lamba ribeye | 2.274 | 3.248 | 2.274 | 30 |
| Gourmet meyrnuð filesteik | 2.127 | 3.039 | 399 | 30 |
| Bautabúrs rauðv.svínakótelettur | 972 | 1.495 | 972 | 35 |
| Matf.kjúklingur ferskur | 359 | 598 | 598 | 40 |
| Náttúra maískorn 432 g | 39 | 69 | 77 | 45 |
| Epli rauð | 79 | 136 | 79 | 40 |
| Weetos heilhv.hringir 375 g | 199 | 298 | 884 | 35 |
| Myllu sjónvarpskaka 430 g | 199 | 425 | 463 | 55 |

**HAGKAUP** – Tilboðin gilda til 27. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjötb. nautalundir | 2.984 | 3.979 | 2.984 | 25 |
| Ungnautahakk | 699 | 1.149 | 699 | 40 |
| Bayonneskinka | 779 | 1.298 | 779 | 40 |
| Holta kjúklingalæri fersk | 349 | 498 | 349 | 30 |
| Holta kjúklingaleggir | 349 | 699 | 349 | 30 |
| Holta kjúklingalæri | 349 | 699 | 349 | 30 |
| Chicago pizzur Mexican 250 g | 299 | 399 | 1.196 | 25 |
| Sprite Zero 2 l | 149 | 223 | 75 | 35 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 2. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri | 798 | 1.048 | 798 | 25 |
| Lambahryggur | 849 | 1.148 | 849 | 25 |
| Súpukjöt | 398 | 649 | 398 | 40 |
| Hatting hvítlauksbrauð 2 stk. 350 g | 189 | 269 | 529 | 30 |
| Farm Frites franskar kartöflur 750 g | 169 | 267 | 219 | 35 |
| Tilda Basmati hrísgrjón 500 g | 198 | 238 | 396 | 15 |
| Tilda sósur 350 g 6 teg. | 269 | 315 | 753 | 15 |
| Merrild 103 500 g | 329 | 369 | 658 | 10 |

# Glæsilegir skór fyrir öll tilefni

***Skór.is með útsölumarkað í Glæsibæ.***

Í Glæsibæ hafa skór.is opnað útsölumarkað með gríðarlegu úrvali af herra-, dömu- og barnaskóm. Þar er hægt að gera sérlega góð kaup því skór af öllum tegundum og gerðum fást frá 995 krónum. Þá er mikið úrval af töskum á útsölumarkaðnum og allar á einu verði, eða 995 krónur. Markaðurinn er opinn alla virka daga svo og laugardaga frá 10 til 18 og sunnudaga frá 13 til 17.



**Hjá skór.is er nú hægt að gera góð kaup, því árlegur útsölumarkaður hefur verið opnaður í Glæsibæ.**

# Skrifstofuhúsgögn á tilboði

***InnX stækkar og býður vörur á tilboðsverði.***

Þeir sem ætla að endurnýja á skrifstofunni hjá sér ættu að líta inn hjá InnX, því þar standa nú yfir tilboðsdagar á skrifstofuhúsgögnum. Þeir hjá InnX bjóða upp á stóla í miklu úrvali svo og skrifborð og skilrúm frá danska fyrirtækinu Dencon. Vegna breytinga og stækkunar hjá versluninni eru eldhúsinnréttingar og eldhússtólar einnig á tilboði. Verðlækkunin er allt að 25% og tilboðin gilda út mars. ■



**Skrifstofuhúsgögn frá Dencon fást á tilboðsverði í InnX.**


















# Yfirhafnir á hálfvirði

***Topphúsið býður úlpur, kápur, húfur og hatta á góðum kjörum.***

Vattúlpur og ullarkápur eru seldar á helmingsafslætti nú um helgina í Topphúsinu í Mörkinni 6. Ullarkápurnar eru í klassískum litum svo sem gráum, svörtum, brúnum og kamel og úlpurnar fást líka í ýmsum litum. Húfur og hattar eru líka á tilboði í Topphúsinu, til dæmis alpahúfur sem eru vinsælar hjá skvísum á öllum aldri. ■

## Tilboð á útivistarvörum

FLEIRI TILBOÐ Á HESTAROGMENN.IS



Hestamannaverslunin Hestar & menn býður upp á tilboð þessa dagana fyrir hestamenn og annað útivistarfólk. Þar er hægt að fjárfesta í vönduðum kuldagöllum frá Top Reiter á 15.900 krónur en þeir voru áður á 19.900. Einnig bjóða þeir upp á flíshanska á góðu verði frá 195 krónum. Enn fremur er tilboðsverð á Saga Collection skóbuxum með rennilás. Barnastærðirnar eru á 6.900 krónur en fullorðinsstærðirnar eru á 7.900 krónur.
Opið er alla helgina í Hestar & menn en verslunin er á Lynghálsi 4 í Reykjavík og fleiri tilboð er hægt að finna á vefsíðunni hestarogmenn.is. ■

## Raftæki á tilboði

Í RADÍÓBÆ ER HÆGT AÐ FÁ SJÓNVARP OG SPILARA Á TILBOÐI.



Í Radíóbæ er nú hægt að fjárfesta í ýmsum rafmagnstækjum á tilboði. Til dæmis er Elfunk 28 tommu sjónvarp nú á 24.995 krónur en var áður á 29.995 krónur. Litli bróðir 28 tommunnar, 20 tommu Elfunk sjónvarp, er á 15.995 krónur. Síðan er það Elfunk 2201 22 tommu LCD sjónvarp á 89.995 krónur en það var áður á 149.995 krónur.



DVD-spilarar eru líka á tilboði en hægt er að fá Scott DSX-550 spilara á 4.995 krónur sem var áður á 7.995 krónur og Scott DVXi820 spilara á 9.995 krónur sem var áður á 12.995. Fyrir þá sem vantar ferðatæki er hægt að fá AIWA CSD-FD99 tæki með geislaspilara, útvarpi, segulbandi og fjarstýringu á 11.995 krónur en það var áður á 18.995 krónur. Radíóbær er í Ármúla 38 og með heimasíðuna radio.is.



## Sterkir sturtuklefar

VERSLUNIN TENGI ER MEÐ TILBOÐ ÞESSA DAGANA.

Verslunin Tengi á Smiðjuvegi 11 í Kópavogi býður nú Ifö Samba sturtuklefa á sérstöku tilboðsverði. Um er að ræða Samba sturtubotn og bogahurð, 80x80, úr hertu öryggisgleri á 34.900 krónur. Ifö-sturtuklefarnir eru sænskir og fáanlegir í mörgum stærðum og gerðum. Klefarnir eru sterkir og auðvelt er að þrífa þá.
Nánari upplýsingar um Ifö-sturtuklefana er að finna á heimasíðunni tengi.is en verslunin er með opið alla virka daga og laugardaga. ■

# Hægindi af ýmsum gerðum

***Útsala er í Setti, Hlíðarsmára.***



Útsala er í húsgagnaversluninni Sett í Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Þar eru hægindi af ýmsum gerðum og með áklæði úr ýmsum efnum á allt að 30% afslætti. Þegar talað er um hægindi er átt við þriggja og tveggja sæta sófa, hornsófa, nuddstóla, hægindastóla og sófasett. Einnig er mögulegt fyrir viðskiptavini að panta úr bæklingum hjá fyrirtækinu og tryggja sér vöruna á útsöluverði. Opið er í Setti virka daga kl. 14-18, laugardaga kl. 11-16 og sunnudaga kl. 13-16. ■

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu
Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900
Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900.- tilboðsverð kr 54.900.-
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR



metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys
Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metays er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.
metasys®
Línurnar í lag með Metasys
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020
Fyrir konur og karla





brilliant brunette
Vertu eftirminnileg, vertu geislandi, vertu kynþokkafull
brilliant brunette



Sölustaðir: Hagkaup og öll helstu apótek landsins.







Silfurskartgripir - Bjartir og fallegir
Lokkar
Men
Hringar
FRÁ
LUMANI
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI





ÚTSALA
AG MOTOR SPORT
Allt á útsölu
Allt að 90% afsláttur
Kraftsíur, kraftpúst
Felgur, dekk
Lexusljós, Angel-eyes
Neonljós, LED perur
AG mótorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu



Lífrænt ræktað og spírað, mjög ensímríkt. Inniheldur flest nauðsynleg vítamín, steinefni, andoxunarefni, prótein og heilandi jurtir
Fæst í apótekum og heilsubúðum



Rapid white
Hvítari tennur
Virkar strax
Fæst í apótekum
Hagkaupum
B. Magnússon
www.bmagnusson.is
Meðmæli tannlækna

[ FERMINGAR ]

# Í FULLORÐINNA MANNA TÖLU



... með allt fyrir

# fermingarnar

Gjafirnar, fötin, veislan, skreytingarnar, hárgreiðslan og allt hitt fyrir ferminguna.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200


1


2


3

# Fötin fyrir ferminguna

***Undirbúningur fermingar stendur nú sem hæst á mörgum heimilum. Eitt af því sem tilheyrir er að kaupa föt fyrir stóra daginn. Fermingarbörnin Bjarki Þór Haraldsson og Hildur Hjörvar fóru í búðir og mátuðu fermingarföt.***

Nú nálgast fermingartímabilið óðum, foreldrar eru farnir að huga að undirbúningi stóra dagsins í lífi barnsins og fermingarbörnin sjálf farin að hlakka til vígslunnar, veislunnar og pakkanna. Stór þáttur í undirbúningi fermingar er að finna föt á fermingarbarnið. Það er misjafnt hversu sterkar skoðanir krakkar á þessum aldri hafa á klæðnaði yfir höfuð, sum vilja heldur falla í hópinn en önnur vilja stinga í stúf. Þarfir mannanna eru jú misjafnar og fermingarbörn eru þar engin undantekning. Nokkrar búðir bjóða upp á fatnað sem höfðar til breiðs hóps fermingarbarna en margir krakkar finna sér ekkert við sitt hæfi og sumir láta sérsauma á sig fermingardressið. Það getur verið þolinmæðisvinna bæði fyrir krakkana og foreldrana að finna réttu fötin fyrir ferminguna en úrvalið er fjölbreytt og litríkt svo það er nauðsynlegt að gefa sér tíma í að leita og máta. Fermingin er gleðidagur fjölskyldunnar, fermingarbarnið er miðpunktur athyglinnar og því þarf að líða vel innst sem yst svo dagurinn verði eftirminnilegur um aldur og ævi.


4


5


6


7


8

### *Gallerí Sautján*

*Mynd 1*
Jakkaföt kr. 15.900
Skyrta kr. 3.990
Bindi kr. 2.990
Skór kr. 6.990

*Mynd 4*
Jakki kr. 8.990
Buxur kr. 6.990
Bolur kr. 2.990
Belti kr. 1.990
Hálsmen kr. 1.990
Kápa kr. 12.990

### *Spútník*

*Mynd 7*
Vesti kr. 1.900
Skyrta kr. 2.100
Buxur kr. 3.900
Stígvél kr. 8.900

*Mynd 2*
Kjóll kr. 4.500
Belti kr. 1.500
Skór kr. 2.900

### *Topshop*

*Mynd 3*
Jakki kr. 11.990
Buxur kr. 5.990
Skyrta kr. 2.990
Bindi kr. 1.690

*Mynd 6*
Kjóll kr. 3.990
Peysa kr. 4.490
Skór kr. 5.990
Hálsmen kr. 990

### *Zara*

*Mynd 5*
Jakkaföt kr. 15.995
Skyrta kr. 3.995
Bindi kr. 2.295
Skór kr. 4.795

*Mynd 8*
Jakki kr. 7.795
Bolur kr. 995
Pils kr. 1.995
Skór kr. 5.795

# Fermingatilboð

## Eitt mesta úrval landsinns

**Stór helgi • Opið Laugardag 26. feb. og Sunnudag 27. feb. frá kl. 11 til 17**

**Heilsukoddar**
**Náttborð**
**Gaflar**
**Pífur**
**Rúmteppi**
**Púðar**
**Dýnuhlífar**
**Lök**
**Sængurver**



**NeverTurn svæðaskipt heiludýna**



**30% afsl.**



**Einstaklingsrúm í ýmsum stærðum Verð frá kr. 25.900,-**





**40% afsl.**

**Hjónarúm í ýmsum stærðum 160x200 Verð frá kr. 49.900,-**

Rúm Gott

**Tvíbreitt rafmagnsrúm**
**Möguleiki á 5 svæða bylgjunuddi**

INTERNATIONAL SLEEP PRODUCTS ASSOSIATION MEMBER MANUFACTURER

**Verslunin RúmGott Smiðjuvegi 2 Kópavogi • Sími 544 2121**
**Opið virka daga frá kl. 10 til 18 - Laugardaga 11 til 17**

íslensk hágæða framleiðsla ez sleep mattresses íslensk hágæða framleiðsla

# Fermingin skipulögð á netinu

*Vefsíðan fermingar.is hefur allt til alls til að skipuleggja ferminguna.*



Þar er hægt að leita sér upplýsinga um hinar ýmsu veisluþjónustur, kíkja á ljósmyndara og gjafavörur sem gætu komið sér vel í fermingarpakkann.

Einnig getur fermingarbarnið gert óskalistann á vefsíðunni og þannig hafa allir ættingjarnir aðgang að honum. Það auðveldar því bæði fermingarbarninu og boðsgestum mikla fyrirhöfn. Síðan er hægt að leita sér upplýsinga bæði um borgaralega fermingu og kirkjulega fermingu og kanna markaðinn af blómasölum og hreingerningarþjónustu. Öll skipulagning stóra dagsins getur því nánast farið fram í gegnum netið.












Kaffihlaðborðið er alltaf vinsælt í fermingarveislum. Hér sést Jón Árelíusson kökumeistari með flotta kransaköku og marsipantertu.

# Engin „trend“ ríkjandi þegar kemur að veitingunum

*Gamaldags matar- og kaffihlaðborð halda velli í fermingarveislum þessa árs, með örlitlum breytingum þó. Kransakakan er á leið út – marsípantertan inn.*

Fermingarveislur á Íslandi hafa ekki tekið miklum breytingum frá því seint á sjötta áratugnum, þegar allri áfengisneyslu var hætt í slíkum veislum. Veislurnar hafa síðan ýmist verið í formi matar- eða kaffihlaðborða og veitingarnar sjálfar ekki breyst að ráði. Ingibjörg Pétursdóttir, eigandi veisluþjónustunnar Mensu, segir að helsta breytingin þar á bæ sé að kalkúnninn sé nú langvinsælastur. „Það er allur gangur á því hvað fólk pantar, en mér virðist að fleiri séu með mat en kaffi og fæstir með pinnamat. Kalkúninn berum við fram kaldan en hann er tekinn í sundur, fylltur og settur saman aftur, og með honum er borið fram heitt kartöflugratín. Fólk vill gjarnan vera með eitthvað sem allir hafa smekk fyrir, bæði börn og fullorðnir. Í forrétt er reyktur lax með spínatjafningi vinsælastur og í eftirrétt sýnist mér að súkkulaðikaka með þeyttum rjóma sé algengust.“ Ingibjörg segir hádegisverðarboð algengari en áður en sömu veitingar, bara örlítið léttari. „Þá eru fleiri bökur og soðni heili „sixties“-laxinn er alltaf mjög vinsæll.“



Ingibjörg Pétursdóttir segir fók vilja vera með eitthvað sem bæði börnum og fullorðnum þykir gott.

Valdimar Steinsson, eigandi veisluþjónustunnar Gafl-inn, segir skiptast í tvö horn hjá sér. „Það er annars vegar hefðbundið sex rétta matarhlaðborð, þrír fiskréttir og þrír kjötréttir með salötum, eða kaffihlaðborð. Mér finnst að kaffihlaðborðin séu vinsælli í ár en verið hefur. Þá erum við að tala um snittur, brauðtertur, tertur og flatkökur. Þetta hefur verið mjög svipað í gegnum árin, það eru kannski ákveðnar tertur vinsælli en aðrar en í heildina er þetta mjög svipað. Kransakakan er þó að víkja fyrir marsipantertunni.“

Valdimar segist ekki verða var við að fók vilji hollustuveitingar í fermingarveislurnar. „Það er enginn að hugsa um það á þessum degi,“ segir Valdimar.

Linda Magnúsdóttir, yfirmaður veisluþjónustu Jóa Fel, segir að þar sé ítalskt pinnahlaðborð vinsælast. „Það eru heitir og kaldir léttir réttir, ostasalöt, brauð og brauðterta, og svo eru auðvitað kökuhlaðborðin sívinsæl, en þar erum við líka með ítölsku snitturnar. Aðallega finnst mér þó að fók vilji hafa þetta einfalt og gott og ekki of mikla fyrirhöfn.“



Rjómaterta með fjölda berjategunda er algert sælgæti.



Heilsoðinn lax í „sixties“-stíl er sívinsæll í fermingarveislum.

## Fjöldasöngur og dans í veislunni

*Fermingar þurfa ekki að vera stíf spjallboð stórfjölskyldunnar.*

Fermingar geta verið ofboðslega skemmtilegar. Við mælum með að nánustu ættingjar fermingarbarnsins taki sig til og skipuleggi nokkra leiki.

Það er alltaf gaman að syngja saman. Sniðugt er að búa til litla söngbók með vinsælum íslenskum lögum og dreifa til allra gesta. Síðan er tekinn hópsöngur á milli marsipantertusneiða og kransakökuhringja. Voða stuð.

Síðan er það blessaður dansinn sem aldrei klikkar. Fugladansinn eða Kongadans er tilvalinn til að halda uppi stuði og fá sem flesta með í sprellið.

Myndasýning klikkar ekki. Foreldrar fermingarbarnsins ættu að taka sig til nokkrum dögum fyrir fermingu og safna saman haug af gömlum myndum af fermingarbarninu. Skannið inn myndirnar, setjið í Power Point-skjal, fáið lánaðan myndvarpa og varpið myndunum upp í stærstu stærð á vegginn. Frábær skemmtun fyrir alla – meira að segja fermingarbarnið.



# Bleik og flott veisla

*María Rut Róbertsdóttir finnst fermingin spennandi.*

„Ég ákvað strax að fermast og fór að spá í þetta fyrir þremur árum þegar frænka mín fermdist,“ segir María Rut Róbertsdóttir aðspurð hvort hún hafi velt því fyrir sér hvort hún ætti að fermast eða ekki. Hún mun fermast í Grafarvogskirkju þann 17. apríl og undirbúningurinn hófst fyrir jól.

„Ég veit ekki alveg af hverju ég er að fermast,“ segir María Rut en telur upp tvo af sínum jafnöldrum sem fermast ekki sökum þess að þeir eru annarrar trúar eða trúa ekki. „En ég er trúuð,“ segir María Rut.

Hún segist alls ekki upplifa þetta sem einhverja fullorðinsvígslu en telur það þó vera mjög merkilegt að fermast. „Mér finnst þetta allt saman mjög spennandi,“ segir María Rut.

„Ég hef mikið hugsað um veisluna og hún á að vera bleik og flott,“ segir María Rut ákveðin og segist hún spjalla um servíettur og kerti við vinkonur sínar. Fermingarfræðsluna sjálfa ræðir hún lítið og val hennar á ritningarorðunum sem hún mun fara með: „Sælir eru hjartahreinir því þeir munu guð sjá. Mér finnst það svo fallegt,“ segir María Rut að lokum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

María Rut spjallar við vinkonur sínar um servíettur, kerti og fleira tengt veislunni.

# Aðstoða við undirbúning fyrir stóra daginn

***Fyrirtækið Amuzo sérhæfir sig í stórviðburðum.***



Fyrirtækið Amuzo sérhæfir sig í að halda utan um undirbúning og skipulagningu á ýmiss konar stórviðburðum í lífi fólks – þar með talið fermingu. Amuzo finnur til dæmis hentuga staðsetningu, hárgreiðslu, veitingar, föt, söngvara og margt fleira. Margir gleyma sér í stressi við undirbúning á fermingunni en Amuzo sér til þess að fermingarbörnin og þeirra nánustu geti notið þessa tíma. Hægt er að hafa samband við fyrirtækið í gegnum tölvupóstinn amuzo@amuzo.net eða í síma 868 7866. Einnig er hægt að kíkja inn á heimasíðuna amuzo.net.

## Ráð



Óhjákvæmilegt er að afgangar verði af hinu og þessu þegar búið er að halda stórar veislur. Þá reynir á útsjónarsemina og hagsýnina! Þeyttur rjómi er eitt af því sem oft stendur eftir í skálum hér og þar. Þótt hann sé ekki það kræsilegasta að kvöldi veisludags er óþarfi að fleygja honum. Frystið hann frekar í ísteningamóti. Þá eigið þið alltaf tiltækan rjóma í sósurnar.

Ef of mikið hefur verið keypt af kaffidufti er gott ráð að skella því í frystinn. Þá heldur það mun betur bragðinu en í eldhússkápnum.

Til að fá stökka og fallega skorpu á brauðin er gott ráð að skvetta 1/2 bolla af vatni inn í hliðar ofnsins rétt áður en brauðin eru fullbökuð.

# Fermingarsálmur

*Svona fermdust íslensk börn á áttunda áratugnum.*

*Sturla er loksins fermdur dýrum varningi*
*kalda borðið stendur, lokið barningi*
*pabba og mömmu, afa og ömmusystranna*
*sem lánuðu þeim fínu blúndudúkana*
*úr Húsmæðra*

*Vasatölva og prímus, sjálftrekkt ómega*
*ritsafn Einars Kvaran, upplýst jarðkúla*
*heillaskeytin streyma heillakarlsins til*
*elsku Sturla sértu velkominn*
*í tölu kristinna...*


Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir ferminguna

Komdu við og bakarameistarar okkar leggja á ráðin með þér



BAKARÍIÐ AUSTURVER

Háaleitisbraut 68 Sími 568 1120
Rangársel 6 Sími 587 1120

- Bakstur er okkar fag -

# VAXTALAU

## ACE SE



VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
9.995

### GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**533MHz DDR2**
Það nýjasta í dag er DDR2, ný vinnsluminni sem eru 30% hraðvirkari en eldri DDR minni

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár, 450:1 í skerpustig og 16ms hraði fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**16xDVD +/- SKRIFARI**
16+/- Skrifari sem er einnig vandaður geislaskrifari og DVD drif, hugbúnaður fylgir

**256MB GEFORCE 6**
GeForce6 skjákort með CineFX 3.0, ótrúleg grafík í leiki og enn meiri hraði með PCI-Express

**7.1 HÁTALARAKERFI**
Mjög öflugt T7700 hátalarakerfi frá Creative með 7 hátölurum og stóru bassaboxi

**SPECIAL EDITION**
Ace SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og gel músarmottu

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 3.4GHz Intel P4 550 Prescott<br>Með 1MB flýtiminni og 800FSB+HT |
| Vinnsluminni | 512MB Corsair DDR2 533<br>533MHz minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 200GB Serial ATA150 - 8MB<br>WD 7200RPM SE með 8MB buffer |
| Skjákort | 256MB DDR GeForce NX6600<br>PCI-Express,500MHz minni, TV-út |
| Skjár | 17" LCD Acer (1711s)<br>Skarpur og skýr, silfurlitur |
| DVDskrifari | 16xDVD+/- /DL skrifari<br>Les og skrifar DVD og CD diska |
| Hljóðkort | Dolby Digital 7.1 hljóð<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 7.1 Creative hátalarakerfi<br>7 hátalarar og risa bassabox |
| Netkort | 10/100/1000 netkort<br>Innbyggt Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | Windows XP Home<br>Á íslensku eða ensku, þitt er valið |

1 APRÍL
FYRSTA GREIDSLA AF VAXTALAUSUM TÖLVUTILBOÐUM

## VERÐ 179.900

www.tolvulistinn.is

### ACE K7 AMD 2200+



VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
3.883

ACE

2200+ Amd Sempron örgjörvi • 256MB DDR333 minni
80GB SE harðdiskur með 8MB buffer • 17" Hágæða skjár
64MB S3 Unichrome skjákort • 16xDVD drif/52x skrifari
Dolby Digital 5.1 hljóðkort • Kworld Pro sjónvarpskort
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

## VERÐ 69.900

### ACE SPECIAL EDITION



VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
8.993

ACE

3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi 1MB cache • 512MB DDR400 minni • 200GB SATA150 harðdiskur • 17" LCD Acer skjár
128MB GeForce FX5500 skjákort • 16xDVD±/DL skrifari
Dolby Digital 5.1 hljóðkort • 2 öflugir Creative hátalarar
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

## VERÐ 134.900

VL15 — Internet Security 2005 með vaxtalausri tölvu — VL15 kr. 199

Vönduð Windows XP tölvukennsla á íslensku — VERÐ 2.490

VL18 — Canon — iP3000 ljósmyndaprentari með vaxtalausri tölvu — VL18 kr. 995

Canon — Canon Lide 20 örþunnur, lítill og nettur borðskanni — VERÐ 6.990

VL18 — Hansol — Stækkun í 19" LCD skjá úr Ace VL vél með 17" LCD — VL18 kr. 995

og vodafone — INTERNET

Hive — INTERNET

VL15 — Sjónvarpskort með vaxtalausri ACE tölvu — VL15 kr. 533

Tilboð gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl

# TÖLVUR OG FERÐATÖLVUR • LANDSINS M

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 • Tölvulistinn • Glerárgötu 36 •

# USTILBOÐ

# ACER 4001




**VL15** Vaxtalaust í 15 mánuði **9.860**

## ACER 1.5GHz CENTRINO TRAVELMATE 4001WLMi

**INTEL CENTRINO**
Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtiminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni

**BREIÐTJALDSSKJÁR**
15.4" WideScreen WXGA skjár með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp

**DVD +/- SKRIFARI**
Vandaður DVD+/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**ATI RADEON 9700**
Mobility Radeon 9700 skjákortið er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag

**MJÖG HLJÓÐLÁT**
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvur

**ALLT AÐ 5 TÍMA**
Acer fartölvan er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.5 GHz Pentium M Dothan715**<br>Intel Centrino er með 2MB cache |
| **Vinnsluminni** | **512MB 333MHz DDR**<br>Stækkanlegt í 1GB |
| **Harðdiskur** | **60GB Ultra ATA100**<br>4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skjákort** | **64MB Mobility Radeon 9700**<br>Sérhannað fyrir ferðatölvur |
| **Skjár** | **15" WXGA breiðtjaldsskjár**<br>1280x800dpi og TV-út tengi |
| **DVD Skrifari** | **DVD +/- RW geislaskrifari**<br>Les og skrifar DVD og CD diska |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum**<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **10/100 base netkort**<br>Einnig 56K módem innbyggt |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort**<br>Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home**<br>Á íslensku eða ensku |
| **Tengi** | **3xUSB2, FireWire, TV-út,**<br>Parallel, VGA, PCMCIA, ofl. |

## VERÐ 147.900

## TRAVELMATE 2301LMi




**VL18** Vaxtalaust í 18 mánuði **5.995**

intel inside · centrino MOBILE TECHNOLOGY

1.3Ghz Mobile Intel Celeron M - Centrino örgjörvi 512K 256 MB minni • 40 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB skjákort m/TV Out Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort • 10/100 netkort Aðeins 2.9Kg • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

## VERÐ 107.900

## TRAVELMATE 4000LMi

intel inside · centrino MOBILE TECHNOLOGY




**VL18** Vaxtalaust í 18 mánuði **6.995**

1.4GHz Pentium M Dothan710 - Centrino með 2MB cache 512 MB DDR333 minni • 60 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari • 15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB ATI Mobility Radeon 9700 skjákort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

## VERÐ 125.900

| | | | |
|---|---|---|---|
| VL18 | Logitech ferðatölvumús með vaxtalausri Acer tölvu | VL18 kr. 155 |
| VL15 | 4porta USB2 mini hub með vaxtalausri tölvu | VL15 kr. 199 |
| | Kensington ferðatölvulás með 3ja hjóla talnalykli | VERÐ 4.990 |
| | Léttur og nettur bakpoki fyrir ferðatölvur frá HP | VERÐ 5.990 |
| VL15 | Traxdata 11 in 1 Mediabay með vaxtalausri tölvu | VL15 kr. 199 |
| VL18 | Microsoft Office 2003 pakki með vaxtalausri tölvu | VL18 kr. 995 |
| VL18 | 19" Hansol LCD skjár með vaxtalausri ACER tölvu | VL18 kr. 2.605 |
| VL18 | 256MB USB2 minnislykill með vaxtalausri tölvu | VL18 kr. 222 |

**ESTA ÚRVAL**
00 Akureyri • Sími 464 7400

VL15 Vaxtalaust í 15 mánuði · VL18 Vaxtalaust í 18 mánuði

MasterCard · VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

## Rjóma-sælgætisterta



4 egg
1 bolli sykur
4 msk. hveiti
1 tsk. lyftiduft
100 g súkkulaði, saxað
100 g marsipan, saxað

Egg og sykur þeytt saman. Marsipanið og súkkulaðið sett saman við hveitið og lyftiduftið og því blandað saman rólega við eggjahræruna. Bakað í tveimur lausbotna tertumótum við 175 gráðu hita og kælt.

**Fylling**

1/2 dós ferskjur
1 peli rjómi, þeyttur

Ofan á 100 g rjómasúkkulaði brætt og síðan má skreyta með rjóma að vild.





- Veldu úr mörgum tegundum
- Skrifaðu þína eigin kveðju
- Með þinni ljósmynd

FERMINGARKORT
www.hanspetersen.is
HANS PETERSEN



Fréttablaðið/Vilhelm

María Björk Sverrisdóttir söngkona fermdist vegna einlægrar trúar á Frelsarann og biður enn bænir á hverju kvöldi.

# Hannaði fermingarfötin sjálf

***María Björk Sverrisdóttir söngkona fermdist á degi verkalýðsins, 1. maí, árið 1977. Hún fermdist í buxnadragt sem hún notaði mikið síðar.***

„Ég hef varla hugsað um ferminguna síðan á fermingardaginn," segir söngkonan María Björk Sverrisdóttir, sem rekur Söngskóla Maríu og Siggu með Siggu Beinteins. „En ég fermdist vegna trúar minnar á Jesú Krist. Því þótt ég stundi ekki kirkjur á sunnudögum bið ég bænirnar á hverju kvöldi, vegna þess að mig langar til þess og hef þörf fyrir það,"

Fermingardagur Maríu Bjarkar var verkalýðsdagurinn 1. maí 1977. Fermt var frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

„Þetta var eftirminnilega skemmtilegur dagur og markaði tímamót. Maður fullorðnaðist við þetta; hætti að vera barn. Ég fór að kaupa mín föt sjálf, vann með skólanum og sýndi ábyrgð; fannst það stórt skref."

Fermingarveislan var haldin heima, eins og þá tíðkaðist, og svefnherbergi rýmd til að koma veisluborði og gestum fyrir.

„Ég hafði vissulega skoðanir á því hvað yrði á boðstólum en mamma er ráðrík líka. Við vorum með kaffi, tertur og brauðtertur, og mér færðar stereógræjur, skartgripir og skríni, og líka eitthvað af peningum, en ekkert í líkingu við þær upphæðir sem börnin fá í dag."



Fermingardagurinn markaði tímamót, María Björk var komin í fullorðinna manna tölu.

María Björk fermdist í buxnadragt sem hún hannaði sjálf fyrir stóra daginn. „Ég hef alltaf verið ægilegur fatagikkur og gat ekki hugsað mér að vera í eins úlpu eða með eins skólatösku og skólasystkinin. Varð alltaf að vera öðruvísi. Svo þegar fermingin nálgaðist teiknaði ég beinar útvíðar buxur og jakka með hettu; en amma mín Jóhanna Guðjónsdóttir saumaði dragtina úr svörtu fínflaueli. Þetta voru ansi töff jakkaföt sem ég notaði áfram eftir ferminguna en svo stækkaði ég upp úr öllu valdi og upp úr fötunum," segir María Björk, sem sjálf hefur fermt tvö af börnum sínum. „En ég á einn lítinn sem er hálfur gyðingur en líka alinn upp við kristna trú. Ég veit ekki hvort hann fermist. Hann fær að ráða því sjálfur. Ferming verður alltaf ákvörðun einstaklingsins sjálfs."

*thordis@frettabladid.is*


FERMING



Glæsileg sýning í Sigtúni

Mikið af nýjum fermingarvörum

Munið lukkuleikinn
í öllum verslunum Blómavals

Fartölva að verðmæti 150.000 kr.

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27498 2/2005



FERMINGARDAGURINN MINN

Gestabók • Myndir • Skeyti




FÆST Í ÖLLUM HELSTU BÓKAVERSLUNUM LANDSINS



MÚLALUNDUR
VINNUSTOFA SÍBS • Hátúni 10c • Pósthólf 5137 • 125 Reykjavík

Framleitt af Múlalundi vinnustofu SÍBS



# Ekki gleyma gestabókinni!

***Litlir hlutir geta stundum gleymst í fermingarundirbúningnum.***

Það er ávallt nóg að gera í fermingarundirbúningnum fyrir bæði fermingarbarnið og aðstandendur þess. Mikilvægt er að gleyma alls ekki gömlu góðu gestabókinni. Það er voðalega gaman að eiga gestabókina langt eftir fermingardaginn til að sjá hverjir létu sjá sig í fagnaðarlátunum. Síðan er þetta góð heimild um hve margir lögðu leið sína í veisluna. Fermingarbækur eru líka fallegar og um að gera að eyða smá auka og merkja bókina fermingarbarninu og fermingardeginum. Ekki klikka á smáatriðunum!

## Ferming

Orðabækur eru algengar fermingargjafir en hvernig skilgreinir orðabókin ferminguna?

1 fermingar -ar, ar KVK 1 trúarleg athöfn þar sem prestur fermir börn eftir að þau hafa hlotið fræðslu um kristna trú og siðfræði – eitt af sakramentum kaþólskrar kirkju 2 borgaraleg ferming hátíðleg athöfn sem ekki tengist kirkju eða kristni en er haldin fyrir börn á fermingaraldri í kjölfar fræðslu um siðfræðileg og félagsleg efni.
2 ferming -ar, ar KVK það að koma fyrir farmi í farartæki.



Íris Dögg hefur verið í vikulegri fræðslu hjá prestunum og auk þess stundað messurnar vel.

# Dugleg að fara í messu

***Íris Dögg Haraldsdóttir ætlar að fermast á pálmasunnudag í Seljakirkju í Breiðholti og hefur búið sig undir það í allan vetur.***

„Við höfum verið að fræðast um Guð og Jesú, fletta upp í biblíunni, læra trúarjátninguna, boðorðin og fleira fallegt," segir Íris Dögg þegar hún er innt eftir undirbúningnum undir ferminguna. Hún segir prestana Valgeir Ástráðsson og Bolla Pétur Bollason hafa séð um fræðsluna, sem byrjaði strax í ágúst síðastliðnum. Íris Dögg kveðst ekki hafa verið kirkjurækin síðan hún var í sunnudagaskóla þar til nú að hún er búin að sækja margar messur. Hún býst síður við að verða tíður gestur í kirkjunni hér eftir, þrátt fyrir ferminguna.

Íris Dögg er í Ölduselsskóla og stundum er hún barnapía á kvöldin. Nýlega var starfsdagur í skólanum, en þá fóru fermingarbörnin í Vatnaskóg og áttu þar skemmtilegan sólarhring við lestur og söng. Íris Dögg kveðst ekki hafa lært neinn sálm fyrir ferminguna en oft fylgst með á sálmabókinni í sunnudagamessunum.

Fermingarveislan verður í húsnæði fyrirtækisins Heitt og kalt, sem sér um matinn og skreytingarnar, og Íris Dögg kveðst farin að spá í boðskortin sem hún ætlar að senda út til vina og kunningja. Veit samt ekki hversu margir mæta. „Það eru svo margir sem fara til útlanda í páskafríinu," segir hún svolítið mædd. En hvað um föt. Fær hún ekki nýjan kjól? „Ég veit ekki hvort ég kaupi kjól. Mig langar svolítið í pils, annað hvort hvítt eða svart. Ég er aðeins farin að horfa í kringum mig en ekki búin að velja," segir hún og er óskóp afslöppuð þó mikið standi til.







# MP3 SPILARAR

## FÍNAR FERMINGAGJAFIR



**UNITED MP5512 128MB**

MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu **128Mb minni**, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.

**TILBOÐ 6.990**
FULLT VERÐ kr. 8.990



**UNITED MP5514 256MB**

MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu **256Mb minni**, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.

**TILBOÐ 9.990**
FULLT VERÐ kr. 12.990

**PHILIPS SA230**

MP3 SPILARI 128Mb inbyggðu minni, útvarpi með stöðvaminnum, rauf fyrir SD/MMC minniskort, USB tengi, hljóðnema, tónjafnara, heyrnartólum, armbandi, rafhlöðu og USB snúru. Spilar MP3, WMA og WAV.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 19.990



**MEÐ ÚTVARPI OG RAUF FYRIR SD MINNISKORT**



**UNITED MP5518 512MB**

MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu **512MB minni**, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.

**VERÐ 13.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**UNITED MP5518 1GB**

MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu **1GB minni**, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.

**VERÐ 19.990**
FRÁBÆRT VERÐ

## 2GB JUKEBOX



**PHILIPS HDD070**

JUKEBOX MEÐ FM ÚTVARPI og 2Gb hörðum disk sem tekur allt að 1000 MP3/WMA lög, allt að 10 klst. afspilun, tónjafnara og USB. 93grömm.

**TILBOÐ 24.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990

## 5GB MP3

**OLYMPUS MR100**

5GB m:robe MP3 SPILARI með 1.7" LCD skjá, háhraða USB 2.0 tengingu við tölvu, vöggu, m:trip hugbúnaði, 12 tíma endingu á rafhlöðu, heyrnartólum og spenni. Spilar MP3 (16-320 kbps) og WMA (32-192 kbps). Aðeins 100g.



**VERÐ 29.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**SJÁ ALLT ÚRVALIÐ Á WWW.SM.IS**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2004

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

HUGVERKAsmiðja

**Mikið úrval af fermingargjöfum og borðskrauti**

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322





Fermingarmyndatökur við allra hæfi

Pantið tímanlega

Ásmynd

Ásmynd
Hraunbæ 119
110 Reykjavík

Sími: 586 8001
GSM: 899 8620
www.asmynd.is



FERMING



Lukku-leikur

í öllum verslunum Blómavals

Vinningur Fartölva að verðmæti 150.000 kr.



blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27498 2/2005









Fréttablaðið/Stefán

Jóhann Björnsson heimspekingur með hópi krakka sem ætla að fermast með borgaralegum hætti. Börnin koma í „fermingartíma" einu sinni í viku.

# Börnin fást við ýmislegt sem kemur að gagni á fullorðinsárum

***Á hverju ári taka börn þá ákvörðun að fermast borgaralega og hafa þau aldrei verið fleiri en nú. Fermingin fer fram í Háskólabíói og er eins og hefðbundin útskrift.***

„Við ætlum þetta öllum börnum sem hafa áhuga, burtséð frá því hvar þau standa trúarlega," segir Jóhann Björnsson, heimspekingur og grunnskólakennari, sem sér um að búa börnin undir borgaralega fermingu. „Oftast eru þetta þó börn fólks sem stendur utan trúfélaga en við höfum jafnvel fengið hingað börn sem eru í þjóðkirkjunni," segir Jóhann, sem starfað hefur sem kennari við borgaralega fermingu í ein níu ár. Fermingin sjálf á sér stað í Háskólabíói og er að flestu leyti eins og hefðbundin útskrift, en börnunum frjálst að koma fram og lesa þau gjarnan ljóð eða spila á hljóðfæri.

„Börnin hitti ég einu sinni í viku. Við fáumst þá við ýmislegt sem kemur þeim að gagni á fullorðinsárum og tímarnir byggjast á samræðum," segir Jóhann. Efnið sem tekið er fyrir er breytilegt frá ári til árs og segir Jóhann að mið sé tekið af því sem gerist í samfélaginu hverju sinni.

„Í ár höfum við talað um hvernig það er að taka erfiðar ákvarðanir, fjöllum um stöðu unglinga í neyslusamfélagi nútímans, ræðum siðfræði, fordóma og samskipti unglinga og foreldra, svo eitthvað sé nefnt," segir Jóhann. Trúmál eru einnig rædd í víðasta skilningi þess orðs, og spurningunni „hverju á maður að trúa" velt upp.

„Ég gef þeim engin ákveðin svör heldur legg það í hendur þeirra að draga ályktanir," segir Jóhann, en börnin segir hann mörg vera mjög opin og til í að ræða málin því þau hafa mörg hver þurft að leggja dálítið á sig að taka þetta skref að fylgja ekki flestum jafnöldrum sínum.

Ferming er af mörgum talin einungis vera staðfesting á skírninni og spyrja þeir sig hvernig ferming geti verið borgaraleg. „Íslenska orðið ferming er þýðing á latneska orðinu „confirmare" sem merkir að styðja og styrkja. Tilgangur með borgaralegri fermingu er að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og kenna þeim að bera virðingu fyrir manninum, menningu hans og umhverfi," segir Jóhann.

Upplýsingar um borgaralega fermingu er hægt að fá á heimasíðu Siðmenntar, sidmennt.is.

# Langar mest á fótboltaleik með Chelsea

***Silja Kristinsdóttir fermist í Árbæjarkirkju 20. mars næstkomandi og er nýfarin að undirbúa fermingarveisluna með fjölskyldunni.***

Silja segist að sjálfsögðu taka þátt í undirbúningnum af lífi og sál. „Ég fæ eiginlega að ráða öllu," segir hún. „Við ætlum að vera með léttar veitingar í kringum hádegið, ég fermist klukkan ellefu og veislan byrjar um tvöleytið. Við pöntum matinn og fáum þjóna, en þetta verður allt á léttum og þægilegum nótum, súpa, brauð og pinnamatur."

Silja fer í prufugreiðslu nokkrum dögum fyrir ferminguna og þá verður fermingarmyndin tekin. „Frænka mín sem er hárgreiðslukona ætlar að greiða mér og mála mig. Ég er ekki búin að velja mér föt ennþá, en ég ætla að vera í pilsi og einhverju flottu við, þó flestar vinkonur mínar ætli að vera í kjólum."

Silja ákvað að fermast þegar bróðir hennar fermdist og segir að gjafirnar skipti auðvitað máli. „Ég fermist af því að ég er trúuð, en líka af því mig langar í veislu og gjafir. Allir í mínum vinahópi fermast, en sumir völdu að fermast borgaralegri fermingu."

Silja er fótboltastelpa og æfir fótbolta með Fylki. Það kemur því ekki á óvart að draumagjöfin er fótboltaferð til Englands. „Chelsea er mitt lið þannig að það væri langbesta gjöfin."

Þó að Silja hlakki til fermingarinnar segist hún verða fegin þegar hún sé afstaðin. „Ég kvíði ekkert fyrir að fara með versið mitt, sem ég er reyndar ekki enn búin að velja. Þó þetta sé allt voða skemmtilegt verður líka fínt þegar þetta er búið."



Silja ætlar að bjóða gestum upp á léttan hádegisverð.

## Fermingar í sjónvarpinu

Athafnir eru alltaf minnisstæðar í bíómyndum og sjónvarpsþáttum og þar eru fermingar engin undantekning.

Geðlæknirinn Frasier úr samnefndum sjónvarpsþáttum ætlaði eitt sinn að vera afar góður og snjall pabbi. Sonur hans var að fermast að gyðingasið, en þar heitir ferming bar mitzvah. Frasier réð til sín Star Trek-nörd til að kenna sér það sem faðir segði við son sinn á hebresku við slíka athöfn. Frasier náði þó að móðga nördinn áður en hann náði að kenna honum hebresku og í staðinn kenndi hann honum þulu á klingónsku, máli sem aðeins er til í heimi Star Trek. Það vakti því óskipta athygli þegar Frasier talaði tungum í fermingu sonar síns.



Í nýjustu mynd Stuðmanna, Í takt við tímann, er smá innskot af fermingu sonar Hörpu Sjafnar og Stinna Stuð sem leikinn er af Höskuldi Ólafssyni, fyrrum liðsmanni Quarashi. Þar er sýnd þessi pínlega stund þegar fermingarbarnið þarf að fara í fermingarmyndatöku og eins og flestir er persóna Höskuldar ekkert allt of ánægð með að þessi hryllilegi tími, bæði í hári og tísku, sé festur á filmu.



Það má auðvitað ekki gleyma fermingunni, eða bar mitzvah, í the Wedding Singer. Eftir að brúðkaup Robbie Hart, sem leikinn er af Adam Sandler, fer út um þúfur þarf hann að spila í alls konar öðrum veislum til að falla ekki í örväntingu og þunglyndi. Hann tekur að sér að spila í fermingu og er það ansi skemmtilegt þegar hann poppar upp hefðbundna hebreska söngva sem yfirleitt eru sungnir við þessi tilefni.





Dagur Páll er ekki kominn á kaf í undirbúninginn enda nægur tími til stefnu.

# Daginn eftir verð ég fermdur maður

***Dagur Páll Friðriksson fermist á sumardaginn fyrsta.***

Hvernig leggst fermingarundirbúningurinn í þig?

„Bara ágætlega. Við þurfum að fara svolítið oft í messu og ég er óvanur því. Messurnar geta verið leiðinlegar en geta líka verið mjög skemmtilegar. Það fer eftir því hvað er að gerast í messunni. Ég er trúaður og fór alltaf í sunnudagaskólann með afa mínum þegar ég var lítill. Svo datt þetta út um tíma en byrjaði eftur þegar eldri systir mín fermdist," segir Dagur Páll Friðriksson.

Hann segir að fermingarundirbúningurinn sé strembinn. „Við förum í viðtöl og þurftum að gera ritgerð í fermingarfræðslunni," segir Dagur Páll og bætir við að fjölskyldan sé þó ekki komin á hvolf í undirbúningi fyrir veisluna. „Við bjóðum örugglega mörgum en ég veit ekki hvort það verður matur eða kaffi." Hvað annan undirbúning varðar segir hann að þau ætli að byrja á honum í mars. „Þá fer ég í klippingu og við kaupum fötin og svoleiðis."

Hann er ekkert mikið farinn að spá í gjafirnar. „Ég myndi vilja fá iPod-mini og eitthvað svoleiðis en veit að það er allt of dýrt. Ég væri líka til í að fá bækur og þá helst orðabækur sem gætu gagnast mér alla ævina."

Dagur Páll segist hlakka til að fermast. „Ég held nú ekki að ég breytist neitt nema að þegar ég vakna daginn eftir verð ég fermdur maður."













2.980 kr.
á mánuði*





9.980 kr.
á mánuði*

**Kodak EasyShare CX7330**

- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1.6” skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun
- **Verð aðeins: 14.900 kr**

**Kodak EasyShare LS755**

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 6 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5” skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- **Verð: 49.900 kr**

# *Fermingar &*
# PÁSKATILBOÐ

5.980 kr.
á mánuði*




**Kodak EasyShare LS743**

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8” skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- **Verð: 29.900 kr**

**SAMSUNG Digimax A-400**

- 4.0 miljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2” gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðslusett fylgir
- **Verð: 19.950 kr**

3.990 kr.
á mánuði*




*** Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða**

HANS PETERSEN

Kodak EXPRESS
GÆÐAFRAMKÖLLUN

Laugavegi 178 • Kringlunni • Smáralind • Bankastræti • Austurveri ▪ **Myndval í Mjódd** ▪ **Filmur og framköllun**, Firði, Hafnarfirði
**Framköllun Garðabæjar** ▪ **Hljómval**, Keflavík ▪ **Siglómyndir**, Siglufirði ▪ **Pedromyndir**, Skipagötu 16 • Glerártorgi, Akureyri
**Bókaverslun Andrésar Níelssonar**, Akranesi ▪ **Bókaverslun Brynjars**, Sauðárkróki ▪ **Bókverslun Jónasar Tómassonar**, Ísafirði



20% afsláttur af plastbúrum.DÝRABÆR Hlíðasmára 9 Kóp.s. 553-3062 op. má-fös 13-18 lau.11-15

# HEILSA

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.




## Heilsuvörur




Missti 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dag-batnandi.topdiet.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

## Líkamsrækt

**Yoga unnendur**
Astanga Yoga ( kraftyoga) í Yogastöðinni Heilsubót Síðumúla 15. Guðmundur kennir. Astanga er kröftugt yoga. Uppl. í s. 694 6103.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Spennandi stang- og skotveiðiferðir til Suður-Grænlands í júlí og ágúst. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar S.: 511 1515

## Byssur



Nætursjónaukar 1. og 2. kynslóð á riffla og haglabyssur verð frá 59.000. Uppl. Í síma 847-7663

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.

## Hestamennska




**Hestaklippur**
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860




**Í hesthúsið !**
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600



**Fákskonur, Kvennakvöld Fáks verður haldið laugardaginn 5. mars í Félagsheimili Fáks.**
Miðasala fer fram í Félagsheimili Fáks laugardaginn 26. febrúar kl. 13-15 og miðvikudaginn 2. mars kl. 19-21.
Þema kvöldsins er **DISKÓ !**
Ekki verður hægt að kaupa miða við innganginn þann 5. mars.
**Stjórn Kvennadeildar Fáks.**

**Vantar hnakk**
óska eftir nýjum eða nýlegum hnakk, skoða allt. Uppl. í s. 898 7462.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Skrifstofuhúsnæði. Til leigu við Fossaleynir. pn 112 Rvík. Rými frá 17 fm upp í 180 fm í nýtt húsnæði, mikið af bílastæðum. Upplýsingar í s. 893 1901.

2ja herbergja 50 fm íbúð á svæði 107 til leigu, laus 3. mars. Leiga 70 þús. með hita & hússjóði. Leigusamningur. 1 mánuður fyrirfram og tryggingarvíxill. Leigist reyklausum. Uppl. í síma 699 3531 e. 16:30.

Til leigu 3ja herb. íbúð á sv. 101. Verð 65 þús. Uppl. í s. 421 2850 og 894 2850.

Herbergi í Breiðholti, laust strax. Aðgengi að wc, sturtu, ísskápi og þurrherbergi. Internettenging. Uppl: 8627007

3ja- 4ra herbergja íbúð til leigu frá 1. mars. Á svæði 101. Reykleysi, reglusemi og skilvísi áskilin, engin dýr. Uppl. í s. 862 2593.

2ja herb. íbúð á jarðhæð í einbýli, hverfi 109. Leigist skilvísu, reykl. og reglus. fólki. Leiga 60þ. Langtímal. S. 897 1903.

Herbergi á sv. 105. Húsgögn, ísskápur, örbylgjuofn. Eldunaraðstaða, þvottavél, Stöð 2, Sýn. Uppl. í s. 898 2866.

## Húsnæði óskast

Skilvís og reglusamur 40 ára karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í ca. 3-4 mán. Uppl. í síma 898 1493 og gkonradsson@simnet.is

Óskum eftir að taka á leigu 5 herb. íbúð/parhús/raðhús eða einbýli. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 555 3890 & 898 2716.

Íbúðarhúsnæði óskast með bílskúr í Reykjavík eða í kring. Uppl. á hafnarstal@simnet.is eða í s. 893 6870

Stúdíó- eða 2ja herbergja íbúð óskast Er húsasmiður að mennt. Reglusemi og reykleysi heitið. Uppl. í s. 694 1385.

Þriggja herbergja snyrtileg íbúð óskast frá mánaðamótum maí-júní. Skílvísum greiðslum lofað og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 553 1109 & 663 1076.

Óska eftir 3ja til 4ra herbergja íbúð. Langtímaleiga á sv. 112. Uppl. í s. 557 9189 & 694 9695.

Erum feðgin sem óskum eftir 2ja til 3ja herb. íbúð í Rvk. Langtímaleiga. Skilvísar greiðslur. S. 867 2037.

Við erum ungt par í leit að snyrtilegri 2 - 3 herbergja íbúð, og okkur fylgir lítil innikisa. Reglusemi og skilvísum greiðslum er heitið. Síminn er 6900029 og 6900028.

Einstæð tveggja barna móðir óskar eftir íbúð í Hfj, Árbæ eða Breiðh. fyrir 1 apríl. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 1775.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu. Við sund: 65 fm lager/iðnaðarhúsn á 1. hæð og 45 fm vinnustofa á 2. hæð. Einnig 90 fm verslunar/þjónustuhúsn og 20 fm. geymsla á 1. hæð Hólmaslóð: 36, 74 og 125 fm skrifstofur á 2. hæð Sími 894 1022 og 553 9820.

## Gisting

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Sími 899 5863.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**Starfsfólk óskast**
Óska eftir reyndu og duglegu fólki í vinnu á veitingahús í fullt starf og hlutastarf í afgreiðslu á Smáratorgi. Getur byrjað strax.
**Upplýsingar í síma 849 2515.**

**Konur nú er tækifæri !**
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur góðu kynningarfólki í verslanir. Sveigjanlegir vinnudagar eftir hádegi.
**Upplýsingar í síma 821 8550 Elín, alla daga vikunnar. Kynning og sala ehf.**

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Hársnyrtir í Mosfellsbæ**
Hársnyrti / nema á síðasta ári vantar til starfa. Starfstími er samkomulagsatriði.
**Upplýsingar gefur Ingibjörg í síma 566 6090 og 699 7413.**

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ívar í síma 693-5602 alla virka daga milli 09:00 og 16:30**

**Þægilegar morgunræstingar**
Viljum ráða 2 hressar ræstingamanneskjur til léttra ræstinga í nálægð við Mosfellsbæ. Fjölbreytt og skemmtilegt starf, sem unnið er fyrir hádegi alla virka daga frá kl. 08:00. Í boði er bílastyrkur og fín afkastatengd laun.
**Sækja þarf um á www.hreint.is eða í síma 554-6088 skrifstofutíma.**

Snyrtifræðingur með meistararéttindi óskast. Áhugasamir hafið samband í síma 8691078 eða sendið póst á buni@toppnet.is

**Fagtækni**
Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa sem fyrst. Uppl. í síma 517 6900 milli kl. 9-17.

**Gullnesti Grafarvogi**
Óskar eftir rösku starfsfólki. Vinnutími frá 12-19 virka daga. Uppl. í s. 567 7974.

**Pítan Skipholti**
Okkur vantar gott starfsfólk til vinnu strax. Þarf að vera stundvíst, heilsuhraust, snyrtilegt og kunna að brosa. 18 ára og eldri. Uppl. á staðnum milli kl. 14 og 16.30 og umsóknareyðublöð á netinu á pitan.is

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 vísir FRÉTTABLAÐIÐ 90,9 vísir

Hamborgaratilboð aldarinnar
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum.
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Dráttarbeisli,
**Víkurvagnar**

Bækur blöð tímarit
**Penninn Eymundsson, Hallarmúla**

Höggdeyfar í bíla
**Fálkinn**

Er afmæli í nánd? Munið úr, skartgripi, gjafavara.
**Jón og Óskar Laugavegi 61**

Er kólesterólið aðeins of hátt?
Benecol er fyrir þá sem vilja lækka kólesteról.
**Mjólkursamsalan**

Skriftsofuhúsgögn á tilboði
**Penninn Húsgagnadeild**

Útskriftargjafir
**Gallerí Fold**

Vatnshitablásarar – Rafmagnshitablásarar
**Fálkinn**

Vélsleðakerrur
**Víkurvagnar**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Flúrlampar – ljóskastarar
**Fálkinn**

Freemannslistinn er kominn út
**Sími: 565-3900**

Lagerútsala Hexa, rýmum til fyrir nýjum vörum. Opnum glæsilega verslun fljótlega. Opið frá 10-17.
**Hexa, Smiðjuvegi 10**

Flex -T vinnustöðvar á 30% kynningartilboði
**Á .Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Litríkar íslenskar gjafir
**Kirsuberjatréð, Vesturgötu.**

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli Skólaliður/matráður óskast til starfa við Mýrarhúsaskóla. Upplýsingar veitir Hafsteinn Jónsson s. 822 9120.

Óskum eftir að ráða kröftugan og frískan starfskraft í hamborgaraframleiðslu og þrif. Uppl. í s. 894 4982.

Stýrimann með 30 tonna réttindi og vélstjóra með vélavarðarréttindi vantar á 60 tonna línubát. Uppl. hjá skipstjóra í síma 869 3387.

Okkur vantar fólk í móttöku og í herbergisþrif. Upplýsingar í síma 568 0777.

Starfskraft vantar á bílaþvottastöð. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 898 7600

### Fiskvinnsla

Óska eftir starfsmanni í fiskverkun í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9700.

Óska eftir starfsmanni í 50% vinnu við þrif. Gullhamrar Veitingahús Grafarholti. Uppl. gefur Hulda í s. 517 9090 & 899 5678.

Vantar vanan mann í trjáklippingar. Hæfniskröfur, reynsla eða kunnátta af trjáklippingum. Stundvísi og heiðarleiki. Umsóknir á www.gardlist.is.

Fjölskylda í Kópavogi leitar að "ömmu" til að sækja barn til dagmömmu og taka á móti börnum úr skóla. Viðvera um 2-3 tímar á dag, þarf að hafa bíl. Hildur & Alexander s 564 5416 / 844 4525

Óskað er eftir strákum til að taka þátt í karlafatafellukeppni og mun sigurvegarinn fá áframhaldandi verkefni um allt land. Miklir tekjumöguleikar í boði fyrir rétta manninn. Eingöngu 18+. Uppl. í s:697 3766 á milli 15 -20.

Kraftmikill markaðsmaður! Við leitum að réttum aðila til að taka að sér tímabundið markaðsátak og sölu fyrir sérhæft þjónustufyrirtæki er starfar eitt á sínum markaði. Mjög góðir tekjumöguleikar í boði fyrir aðila sem skilar árangri. Áhugasamir sendi tölvupóst með ferilskrá á netfangið thorir03@ru.is fyrir 2. mars nk.

Leikskólinn Ösp, bráðvantar áhugasaman leikskólakennara eða leiðbeinanda til starfa í leikskólann. Þeir sem áhuga hafa á starfi hjá okkur vinsamlega hafið samband við Svanhildi leikskólastjóra í símum 557 6989.

### Pípulagnir

Óskum eftir að ráða pípulagningamenn til starfa. Uppl. í síma 896 0188 og 896 0184. HM pípupulagnir sf.

### Hársnyrtifólk athugið

**Stóll til leigu á hársnyrtistofu í Garðabæ. Uppl. s.8695055**

Óska eftir aðstoðarmanneskju í bakarí. Vinnutími 10-16. þarf að vera reyklaus, stundvís og eldri en 18 ára. Uppl. í s.895 8192.

### Red chili

Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Umsóknir og upplýsingar á staðnum. Reynsla æskileg. Laugavegur 176.

Starfsmaður óskast í bakaríið Kornið í Borgartúni 29 frá kl. 6.30 - 14.00 virka daga og samkomulag um helgarvinnu. Uppl í s. 864 1509 eða umsóknir berist á kornið.is

Leitum af starfsmanni sem er jákvæður, glaðlyndur reglusamur með reynslu/menntun í vélsmiðju staðsetta í Hafnarfirði. áhugasamir sendið okkur póst á : smidjan@xnet.is með helstu upplýsingum.

Meistari/sveinn í snyrtifræði óskast í fullt starf eða hlutastarf. Nánari upplýsingar í s. 660 6162.

### Vaktstjóri

Óskum eftir vaktstjóra í dagvinnu. Aðeins dugleg og hress manneskja kemur til greina. Góð laun í boði. Ekki yngri en 20 ára. Sækja um á staðnum Culiacan Faxafeni 9. Þarf að geta byrjað strax.

Aðstoðarmaður í bakarí óskast. Helst vanur. Uppl. í s. 893 7370.

## Atvinna óskast

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu. Góð meðmæli. Uppl. í s. 897 9799.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 -20:00
OG LAUGARD. 12:00 -18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA6.IS - SÍMI 553 6969

NÝTT
á einkamál.is
Stefnumót
gomez
28ára kk, Höfuðborgarsvæðið
Halló! Ég er ungur og myndarlegur maður á góðum stað í lífinu, háskólamenntaður og barnlaus. Mig langar að kynnast góðri stelpu til að spjalla við og aldrei að vita nema við smellpössum saman!
einkamal.is

Rétt sextug kona, hundleið langar að kynnast heiðarlegum manni og góðri vinkonu sem er hress og kát. Svör skilist merkt "Pósthólf 18" á Fréttablaðið Skaftahlíð 24.

FERÐALEIKURINN ER Í FULLUM GANGI

Þú gætir unnið ferð til Kaupmannahafnar eða London!

Iceland Express

vísir
...UM ALLT!

HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík
Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is


Valdimar Óli Þorsteinsson
Sölufulltrúi
822 6439


Kristinn R. Kjartanssson
Sölufulltrúi
897 2338


Hrafnhildur Bridde
Lögg. fasteignasali
821 4400


Teitur Lárusson
Sölufulltrúi
894 8090


Kári Kort
Sölufulltrúi
892 2506


Kristján Axelsson
Sölufulltrúi
821 4404


Pétur Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur verðbréfamiðlari
893 9048


Sigríður Hvönn Karlsdóttir
Sölufulltrúi
692 1010

OKKAR METNAÐUR
ÞINN HAGUR


FALLEG 2.HERB ÍBÚÐ Á JARÐH MEÐ SÉRINNGANGI
FÍFURIMI 112 RVK — 15,9.MILLJ.
- Heildarstærð 69,1 fm
- Kirsuberjaparket á gólfum
- Sérinngangur
- Þvottahús í íbúð
- Sér verönd
- Stutt í alla þjónustu

692-1010 Sigríður Hvönn , sölufulltrúi


NJARÐVÍKURBRAUT Í INNRI NJARÐVÍK
VEL STAÐSETT EINBÝLISHÚS — 21,5.MILLJ.
- 173 FM
- STÓR STOFA
- RÚMGOTT ELDHÚS
- BYGGINGARRÉTTUR Á STÓRUM SKÚR
- GOTT BRUNABÓTAMAT.

821-4404 Kristján Axelsson , sölufulltrúi


BÚJÖRÐ/VEIÐIJÖRÐ/HESTABÚGARÐUR/
FRÍSTUNDAPARADÍS — 30 MILLJ
- 143,9fm íbúðarhús.24,1ha ræktað land,
- Aðeins 2,1/2 tíma akstur frá Rvk
- Húsakostur, fjárhús,hesthús,vélageymsla
- Bakká rennur um landið þar er silungsveiði
- Miklir úthagar og veiði á Tröllatunguheiði-
- Gæsir // Rjúpa // Silungur// Gott berjaland

897-2338 Kári Kort, sölufulltrúi


SUNDLAUGAVEGUR- 4RA HERB
SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR — 21,9.MILLJ.
- Heildarstærð 122,4 fm
- Hol,stofa og borðst m/útg á suðursvalir
- Tvö stór svefnherb.
- Baðherbergi m/baðkari.
- Eldhús m/nýjum innréttingum
- Bílskúr m/rafopnara.

892 2506 Kári Kort sölufulltrúi


NJARÐVÍKURBRAUT Í INNRI NJARÐVÍK
EINBÝLISHÚS — 24.MILLJ.
- 282 fm á tveimur hæðum
- 4.svefnherb. á efri hæð
- Rúmgóð stofa og borðstofa
- Efri hæðin er í útleigu
- Neðri hæðin er m/bráðabirgða innréttingum
- **OPIÐ HÚS Í DAG Milli 17 og 19**

892 2506 Kári Kort sölufulltrúi


LÆKJARGATA- FJÁRFESTAR
GLÆSILEG EIGN Á FRÁBÆRUM STAÐ
- Fínar leigutekjur
- Frábær staðsetning

897-2338 Kristinn R. Kjartansson, sölufulltrúi


HÚS VIÐ SJÁVARKAMBINN - EINSTAKT ÚTSÝNI
BÁTSBRYGGJA - RAÐHÚS — 38,9.MILLJ.
- Hús 203 fm m/innbyggðum bílskúr
- Vandaðar sérsmíðar innréttingar og tæki
- Vinnuaðstaða á jarðhæð
- 3.rúmgóð herbergi
- Afhending fljótt
- Glæsileg eign á sjarmerandi stað

821-4400 Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali


FJÓRBÝLISHÚS, INNST Í BOTNLANGA
SKÓLABRAUT, KÓP.-HÆÐ + BÍLSK — 19,5.MILLJ.
- Íbúð 95,6 fm og bílskúr 24,5 fm
- Tvö herbergi
- Rúmgóð stofa
- Suður svalir og verönd
- Þak yfirfarið
- Nýtt gler og dren

821-4400 Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali


FYRIR 60.ÁRA OG ELDRI - LAUS !!
EIÐISMÝRI, 2.H. SELTJARNANES — 17,9.MILLJ.
- Íbúð 81,9 fm
- Lyfta
- 3.ja herbergja
- Stórar suðursvalir
- Tengi f.þvottavél á baði
- Mjög vel skipulögð íbúð

822-6439 Valdimar Óli , sölufulltrúi


FALLEG TVÖ PARHÚS Í GRÓNU HVERFI
FURUGRUND SELFOSSI — 16,5.MILLJ.
- Heildarstærð 122 fm m/ bílskúr
- Á einni hæð
- 2 svefnherb.
- Á góðum stað í grónu hverfi
- Afhent tilbúið undir tréverk
- Mögulegt er að fá annað húsið
- fokhelt að innan .

692-1010 Sigríður Hvönn , sölufulltrúi


GRANDASVÆÐIÐ
IÐNAÐAR OG VESLUNARHÚSNÆÐI
- Frábær staðsetning
- Stór og góð lóð
- Góðar innkeyrsludyr
- Klassa eign
- Flott verð

897-2338 Kristinn R. Kjartansson, sölufulltrúi

## Auglýsing
# um aðalskipulag Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016.

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016. Aðalskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð, fylgigögnum og athugasemdum, munu liggja frammi til kynningar á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu og á embætti Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu Dalbraut 12, Laugarvatni frá og með 25. febrúar 2005 til og með 25. mars 2005. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.blaskogabyggd.is

Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166 í Reykjavík og í þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skulu þær berast skrifstofu Bláskógabyggðar, Félagsheimilinu Aratungu, 801 Selfoss, eigi síðar en föstudaginn 8. apríl 2005 og skulu þær vera skriflegar.

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkir henni.**

*Sveinn A. Sæland, oddviti Bláskógabyggðar*

---

## HANDVERK OG HÖNNUN

**Opið málþing HANDVERKS OG HÖNNUNAR haldið í Norræna Húsinu laugardaginn 26. febrúar 2005 kl. 13–17**

## Íslensk hönnun og listhandverk – sýningar erlendis

**Washington – París – Berlín – Kaupmannahöfn**

***Setning***

**Birna Kristjánsdóttir,** formaður stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR og sýningarstjóri SPOR, Kaupmannahöfn.

**Dr. Judy L. Larson,** forstöðumaður National Museum of Women in the Arts. Sýningarstjóri **Nordic Cool: Hot Women Designers,** Washington U.S.A.

**Rósa Helgadóttir,** textílhönnuður.
Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða

**Kristín Sigfríður Garðarsdóttir,** leirlistamaður.
Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða

***Hlé***

**Erna Björnsdóttir,** forstöðumaður upplýsingasviðs Útflutningsráðs.
Útrás íslenskrar hönnunar.

**Guðlaug Halldórsdóttir,** textílhönnuður.
Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða

**Kristveig Halldórsdóttir,** myndlistarmaður.
Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða

**Hildur Bjarnadóttir,** myndlistarmaður og sýningarstjóri
„Að sýna það sem skiptir máli".

**Tó - Tó, Anna Þóra Karlsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir,** myndlistarmenn og textílhönnuðir. Að taka þátt ...væntingar - upplifun - niðurstaða.

***Kaffihlé***

**Hrafnkell Birgisson,** iðnhönnuður og sýningarstjóri design.is, Berlín
„Ímynd og arfleifð - sýningar á íslenskri hönnun"

**Þorbjörg Valdimarsdóttir**, textílhönnuður.
Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða

**Valdís Harrysdóttir,** Að taka þátt ... væntingar - upplifun - niðurstaða.

**Óðinn Bolli Björgvinsson,** nemandi í vöruhönnun í LHÍ.
Kynning á rannsóknarverkefni.

**Birna Kristjánsdóttir,** formaður stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
Stutt samantekt og málþinginu slitið.

**Málþingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis en fólk er vinsamlegast beðið að skrá sig í síma 551 7595 eða í tölvupósti handverk@handverkoghonnun.is**

***Dagskrá málþingsins er birt með fyrirvara um breytingar***

HANDVERK OG HÖNNUN • Aðalstræti 12 • 101 Reykjavík • www.handverkoghonnun.is

---

## Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum deiliskipulagi í Reykjavík.

### Kleifarsel 28 – Seljaskóli.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kleifarsel 28, lóð Seljaskóla.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að byggingarreitur breytist lítillega að norðanverðu, færist út um þrjá metra og að vestanverðu við íþróttahús Seljaskóla, verður komið fyrir upplýstum sparkvelli með gerfigrasi með tilheyrandi girðingum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Reitur 1.173.1.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1 sem afmarkast af Laugavegi, Vitastíg, Grettisgötu og Frakkastíg.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja á baklóðum húsa við Laugaveg 52, 56 og 58, við nokkur hús á reitunum verður leyfð hækkun og stækkun húsa. Lóðirnar að Grettisgötu 33b og 35b verði sameinaðar og á ónýttri lóð við Grettisgötu 37b verði leyfð nýbygging á tveggja hæða húsi og eins er hægt að nýta lóðina undir aðflutt hús. Við nokkur hús verða leyfðar viðbyggingar og hækkun.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Skeifan – Fenin.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Skeifunni vegna lóðarinnar að Skeifunni 5.
Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reka sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti á afmörkuðum hluta lóðarinnar að Skeifunni 5.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborg í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 18. febrúar til og með 4. apríl 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangi ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 4. apríl 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. febrúar 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219

---

# Hrunamannahreppur
## auglýsir tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps auglýsir hér með tillögu að nýju aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 skv. 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Í tillögunni felst stefna hreppsnefndar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Skipulagstillagan er sett fram á sveitarfélagsuppdrætti sem sýnir allt land innan marka sveitarfélagsins, þéttbýlisuppdrætti Flúða og í greinargerð.

Í tillögunni er m.a. gerð grein fyrir verndarákvæðum vegna náttúrufars og útivistargildis, þróunarmöguleikum byggðarinnar í sveitinni, uppbyggingu frístundahúsa og áframhaldandi uppbyggingu þéttbýlis og þjónustukjarna á Flúðum.

Tillagan mun liggja frammi almenningi til sýnis á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til miðvikudagsins 6. apríl 2005, svo að þeir sem óska þess geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Hrunamannahrepps, http://fludir.is/

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00, 6. apríl 2005 og skal athugasemdum skilað til skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðum. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

*Sveitarstjóri Hrunamannahrepps,*
**Ísólfur Gylfi Pálmason**

---

# Herbergi í Hafnarfirði

Fyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir herbergi í bænum fyrir starfsmann sinn. Leigutími frá 1. mars 2005.

**Um reglusaman og reyklausan starfsmann er að ræða. Upplýsingar í síma 8940414.**

---

# Leiðrétt Auglýsing
**Um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014**

Sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps auglýsir skv. 1.mgr. 21. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að verulegri breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014.

Breytingin felur í sér íbúðarbyggð á áður óbyggðu svæði við Leirdal og nýja íbúðargötu, Lyngdal í Vogum. Tillagan verður til sýnis frá föstudeginum 18. febrúar til og með 18. mars 2005

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna frestur til að skila inn athugasemdum er til 4. apríl 2005.

**Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.**

---

## ATVINNA



# LAUS STÖRF Á McDONALD´S

Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg.

Líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.

Umsóknareyðblöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu www.mcdonalds.is

i'm lovin' it

argus - 05-0071

---

# Verslunarstjóri

**Fjarskiptafyrirtæki óskar eftir að ráða til sín öflugan verslunarstjóra í nýja verslun fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi starf hjá vaxandi fyrirtæki sem starfar í mjög skemmtilegu umhverfi.**

Starfið felst í að halda utan um verslunina, ráðningar og standsetningu verslunarinnar sjálfar.
Leitað er að kraftmikilli manneskju sem á auðvelt með samskipti og hefur góða þjónustulund.

Viðkomandi þarf einnig að vera skipulagður í vinnubrögðum og hafa reynslu af verslunar/sölustarfi.
Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.
Um fullt starf er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin með því að senda ferilskrá með mynd á *thorsteinn@ipf.is*

# SJÓNARHORN



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margt býr í þokunni... og meðal annars þessi föngulegi piltur sem kemur fljúgandi eftir göngustíg í Laugardalnum.

## Vissir þú ...

... að stærsti borgarísjaki sem mældur hefur verið var 31 þúsund ferkílómetrar og fannst hann 240 kílómetra vestan við Scott-eyju í Suðurhafi 12. nóvember árið 1956?

... að stærsta músagot átti sér stað 12. febrúar árið 1982 en þá gaut mús í Bretlandi 34 músum en 33 lifðu?

... að sá yngst krýndi af ríkjandi konungum er Mswati III í Svasílandi en hann var krýndur 25. apríl árið 1986 aðeins átján ára og sex daga?

... að verðmætasta kviksjá í heimi seldist hjá Christie's í Bretlandi í nóvember árið 1999 fyrir rúmar 5,6 milljónir íslenskra króna?

... að fyrsta mótorhjólið var smíðað af Gottlieb Daimler í október og nóvember árið 1885?

... að stjörnufræðingar hafa aðgang að samfelldum athugunum á sólblettum frá árinu 1750 og til þessa dags?

... að 106,45 farsímar voru á hverja hundrað íbúa á Taívan árið 2002 samkvæmt tölfræði NationMaster.com?

... að elstu málverk sem vitað er um með vissu fundust á veggjum Chauvet-hellis í Suður-Frakklandi árið 1994 en talið er að málverkin séu á bilinu 23 til 32 þúsund ára gömul?

... að gataðasti maður heims er Luis Antonio Agüero á Kúbu sem hefur látið gata sig fyrir hringi á 230 stöðum á líkamanum?

... að leikkonan Drew Barrymore varð sjöundi meðlimur sinnar fjölskyldu sem hlaut þann heiður að fá nafn sitt og stjörnu skráð á Frægðartröð í Hollywood 4. febrúar árið 2004?

# DRAUMAHELGIN



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kirstín Erna vildi eyða draumahelginni í litlum kastala á Ítalíu.

## Í ítölskum garði að hlusta á Sting

Kirstín Erna Blöndal söngkona á ekki í erfiðleikum með að skipuleggja draumahelgina sína. „Draumurinn væri að fara til Ítalíu í einhvern lítinn kastala rétt hjá húsinu hans Sting. Ég á DVD disk af tónleikum sem hann hélt í garðinum við húsið sitt á Ítalíu með fullt af frábærum listamönnum með sér hvaðanæva að úr heiminum. Ég hefði viljað vera þar. Á disknum er fylgst með undirbúningi tónleikanna sem voru haldnir 12. september 2001 en eins og gefur að skilja urðu þeir öðruvísi en ætlað var vegna þess sem gerðist daginn áður. Ég myndi vera þarna í kastalanum mínum, umkringd fjölskyldu og vinum og góðu rauðvíni. Seinnipart laugardags myndum við kíkja í heimsókn yfir til Sting og hann myndi endurflytja þessa tónleika fyrir okkur." En myndi söngkonan slá sér í þennan hóp alþjóðlegra tónlistarmanna? „ Ó nei, ég myndi sko ekki vilja vera að syngja heldur bara halla mér aftur og njóta tónlistarinnar."

Kirstín Erna stendur fyrir bænatónleikunum Sorgin og lífið í Laugarneskirkju 3. mars kl. 20. „Með verða presturinn í Laugarneskirkju, Bjarni Karlsson, og Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur og svo er ég líka með frábæra listamenn með mér, Gunnar Gunnarsson píanóleikara, Jón Rafnsson bassaleikara og svo auðvitað Örn Arnarson, manninn minn, sem ég væri mikið til í að hafa með mér þessa helgi á Ítalíu."






# Laugavegurinn: Lífæð miðborgarinnar

**UMRÆÐAN**
LAUGAVEGURINN



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**
STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Héldi ég því fram að Reykjavíkurlistinn hefði staðið sig vel í skipulagsmálum stæði sú fullyrðing því miður ekki á traustum rökum. Þvert á móti hefur R-listinn staðið sig afar illa þegar kemur að skipulagi höfuðborgarinnar. Sem er miður því skipulagið mótar jú mannlífið í borginni. Þó verður að segjast að R-listinn tók nú ekki við kræsilegu búi af sjálfstæðismönnum, sem hlupu alltaf upp á næsta hól til að reisa ný hverfi, en enginn mátti eiga heima í gróðursælum dölunum sem skilja hverfin að. Síðan er lagt tröllvaxið vegakerfi sem sker borgina í sundur svo nú kemst enginn hverfa á milli nema á kraftmikilli bensínbelju, sem á Íslandi er orðin heilagari en mjólkurbeljurnar á Indlandi.

En nú hefur borgin loksins druslast til að deiliskipuleggja Laugaveginn, eins og sagt er á bjórókratísku, og eftir áralangt stapp heimilað niðurrif örfárra kofaræfla sem standa þar engum til prýði, skilst að það sé innan við tíundi hluti húsanna við götuna sem nú má skipta út. Laugavegurinn er lífæð gamla miðbæjarins og því segir það nokkuð um hug manna til borgarinnar hvort þar verði byggt af stórhug og virðingu eða hvort haldið verður áfram að láta Laugaveginn grotna niður af misskilinni verndarstefnu. Og hrekja verslunina endanlega út í mollin sem eru eins og virki vörðuð hraðbrautum og ógurlegu bílastæðaflæmi sem hinn gangandi maður á ekki séns í að komast yfir.

Það er vonandi að borgaryfirvöld heykist ekki á uppbyggingu Laugavegar og raunar miðbæjarins alls, sem er vinsælasta íbúhverfi landsins eins og fasteignaverð sannar, enda eini vísirinn að raunverulegu borgarskipulagi. En maður er ekki viss um að ráðafólkið í Ráðhúsinu þori þegar á hólminn er kominn, sporin hræða. Til að mynda hrökkluðust þau til baka með ágætar áætlanir um uppbygginu á Snorrabraut því ekki mátti eyðileggja minningar nokkurra manna af 68-kynslóðinni sem höfðu séð kúrekamynd frá Ameríku í Austurbæjarbíói þegar þeir voru litlir. Sögð vera svo mikil menningarverðmæti í húsinu þótt það standi meira og minna autt og enginn vilji reka það. Svo eru framkvæmdirnar við nýju Hringbrautina nú ekki beint hughreystandi, hana átti auðvitað að setja í stokk. Svo ekki sé talað um flugvallarklúðrið allt saman. Sá farsi er einhvern veginn svona: Fyrst festa borgaryfirvöld flugvöllinn í sessi fram yfir árið 2016 en sjá svo að sér og setja framtíð svæðisins í dóm kjósenda sem kjósa völlinn beinustu leið í burtu. En völlurinn er þarna enn nokkrum árum síðar sem fleinn í síðu borgarinnar og jafnvel verið að byggja við skúrana sem þar standa. Og okkar ágæti borgarstjóri hefur meira að segja gefið í skyn að flugvöllurinn fái að vera áfram í Vatnsmýrinni í smækkaðri mynd, sem er þvert ofan í dóm kjósenda hennar. Það er vonandi að menn standi í lappirnar að þessu sinni. Sjáum til.

# Flottir hestar – feit börn!

Eitt hundrað milljónir í hestarækt. Tólf milljónir í mannrækt! Fyrir liðlega ári var fjallað um það í sjónvarpsfréttum hversu miklum fjármunum hið opinbera eyddi í gæluverkefni tengd íslenska hestinum hér á landi og útbreiðslu skepnunnar á erlendum vettvangi. Niðurstaðan var sú að á þriggja ára ára tímabili hafði ríkisvaldið veitt um 300 milljónum króna í íslenska hestinn með margvíslegum hætti. Á sama tíma og stór hluti heimsbyggðarinnar horfir upp á börn fitna, ekki síst hér á Íslandi, setur ríkisvaldið 12 milljónir króna í Manneldisráð á ári. Því ráði er ætlað að halda uppi víðtækri starfsemi og áróðri með það að markmiði að við borðum holla fæðu og gætum þess að missa börnin okkar ekki út í vitleysu í neyslunni. Vissulega er óábyrgt að ætlast til þess að ríkisvaldið beri ábyrgð á uppeldi barna okkar en ef veita á fjármunum til þess að hafa áhrif á foreldra, og þá sem láta sig holdafar barna varða, er ansi naumt skammtað – í samanburði við íslenska hestinn. Með fullri virðingu fyrir honum.



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON**

Manneldisráð heyrir nú undir Lýðheilsustöð, sem er ætlað að sinna alhliða forvarnarstarfi. Frá upphafi hefur sú stöð ekki haft fjármuni til að halda uppi því öfluga starfi sem til er ætlast, jafnvel þótt hún hafi til þess mannafla og þekkingu. Ef ríkisvaldinu er alvara með því að setja á stofn alhliða forvarnarstöð, sem á leynt og ljóst að minna okkur á það með margvíslegum hætti að heilbrigðir lífs-hættir séu undirstaða vellíðunar, árangurs og framfara, þarf að skapa Lýðheilsustöð starfsgrundvöll. Hann er tæplega til staðar í dag.

Þrjú hundruð milljónir í íslenska hestinn á móti þrjátíu og sex milljónum í Manneldisráð endurspeglar því miður þá forgangsröð sem er svo áberandi í okkar upplýsta, siðmenntaða og vinavædda þjóðfélagi. Svo hrista menn hausinn yfir því að allt fari úr böndunum en halda áfram að dæla fjármagni í hégóma og það sem skiptir litlu máli. Á stundum virðist sem þeir sem telja sig hafa mestu völdin beri ekki skynbragð á hjartslátt þjóðarinnar. Það gæti verið heppilegt að stíga niður af kontórnum annað slagið og setja sig inn í mikilvæga málaflokka áður en menn greiða atkvæði á alþingi, umhugsunarlaust að því er virðist.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**Fáðu meira út úr tölvunni þinni**
**Margmiðlunarvél á mögnuðu verði**



**Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.**



**Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Dimension™ 5000.**

Dimension™ 5000 stenst kröfur vandlátustu heimila um vinnuhraða og fjölhæfni. Intel® Pentium® 4 örgjörvi með Hyper-Threading tækni gerir fleiri hluti samtímis en flestir aðrir á markaðnum. Nú þarftu aldrei aftur að bíða, því þessi vél gerir í alvörunni marga hluti í einu.

**Dell™ Dimension™ 5000**

Intel® Pentium® 4 örgjörvi 520 með Hyper-Threading tækni (3.0GHz/1MB Cache 800MHz FSB & HT)
Microsoft® Windows® XP Professional
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
128MB PCI Express x16 X300 SE skjákort
160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
9-1 lesari fyrir algengustu minniskort
E173FP 17" flatur skjár

Verð **139.900,-** m/vsk

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

# Hættum innheimtu stimpilgjalds

UMRÆÐAN
OPINBER GJÖLD



MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR
ALÞINGISMAÐUR

**Samfylkingin mun berjast áfram fyrir afnámi stimpilgjalds. Í þágu einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja.**

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn minni um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum kom fram að á árinu 2003 voru þær 3,7 milljarðar króna en á árinu 2004 jukust þær verulega og námu tæplega 6,4 milljörðum króna. Áætlanir fyrir árið 2004 gerðu ráð fyrir að tekjurnar yrðu 3,6 milljarðar. Fyrirkomulag á innheimtu stimpilgjalda veldur því að erfitt er að gera sér grein fyrir skiptingu gjaldsins. Það er því ekki með fullri vissu hægt að segja nákvæmlega hversu stór hluti þessara 6,4 milljarða sem innheimtust á árinu 2004 er tilkominn vegna fasteignaviðskipta. Þó kemur fram í svari fjármálaráðherra að á fyrri hluta ársins 2004 eru 65 til 70% heildartekna ríkisins af stimpilgjöldum tilkomin vegna fasteignaviðskipta. Þar er bæði um að ræða stimipilgjöld af skuldabréfum og kaupsamningum.

Eftir þær breytingar sem urðu á húsnæðislánamarkaðinum á seinni hluta ársins má ætla að tekjur af stimpilgjöldum vegna fasteignakaupa eða endurfjármögnunar fasteignalána hafi aukist verulega.

Varlega má áætla að þeir sem voru að kaupa sér þak yfir höfuðið eða endurfjármagna eldri húsnæðiskaup hafi skilað um 3,5-4 milljörðum í ríkissjóð. Á hverjum bitnar þessi gjaldtaka harðast? Á fjölskyldufólki sem er að koma sér upp húsnæði, ekki síst á ungu fólki sem er að stofna fjölskyldu og eignast sitt fyrsta húsnæði. Sama hópi og vinnur myrkranna á milli og lendir í háum jaðarsköttum. Sama hópi og nú er verið að skerða við vaxtabæturnar.

En stimpilgjaldið lendir einnig af fullum þunga á atvinnulífinu. Ekki síst á þeim sem eru með smá eða meðalstór fyrirtæki og eiga erfiðara með að fá erlend lán en stór og öflug fyrirtæki. Þá bitnar þessi óréttláta gjaldtaka harkalega á allri nýsköpun í atvinnulífinu. Samfylkingin vill afnema þessa gjaldtöku. Við höfum í nokkur ár lagt fram frumvarp þess efnis, sem ekki hefur hlotið náð fyrir augum stjórnarliða. Ýmsir ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna hafa þó lýst þeirri skoðun sinni að það beri að afnema stimpilgjaldið. Samtök atvinnulífsins hafa einnig ítrekað lagt það til. Samfylkingin mun berjast áfram fyrir afnámi stimpilgjalds. Í þágu einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja.

*Höfundur er formaður þingflokks Samfylkingarinnar.*

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Hvar er barnamenningin?

**Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir, myndlistarkennari og verkefnisstjóri málþings um barnamenningu, skrifar:**

Málþing um barnamenningu verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi þann 5. mars næstkomandi. Þar verða til umfjöllunar málefni barna í menningarlegu uppeldi á ýmsum stigum og sviðum. Margir telja það nauðsynlegt að ala upp börnin með það fyrir augum að þekking á bókina sé aðalatriðið. En hvaða þekking skiptir máli? Þeirri spurningu eiga margir erfitt með að svara þar sem til eru margar hugmyndir um skilgreiningu á vitsmunum. Hvað viljum við börnum okkar til handa þannig að þau verði heilbrigðar persónur, bæði á sál og líkama? Að hugsa af viti nær til fleiri þátta en tungumálsins því ekki verða aðskilin hugur og hönd. Oftast fá tilfinningar ekki sess sem vitsmunalegt ferli, hvernig sem á því stendur. Þroskandi er að fara í gegnum ferli listsköpunar sem margir hafa áreiðanlega reynt, til dæmis í kórastarfi. Að njóta listar er að upplifa sjálfur til að kunna að meta hana. Listgreinakennarar eiga að dýpka efnið til að nemendur geti notið þess, eins og íslenskukennari sem útskýrir ljóð og undirtón þeirra til þess að nemendur skilji þau betur.

Hinn sjónræni heimur verður sífellt fyrirferðarmeiri í lífi okkar. Myndlistarkennarar leitast við að kynna samband lista og menningar. Engin önnur grein tekur á fagurfræði og því þarf að skapa aðstæður í skólastofunni til að örva nemendur til frekari (myndræns) þroska. Það að skapa er ekki að apa eftir öðrum eða öðru, skapandi hugsun er grunnur að öllum framförum.

Myndlistarkennsla hefur verið flokkuð með verkgreinum þó hún sé frekar huglægs eðlis en þar sem ekki verða skilin í sundur hugur og hönd verður óhjákvæmilega fyrirferðarmikill þáttur námsins að túlka hugmyndir sínar með ýmsum efnum og áhöldum. Efnið verður miðill tjáningarinnar og því er áríðandi að ná valdi á mismunandi verklegri tækni.

Á ofangreindu málþingi verður fjallað um barnamenningu í víðu samhengi bæði í skólastarfi og þvert á svið og geira. Megintilgangurinn er að efla barnamenningu í landinu með því að koma fólki saman til að vinna að skapandi verkefnum með börnum þessa lands.

AÐALFUNDUR

BAKKAVÖR GROUP HF. 2005



Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 25. febrúar 2005, kl. 17 í Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi á síðastliðnu ári.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um stjórnarlaun.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
9. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, viku fyrir aðalfundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Stjórn Bakkavör Group hf.

BAKKAVÖR

bakkavor.com

TUNGLIÐ / Ljósm. Ari Magg

# Skrýtinn leiðari um húsnæðismál

UMRÆÐAN
HÆKKUN HÚSNÆÐISVERÐS



HJÁLMAR ÁRNASON
ALÞINGISMAÐUR

Merkilegur er leiðari Fréttablaðsins þriðjudaginn 22. febrúar sl. Höfundurinn, Hafliði Helgason, seilist æði langt í túlkun á vangaveltum um ástæður hækkunar húsnæðisverðs. Í raun er aðdáunarverð hugmyndaauðgi leiðarahöfundar þegar hann setur vangaveltur af heimasíðu minni í eitthvert marxískt samhengi og telur mig boða hugmyndafræði Norður-Kóreu og Kúbu. Svo bendir hann föðurlega á það hvernig markaðurinn starfar. Þakka ber höfundi fyrir kennsluna þó lítið nýtt komi þar fram. Grundvallaratriði hins frjálsa markaðar eru líklega öllum þekkt enda höfum við valið þá leið í okkar efnahagslífi – í nokkurri sátt flestra, þ.m.t. Framsóknarmanna.

Hvað sem líður kennslu leiðarahöfundar þá liggur sú staðreynd fyrir að íbúðarverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað ótrúlega mikið á skömmum tíma. Stjórnmálamenn verða hressilega varir við að fólk hefur af þessu nokkrar áhyggjur. Því er ekki hægt að skorast undan því að velta vöngum yfir þessu ástandi og leita skýringa. Hvorki eru þær einfaldar né menn á eitt sáttir um þær. Ég frábið mér hins vegar fáránlegar útlistanir í leiðaranum umrædda. Ég trúi því að Fréttablaðið vilji vekja upp og taka þátt í umræðu um mál sem snerta almenning jafnmikið og húsnæðismál. Slík umræða verður ekki eðlileg með hártogunum af áðurnefndu tagi.

Tilgangur minn með skrifum á heimasíðu er sá að að endursegja og velta vöngum yfir þeim sjónarmiðum sem eru í hinni almennu umræðu. Hvað er rétt og hvað er rangt í þeirri umræðu veit í raun enginn því málið er flókið og samofið úr mörgum þáttum. Margir bera þar ábyrgð. Við hljótum að spyrja um ábyrgð stjórnmálamanna, bankakerfis, fasteignasala, sveitarfélaga og allra þeirra sem um málið véla með beinum eða óbeinum hætti. Þannig hafa margir efasemdir um að hámarkslán Íbúðalánasjóðs upp á 14,9 milljónir geti valdið slíkri kollsteypu sem raun ber vitni. Menn bera þau vitanlega saman við ótakmörkuð lán bankanna – þar sem hinar háu fjárhæðir liggja.

Það er líka einföldun að slá bara málið út af borðinu með orðunum: Markaðurinn ræður. Við hljótum að geta rætt hinn unga og um margt ófullburða fjármálamarkað á Íslandi á gagnrýninn hátt án þess að vera sakaðir um kommúnisma. Slíkir útúrdúrar eru Fréttablaðinu ekki samboðnir. Hinn frjálsi markaður er samsettur úr mörgum þáttum. Reynsla okkar á því sviði er ekki löng og alveg örugglega ýmsir brestir á þroskastigi markaðarins unga. Þess vegna hljótum við að geta velt upp því sem mönnum finnst vera „óeðlileg" þróun innan þess markaðar. Svo mikið er víst að íbúðarverð hefur hækkað um allt að 50% á ótrúlega skömmum tíma. Finnst leiðarahöfundi það e.t.v. bara eðlilegt? Margt ungt fólk stendur hins vegar ráðþrota gagnvart þessari þróun og botnar hvorki upp né niður í henni. Í frelsinu verða allir að axla ábyrgð því markmið þess er ekki að leika almenning grátt og markmið þess er ekki að missa verðbólgu úr böndum. Því verða allir þátttakendur á markaðinum að sýna ábyrgð og festu. Þess vegna hefur m.a. ASÍ ákveðið að skoða alvarlega hvernig standi á hinni miklu hækkun íbúðarverðs. Þess vegna hefur félagsmálaráðherra falið Bifröst að kanna málið. Ekki vegna þess að þar séu kommúnistar á ferð heldur af því menn vilja finna skýringar á hækkun sem marga óar við og telja að ógni fyrirætlunum sínum um gott húsnæði á sanngjörnu verði. Þessi umræða fer m.ö.o. fram alls staðar í þjófélaginu. Fréttablaðið getur því ekki firrt sig ábyrgðinni með því að leggjast í þær hundakúnstir sem umræddur leiðari felur í sér. Til þess er málið allt of alvarlegt. ■

# Rök með reykbanni

UMRÆÐAN
REYKINGAR



GUÐJÓN BERGMANN

**Tóbak er löglegt fyrir mistök sem virðist erfitt að leiðrétta. Tóbak yrði aldrei leyft ef það kæmi á markaðinn sem neysluvara í dag.**

Kannski kemur það engum á óvart að ég styðji reykbann á öllum veitinga- og skemmtistöðum. Vegna umræðunnar síðustu daga vil ég leggja lóð mín á vogarskálarnar málinu til stuðnings. Lítill hópur fjölmiðlamanna hefur kastað rýrð á frumvarpið með tali um ofbeldi og forræðishyggju. Ég er fyrrverandi reykingamaður, fyrrverandi fíkill. Í hvert skipti sem talað var um skaðsemi reykinga meðan ég reykti brást ég hinn versti við. Ég varði fíkn mína. Hið sama gera margir reykingamenn í dag. Því finnst mér mikilvægt að í allri opinberri umræðu komi fram hvort viðmælendur og fjölmiðlamenn reyki eður ei. Rökin með reykbanni eru sterk og það vita þeir sem á móti því berjast. Þeir berjast í raun fyrir réttinum til að skaða sjálfa sig og aðra. Reykingabann á öllum stöðum þar sem almenningi er veitt þjónusta er jafn sjálfsögð og bann við notkun asbests í milliveggjum, bann við innflutningi á ákveðnum vítamínum og náttúruafurðum vegna mögulegrar skaðsemi, bann við ákveðnum litarefnum og rotvarnarefnum í mat, bann við opnum skólplögnum og bann við annarri eiturefnanotkun á almenningsstöðum. Á Íslandi eru lög um heilbrigðiseftirlit, byggingareftirlit og samkeppniseftirlit svo eitthvað sé nefnt. Ekki halda að veitingamönnum sé frjálst að gera það sem þeim sýnist. Reykingabann býr mögulega til skammtímaniðursveiflu í viðskiptum veitingahúsa en í New York hafa viðskiptin aukist um 6% frá því að reykingabann var sett á. Hér á landi fer nánast eitt veitingahús á hausinn hvern dag. Getur verið að reykingar inni á stöðunum hafi eitthvað með það að gera? Veitingamenn hafa haft nægan tíma til þess að verða við lögum um aðskilin rými fyrir reyk og reykleysi. Ef fleiri veitingamenn hefðu farið að þeim lögum stæðum við kannski ekki frammi fyrir banni af þessu tagi. Vestræn upplýst hugsun færist meira í átt að reyklausu umhverfi. Með því að draga úr óbeinum reykingum og fækka þeim stöðum þar sem óharðnaðir unglingar geta hafið sína tóbaksneyslu hefur mikill sigur unnist í tóbaksvörnum síðustu árin. Við megum ekki slá slöku við. Boð og bönn hafa haft veruleg áhrif. Þótt að tóbak sé lögleg vara skaltu ekki halda að hún lúti sömu lögmálum og aðrar vörur. Tóbak er löglegt fyrir mistök sem virðist erfitt að leiðrétta. Tóbak yrði aldrei leyft ef það kæmi á markaðinn sem neysluvara í dag. Rökin eru fleiri en ég læt þetta duga í bili og vona að fleiri úr hinum þögla meirihluta láti í sér heyra.

*Höfundur er áhugamaður um tóbaksvarnir.*

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Bloggað á kostnað kjósenda?

**Sigurður Sigurðsson verkfræðingur skrifar:**

Fyrir stuttu var rætt um það í fjölmiðlum að þar sem aðgangur stjórnmálamanna að fjölmiðlum hefði verið og væri oft takmarkaður hefðu þeir tekið til þess ráðs að vera með vefsíðu og „bloggað" eða birt ritsmíðar sínar á eigin forsendum á netinu í stað þess að vera komnir upp á fréttamenn og fjölmiðla til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þetta er án efa rétt auk þess sem talað var um að hægrimenn hefðu farið halloka fyrir alls konar vinstriumræðu og því hafi bloggið komið sem talsvert andsvar við því. Nokkrir þekktir Íslendingar í opinberum störfum halda úti vefsíðum og eru sumar orðnar nokkuð frægar enda starfað í um 10 ár eða 120 mánuði. Ef viðkomandi hefur sent frá sér að meðaltali um 4 greinar í mánuði í þessi 10 ár þá eru þetta um 500 greinar (1000 til 1500 vinnustundir). Spurningin er hvort menn geri svona í vinnutímanum hjá hinu opinbera? Hvort menn séu að misnota aðstöðu sína í vinnunni við að skrifa þessar skoðanir sínar eða hvort menn að gera þetta í sínum tíma?

AF NETINU

## Eigendur ráði

Undanfarið hefur mikið verið rifist um hvaða hús skal rífa og hvaða hús skal ekki rífa. Eðlilegt er að eigendur húsanna ákveði hvort þau verða rifin eður ei. Því miður er ástandið nú fremur óeðlilegt. Svo vill til að Reykjavíkurborg skiptir sér af slíkum hlutum. Ekki má rífa niður hús sem komin eru á ákveðinn aldur, nema með samþykki borgarinnar.

**Hlynur Jónsson á uf.is**



Tilboðin gilda til sunnudags 27. feb. eða meðan birgðir endast
Hátíðarmatur
Vinsælasta brauðið í Bónus!
BÓNUS Kornbrauð 1000g
EITT KÍLÓ
69 KR.
EKKERT BRUÐL
Chiquita bananar
149 kg KR.
Chiquita
Chiquita vínber græn
199 kg KR.
Hversdagsverð
L&L Tilboð Létt & laggott
127 ASKJAN KR.
Ferskir bitar
BLANDAÐIR BITAR
299 kg KR.
BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR
VATNSMELÓNUR
129 kg KR.
steinalausar
EPLA SAFI
EINN LÍTRI
59 KR.
Bajonskinka
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
BAJON SKINKA
GÆÐA GRÍS
Úrbeinaður svínabógur
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
Bezt
Fersk úrbeinuð Grísasteik
GULAR Chiquita MELÓNUR
129 kg KR.
Sneiddur lambahryggur
Sneitt lambalæri
899 KR.
40% afsláttur við kassann
FROSIN LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGIR Í SNEIÐUM
KJARNAFÆÐI
Lambalærissneiðar og kótelettur
BÓNUS
ERAN/Landlist

**GEORGE HARRISON (1943-2001)**
fæddist þennan dag.



*„Það eina góða við Kryddpíurnar [Spice Girls] er að hægt er að horfa á þær með alveg dregið niður í hljóðinu.“*

***Harrison sagðist í seinni tíð ekki upplifa sjálfan sig sem „bítilinn George Harrison“. Eftir að Bítlarnir hættu árið 1970 hélt Harrison áfram að búa til tónlist, bæði einn og með öðrum. Þá gerðist hann einnig kvikmyndaframleiðandi, stofnaði Handmade Films og fjármagnaði meðal annars Monty Python myndina Life of Brian. Harrison, sem var fyrrum reykingamaður, barðist í rúman áratug við lungnakrabba og lést svo 58 ára gamall.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Kommúnistaávarpið kom út á prenti*

Þennan dag árið 1848 kom Kommúnistaávarpið fyrst út á prenti, en það var sent til London til prentunar nokkrum vikum áður en febrúarbyltingin braust út í Frakklandi. Áhrifa ritsins var þó þegar farið að gæta enda hafði það fengið nokkra dreifingu í handriti.
Í nóvember 1847 var ákveðið að Karl Marx og Friedrich Engels tækju að sér að „semja til birtingar fyrir öllum almenningi flokksyfirlýsingu“ sem gerði grein fyrir skoðunum og stefnuskrá Kommúnistasambandsins, en það var leynilegt alþjóðasamband verkamanna á þeim tíma.
Ávarpið var til að byrja með gefið út á þýsku í 12 mismunandi útgáfum í Þýskalandi, Englandi og Ameríku. Það kom svo út á frönsku rétt fyrir júníuppreisnina 1848 og árið 1850 í enskri þýðingu eftir Helen MacFarlane í tímaritinu Red Republican. Árið 1871 komu út þrjár þýðingar í Ameríku. Hér á landi kom Kommúnistaávarpið fyrst út árið 1924.
Í útgáfu Kommúnistaávarpsins sem út kom í London árið 1883 eftir fráfall Marx skrifar Engels formála og áréttar grundvallaratriði ávarpsins. „Að efnisleg framleiðsla hvers tímabils og stéttaskiptingin, sem upp af henni hlýtur að spretta, séu undirstaða stjórnarskipulagsins og andlega lífsins.“ Hann segir Marx einan hafa leitt þennan sannleika í ljós og stéttabaráttuna komna á það stig „að undirokaða stéttin (öreigalýðurinn) geti ekki losað sig undan oki yfirstéttarinnar (borgarastéttarinnar) án þess að losa allt mannkynið úr læðingi kúgunarinnar og stéttabaráttunnar“. Eftir fráfall Marx sagði Engels útilokað að gera frekari breytingar eða viðbætur við Kommúnistaávarpið.



**24. FEBRÚAR 1848** „Ein Gespenst geht um in Europa – das Gespenst des Kommunismus,“ eru upphafsorð fyrstu útgáfu Kommúnistaávarpsins.

## MERKISATBURÐIR

**1545** Skotar sigra her Englendinga við Ancrum-heiði.

**1570** Píus V páfi bannfærir Elísabetu I Englandsdrottningu.

**1917** Febrúarbylting braust út í Rússlandi þegar hermenn beindu vopnunum að yfirboðurum sínum eftir að hafa verið skipað að skjóta á hóp mótmælenda sem krafðist þess að geta brauðfætt fjölskyldur sínar.

**1956** Nikíta Krútsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, heldur í Moskvu afhjúpunarræðu um Stalín við upphaf þings kommúnistaflokksins. Ræðan er talin marka upphaf fráhvarfs frá Stalínisma í Sovétríkjunum.

**1966** Bandaríska söngkonan Ella Fitzgerald heldur tónleika í Reykjavík.

**1975** Ragnhildur Helgadóttir kosin forseti Norðurlandaráðs, fyrst kvenna.



†

*Systir okkar,*

**Ásdís Guðbjartsdóttir**

lést 23. febrúar í Lindsay, Ontario í Kanada. Ásdís verður jarðsungin laugardaginn 26. febrúar kl. 11.00 í Lindsay.

**Magnús Guðmundsson** **Kristín Guðbjartsdóttir**
**Kristján Guðbjartsson** **Bryndís Guðbjartsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, bróðir og tengdasonur,*

**Bjarni Sveinsson**

lést af slysförum fimmtudaginn 17. febrúar. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálparsveit skáta í Garðabæ. Fyrir hönd ástvina:

**Sigrún Hjaltalín, Lena Björk Bjarnadóttir, Eva Dögg Long Bjarnadóttir, Bjarni Snær Bjarnason, Inga Rún Bjarnadóttir, Viktor Orri Long Valsson, Stefán Sveinsson & Hrafnhildur Sigurðardóttir, Gerður Ragna Sveinsdóttir og Guðrún María Óskarsdóttir.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Bjarnason**

stýrimaður, Hraunbæ 40, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, föstudaginn 25. febrúar, kl. 15.

**Halldór Ómar Sigurðsson, Laufey Guðrún Sigurðardóttir, Atli Sigurðsson, Berglind Sigurðardóttir, Hafrún Sigurðardóttir, Einar Björn Þórisson, barnabörn og barnabarnabörn.**

**Skrifstofa Sameinaða lífeyrissjóðsins verður lokuð í dag,**

**föstudaginn 25. febrúar frá kl. 14.00, vegna jarðarfarar Friðriks Andréssonar, múrarameistara.**


**15% afsláttur**
**af legsteinum**
**gegn staðgreiðslu**
**í janúar og febrúar**
**Sendum myndalista**



*MOSAIK*
*Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is*


**TÍMAMÓT:** SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA 63 ÁRA

# Stefna á aukinn vöxt

Gunnar Svavarsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hafði í mörgu að snúast í gær, enda var þá birt ársuppgjör fyrirtækisins. SH er 63 ára í dag, en starfsemin hefur tekið nokkrum breytingum frá því sem var í upphafi. Á síðustu árum hefur fyrirtækið haslað sér völl í ferskum og kældum sjávarafurðum, í stað frystra áður.

„Meginbreytingin sem orðið hefur á fyrirtækinu er að ekki er lengur um að ræða sölusamtök í eigu framleiðenda með söluskyldu á afurðum þeirra, heldur erum við samsafn sjálfstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hvert á sínum forsendum á sínum markaði og kaupa frá Íslandi eins og öðrum löndum,“ segir Gunnar. Árið 1996 var félaginu breytt í hlutafélag sem tveimur árum síðar var skráð á hlutabréfamarkað. Fyrri eigendur seldu smám saman hluti sína og nýir eigendur komu að félaginu.

„Önnur meginbreytingin er að fyrirtækið, sem eins og nafnið gefur til kynna höndlaði með frystar vörur, hefur frá 2002 tekið stefnuna út á kælda markaðinn,“ segir Gunnar og bætir við að sú starfsemi hafi tekið verulegan kipp um mitt síðasta ár. Hann bendir á að af framleiðslu fyrirtækisins í Bretlandi, sem sé stærsta einstaka markaðssvæðið, séu ekki nema um 27 prósent framleiðslunnar fryst. „Í þriðja lagi höfum við tekið þá stefnu að víkka afurðasviðið. Núna eru rækja og skelfiskur orðin verulegur hluti af veltunni.“




**GUNNAR SVAVARSSON** Forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna segir stefnt á aukinn vöxt fyrirtækisins þar sem nýta eigi ólíka möguleika á fjölmörgum markaðssvæðum fyrirtækjasamstæðunnar.

Í uppgjöri sem birt var í gær kemur fram að reksturinn hefur batnað milli ára. Arðsemi af eigin fé fyrirtækisins var 19 prósent saman borið við 13 prósent árið áður. Rekstrartekjur ársins 2004 voru 70,1 milljarður króna, rúmum ellefu milljörðum meiri en árið áður, en hagnaðurinn jókst þó ekki um nema 209 milljónir milli ára, var 709 milljónir í fyrra en 500 milljónir árið áður.

Gunnar segir stefnt á aukinn vöxt, en segir fara eftir hverjum markaði fyrir sig í hverju sá vöxtur geti falist. „Á síðasta ári var vöxturinn í kældum vörum í Bretlandi. Sá markaður er þróaður og tilbúinn fyrir slíkar vörur. Á öðrum mörkuðum getur það gengið hægar þannig að aukningin verður sambland af frystum og kældum eftir hendinni, auk breiðara vöruvals.“

Þremur árum eftir stofnun Sölumiðstöðvarinnar árið 1942 var fyrsta söluskrifstofan stofnuð á erlendri grund, en það var í New York í Bandaríkjunum. Vestan hafs þróaðist svo starfsemin stig af stigi yfir í framleiðslu og sölu á fiskafurðum. Árið 1955 hófst svo starfsemi í Bretlandi með kaupum á keðju fisksteikingabúða. Nokkru síðar hófst svo verksmiðjuframleiðsla í smásölupakkningar þar. Fyrirtækið hefur starfað í Þýskalandi frá árinu 1981 og í Frakklandi frá árinu 1989.

Í Japan hefur fyrirtækið svo starfað síðan 1990. Í dag eru í samstæðunni fjórtán félög í ellefu löndum og starfsmennirnir ríflega 2.300 talsins. Í útlöndum er samstæðan nefnd Icelandic Group en starfsemin er bæði á smásölumarkaði og markaði fyrir veitingahús, mötuneyti og stofnanir.

## ANDLÁT

**Ingvar Björnsson**, frá Gafli, lést miðvikudaginn 9. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
**Ólafía Laufey Guðmundsdóttir**, Tjarnargötu 12, Sandgerði, lést þriðjudaginn 15. febrúar. Úförin hefur farið fram í kyrrþey.
**Siggeir Geirsson**, frá Sléttabóli, dvalarheimilinu Klausturhólum, lést föstudaginn 18. febrúar.
**Elín Haraldsdóttir**, Spóahólum 14, Reykjavík, lést laugardaginn 19. febrúar.


**Minningarkort Hjartaverndar**
**535 1825**
HJARTAVERND

**SÓLSTEINAR**
**10-40% afsláttur**
af legsteinum út febrúar



**Kársnesbraut 98 • Kópavogi**
**564 4566 • www.solsteinar.is**


## JARÐARFARIR

13.00 **Ása Lilja Arnórsdóttir**, Elliheimilinu Grund, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Gunnhildur Eiríksdóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Jóhann V. Sigurjónsson**, Álftahólum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

3.00 **Óskar Þór Gunnlaugsson**, Bræðraborgarstíg 49, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu í Reykjavík.

13.00 **Sveinborg Jónsdóttir**, frá Núpi, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

14.00 **Hafdís Lára Kjartansdóttir**, Melási 10, Garðabæ, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Þórey Ólöf Halldórsdóttir**, Skálateigi 1, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.

14.00 **Valgerður Pálsdóttir**, Kálfafelli, verður jarðsett á Kálfafelli.

15.00 **Friðrik Andrésson**, múrarameistari, Kirkjusandi 1, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Guðjón G. Guðjónsson**, Laugarnesvegi 89, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Sigurður Bjarnason**, stýrimaður, Hraunbæ 40, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

## AFMÆLI

**Þorsteinn Eggertsson** tónlistarmaður (Steini spil) er 63 ára í dag.





**Sigurður B. Stefánsson** bankamaður er 58 ára í dag.

**Jón Ólafsson** tónlistarmaður er 42 ára í dag.





**Guðrún Vilmundardóttir** leikhúsfræðingur er 31 árs í dag.

**Nína Dögg Filippusdóttir** leikkona er 31 árs í dag.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.743 **+1,02%**

**Fjöldi viðskipta:** 272
**Velta:** 2.865 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | 3,90% | **Tryggingamiðstöðin** | -4,09% |
| **Landsbankinn** | 2,43% | **HB Grandi** | -0,65% |
| **Íslandsbanki** | 2,15% | **Össur** | -0,60% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,00 +3,90% ... Atorka 6,00+1,69%... Bakkavör 26,20 +1,16% ... Burðarás 13,10- ... Flugleiðir 13,95 +0,36% ... Íslandsbanki 11,90 +2,15% ... KB banki 512,00 +0,20% ... Kögun 51,00 +0,99% ... Landsbankinn 14,75+2,43% ... Marel 54,00 – ... Medcare 5,90 -... Og fjarskipti 3,81 +0,79% ... Samherji 11,10 +0,91% ... Straumur 9,90 +0,51% ... Össur 82,50 -0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Besta ár í sögu Flugleiða

**Fjárfestingar Flugleiða lyftu afkomu fyrirtækisins, en tveir þriðju hagnaðar komu af fjárfestingarstarfsemi.**

Hagnaður Flugleiða var samkvæmt bjartsýnustu spá greiningardeilda bankanna. Félagið skilaði 3,4 milljarða hagnaði í fyrra og er það 2,3 milljarða betri afkoma en árið áður.

Afkoma félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði var svipuð og árið áður. Árið í fyrra reyndist gjöfult og er þetta besta rekstrarniðurstaða í sögu félagsins. Hannes Smárason, stjórnarformaður félagsins, segir árangurinn á heildina litið mjög góðan. „Hann endurspeglar annars vegar styrkleika í rekstri sem skilaði góðri afkomu við erfiðar ytri kringumstæður.“ Hins vegar segir hann koma í ljós árangur af nýrri stefnu samstæðunnar í alþjóðlegum fjárfestingum. Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi félagsins nam 2,3 milljörðum króna og er fimmtungur hans innleystur hagnaður.

Stjórn Flugleiða mun leggja til við hluthafafund að greiddir verða 1,5 milljarðar í arð til hluthafa eða 44 prósent hagnaðarins.

- hh

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**GOTT VEGANESTI** Nýir stjórnendur Flugleiða fara með gott veganesti í rekstrinum fyrir árið í ár. Flugleiðir hafa aldrei skilað betri afkomu en í fyrra.

**SPÁR UM HAGNAÐ FLUGLEIÐA FYRIR 2004:**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 1.906 |
| KB banki | 3.417 |
| Landsbankinn | 2.025 |
| Niðurstaða | 3.419 |

**tölur í milljónum króna**




**ÞIGGUR EKKI DANSINN** Stjórn Somerfield vill fá frekari fullvissu um hug Baugs til fyrirtækisins og hefur hafnað tilboði Baugs í bili að minnsta kosti.

# Stjórn Somerfield hikar

Stjórn Somerfield ákvað á fundi að hafna tilboði Baugs í fyrirtækið. Stjórnin taldi ekki rétt að svo komnu máli að hleypa Baugi að bókum fyrirtækisins án frekari vissu um framhaldið.

Þetta mun ekki þýða að stjórnin hafi hafnað verðtilboði Baugs, en ótti virðist í stjórninni við að enda í svipaðri stöðu og stjórn Big Food Group gerði þegar áreiðanleikakönnun lækkaði verðið á félaginu. Stjórnin er því hikandi við að hleypa samkeppnisaðila í bækur félagsins án frekari vissu um framhaldið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru forsvarsmenn Baugs hissa á tilkynningu stjórnarinnar og munu kanna hvers konar frekari vissu stjórnin sækist eftir ef framhald á að verða á tilhugalífinu. Erfitt sé að festa verðhugmyndir án þess að kanna áreiðanleika bóka Somerfield. - hh

# Stenst ekki væntingar

Tap Burðaráss á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var talsvert meira en greiningardeildir bankanna bjuggust við. Tap Burðaráss á ársfjórðungnum nam 2,6 milljörðum króna, en hagnaður fyrir árið í heild nam 9,3 milljörðum króna. Frávikið skýrist af meira gengistapi af hlutabréfaeign en gert var ráð fyrir í spám. Óinnleyst tap af fjárfestingum nam 3,8 milljörðum á fjórða ársfjórðungi.

Afkoma Eimskipafélagsins batnaði á árinu og nam hagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði 2,6 milljörðum króna sem er 932 milljón krónum betri afkoma en í fyrra. Afkoman er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Heildareignir Burðaráss námu í árslok ríflega 70 milljörðum og eigið fé var 45,5 milljarðar króna. - hh

# Hagnaður minnkar

Hagnaður Íbúðalánasjóðs nam 1,1 milljarði króna í fyrra og dróst saman um þriðjung. Útlán drógust saman um 3,2 prósent en miklar breytingar urðu á íbúðalánamarkaði á liðnu ári. Útlán bankanna jukust verulega á þeim markaði á árinu og miðað við samdrátt íbúðalánasjóðs hafa bankalánin að stórum hluta komið fram sem aukning á lánamarkaði.

Hreinar vaxtatekjur sjóðsins drógust saman um 26 prósent. - hh



# sport

sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... leikmönnum Skallagríms fyrir að hleypa spennu í Intersportdeildina í körfubolta með því að vinna glæsilegan sigur á Keflvíkingum sem gátu tryggt sér deildarmeistaratitilinn með sigri í Borgarnesi í gær. Þar sem Snæfell lagði síðan Fjölni að velli eru þeir farnir að anda ofan í hálsmál Keflvíkinga og ljóst að hart verður barist um deildarmeistaratitilinn í síðustu umferðunum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

22 23 24 **25** 26 27 28

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Grindavík** og **KFÍ** mætast í Grindavík í Intersportdeildinni í körfuknattleik.

**SJÓNVARP**

- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn.
- 20.00 **UEFA Champions League** á Sýn.
- 20.30 **World's Strongest Man 2004** á Sýn.
- 21.30 **World Supercross** á Sýn.

Áhaldafimleikar:

## Þorramót í Hafnarfirði

**FIMLEIKAR** Þorramót Fimleikasambands Íslands fer fram í dag í Íþróttamiðstöðinni Björk í Hafnarfirði. Mótið hefst kl. 18.30 og er áætlað að því ljúki um kl. 20.20. Keppt er í frjálsum æfingum karla og kvenna, bæði í meistaraflokkum og unglingaflokkum auk þess sem keppt er í fjölþraut og veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur á áhöldum. ■

# Snæfell fékk óvænta hjálp

**Snæfell á enn möguleika á að „stela“ deildarmeistaratitlinum af Keflavík eftir að nágrannar þeirra veittu þeim aðstoð og sigruðu Keflavík.**

**KÖRFUBOLTI** Hefði Keflavík sigrað í Borgarnesi þá hefðu þeir lyft deildarmeistaratitilinum en það er núna ljóst að þeir lyfta honum ekki alveg strax.

Á sama tíma og Keflavík tapaði í Borgarnesi þá vann Snæfell góðan sigur á spútnikliði Fjölnis í Stykkishólmi en allur vindur virðist farinn úr leikmönnum Fjölnis sem hafa tapað hverjum leiknum á fætur öðrum.

### KR lagði ÍR

Það var alvöru Reykjavíkurslagur í DHL-höllinni í gær þar sem KR tók á móti ÍR en heimamenn máttu mjög illa við því að tapa leiknum.

Þeir áttu hreint út sagt frábæran fjórða leikhluta þar sem þeir skoruðu meðal annars sautján stig í röð en sá kafli lagði grunninn að góðum sigri KR-inga.

Cameron Echols átti stórleik fyrir KR í gær, skoraði 39 stig og tók tíu fráköst. Hann var ánægður í leikslok.

„Við ákváðum að taka okkur saman í andlitinu og hlutirnir fóru loksins að ganga almennilega í fjórða leikhluta hjá okkur,“ sagði Echols sem vildi ekki gera of mikið úr eigin frammistöðu í leiknum.

„Vissulega fann ég mig vel en ég hefði aldrei gert neitt án góðrar hjálpar frá félögum mínum,“ sagði Echols en hann hrósaði einnig nýja útlendingnum í KR-liðinu, Aaron Harper.

„Það er ekki spurning að það hefur mikið að segja fyrir mig að hafa annan svona sterkan leikmann í liðinu. Hann dregur til sín varnarmenn og fyrir vikið losnar um mig og mér tókst að nýta það í kvöld.“

Echols hefur trú á því að KR-liðið geti gert usla í úrslitakeppninni.

„Ef við leikum í úrslitakeppninni eins og við gerðum í fjórða leikhluta hér í kvöld þá getum við farið ansi langt og jafnvel í undanúrslit en það er stefnan hjá okkur,“ sagði Bandaríkjamaðurinn Cameron Echols kátur og sæll í DHL-höllinni í gær en hann var langbesti leikmaður vallarins og ÍR-ingar réðu ekkert við hann.



**ECHOLS HEITUR** KR-ingurinn Cameron Echols átti frábæran leik fyrir KR gegn ÍR í gær. Kappinn skoraði 39 stig og tók 10 fráköst.






## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Intersportdeildin í körfu

**KR–ÍR** 108–88

**Stig KR:** Cameron Echols 39, Jón Ó. Jónsson 17, Aaron Harper 14, Brynjar Þ. Björnsson 14, Lárus Jónsson 8, Steinar Kaldal 7, Hjalti Kristinsson 7, Níels Dungal 2..

**Stig ÍR:** Grant Davis 24, Theo Dixon 22, Ólafur J. Sigurðsson 12, Eiríkur Önundarson 12, Fannar Helgason 9, Ómar Sævarsson 6, Gunnlaugur Erlendsson 2, Ólafur Þórisson 1..

**HAMAR/SELFOSS–HAUKAR** 85–91

**Stig Hamars/Selfoss:** Chris Woods 21, Marvin Valdimarsson 20, Damon Bailey 19, Svavar Páll Pálsson 10, Ragnar Gylfason 7, Hallgrímur Brynjólfsson 7, Friðrik Hreinsson 3.

**Stig Hauka:** Mike Manciel 32, Demetric Shaw 23, Kristinn Jónasson 14, Sævar Haraldsson 10, Mirko Virijevic 6, Ottó Þórsson 3, Sigurður Einarsson 2, Gunnar Sandholt 1.

**NJARÐVÍK–TINDASTÓLL** 87–75

**Stig Njarðvíkur:** Friðrik Stefánsson 16, Anthony Lackey 15, Páll Kristinsson 15, Brenton Birmingham 10, Ólafur Ingvason 10, Matt Sayman 8, Egill Jónasson 5, Halldór Karlsson 4, Guðmundur Jónsson 4.

**Stig Tindastóls:** Brian Thompson 21, Svavar Birgisson 17, Ísak Einarsson 14, Arnar Ingvarsson 12, Bethuel Fletcher 9, Kristinn Friðriksson 2.

**SNÆFELL–FJÖLNIR** 95–84

**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 26, Michael Ames 19, Hlynur Bæringsson 12, Pálmi Sigurgeirsson 11, Calvin Clemmons 9, Magni Haftseinsson 8, Helgi Guðmundsson 7.

**Stig Fjölnis:** Jeb Ivey 23, Nemanja Sovic 23, William Coley 22, Magnús Pálsson 9, Brynjar Kristófersson 2, Helgi Þorláksson 2, Hjálti Vilhjálmsson 1.

**SKALLAGRÍMUR–KEFLAVÍK** 87–83

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **20** | **16** | **4** | **1845–1590** | **32** |
| SNÆFELL | 20 | 15 | 5 | 1745–1606 | 30 |
| **NJARÐVÍK** | **20** | **14** | **6** | **1785–1580** | **28** |
| FJÖLNIR | 20 | 12 | 8 | 1842–1826 | 24 |
| **SKALLAGR.** | **20** | **11** | **9** | **1752–1696** | **22** |
| ÍR | 20 | 11 | 9 | 1813–1802 | 22 |
| **KR** | **20** | **10** | **10** | **1838–1772** | **20** |
| HAUKAR | 20 | 8 | 12 | 1754–1746 | 16 |
| **GRINDAVÍK** | **19** | **8** | **11** | **1735–1804** | **16** |
| HAM./SELF. | 20 | 7 | 13 | 1785–1874 | 14 |
| **TINDAST.** | **20** | **5** | **15** | **1701–1895** | **10** |
| KFÍ | 19 | 2 | 17 | 1612–2008 | 4 |

### Evrópukeppni félagsliða:

**DNEPR–PARTIZAN BELGRAD** 0–1
0–1 Djordevic (87.).
*Partizan* vann samanlagt, 2–3.

**SCHALKE–DONETSK** 0–1
0–1 Aghahowa (22.).
*Donetsk* vann samanlagt, 1–2.

**ALKMAAR–AACHEN** 2–1
0–1 Meijer (32.), 1–1 Galen (62.), 2–1 Mathijsen (80.).
*Alkmaar* vann samanlagt, 2–1.

**STEAUA BÚKAREST–VALENCIA** 2–0
1–0 Cristea (49.), 2–0 Cristea (70.)
*Steaua* vann samanlagt, 6–5, eftir vítakeppni.

**SOCHAUX–OLYMPIAKOS** 0–1
0–1 Stoltidis (67.).
*Olympiakos* vann samanlagt, 0–2.

**AUSTRIA VÍN–ATH.BILBAO** 0–0

**NEWCASTLE–HEERENVEEN** 2–1
1–0 Breuer, sjm (10.), Shearer (25.), 2–1 Bruggink, víti (60.)
*Newcastle* vann samanlagt, 4–2.

**FEYENOORD–SPORTING LISSABON** 1–2
0–1 Liedson (62.), 0–2 Rochemback (83.) 1–2 Hofs (89.).
*Sporting* vann samanlagt, 2–4.

**AUXERRE–AJAX** 3–1
1–0 Kalou (31.)m 1–1 Babel (37.), 2–1 Cheyrou (55.), 3–1 Mathis (86.).
*Auxerre* vann samanlagt, 3–2.

**REAL ZARAGOZA–FENERBACHE** 2–1
1–0 Galletti (11.), 2–0 Savio (71.), 2–1 Sousa (87.)
*Zaragoza* vann samanlagt, 3–1.

**MIDDLESBROUGH–GRAZER** 2–1
0–1 Bazina (9.), 1–1 Morrison (19.), 2–1 Hasselbaink (61.).
*Middlesbrough* vann samanlagt, 4–3.

**LILLE–BASEL** 2–0
1–0 Moussilou (37.), 2–0 Acimovic, víti (78.).
*Lille* vann samanlagt, 2–0.

### Norðurlandamót félagsliða:

**A-RIÐILL**

**DJURGAARDEN–ROSENBORG** 0–1
0–1 Stensaas (70.).

**VÅLERENGA–ESBJERG** 1–1
0–1 Berglund (68.), 1–1 Hulsker (82.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| VÅLERENGA | 6 | 5 | 1 | 0 | 10–4 | 16 |
| **ROSENBORG** | **6** | **3** | **1** | **2** | **10–9** | **10** |
| ESBJERG | 6 | 2 | 1 | 3 | 6–5 | 7 |
| **DJURGARD.** | **6** | **0** | **1** | **5** | **5–13** | **1** |

**B-RIÐILL**

**FC KAUPMANNAHÖFN–GAUTABORG** 1–0
1–0 Bergvold (56.).

**TROMSØ–BRØNDBY** 2–4
0–1 Elmander (9.), 1–1 Yndestad (15.), 1–2 Kahlenberg (17.), 1–3 Kamper (18.), 1–4 Kahlenberg (25.), 2–4 Essediri (64.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FCK** | **6** | **3** | **3** | **0** | **7–3** | **12** |
| GAUTAB. | 6 | 3 | 1 | 2 | 6–3 | 10 |
| **BRØNDBY** | **6** | **2** | **1** | **3** | **8–11** | **7** |
| TROMSØ | 6 | 0 | 3 | 3 | 7–11 | 3 |

**C-RIÐILL**

**HALMSTAD–BRANN** 0–0

**OB–MALMØ** 1–2
0–1 Skoog (5.), 0–2 Rosenberg (75.), 1–2 Borre (88.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MALMØ** | **6** | **4** | **0** | **2** | **9–8** | **12** |
| BRANN | 6 | 3 | 1 | 2 | 8–6 | 10 |
| **HALMSTAD** | **6** | **2** | **2** | **2** | **7–6** | **8** |
| OB | 6 | 1 | 1 | 4 | 7–11 | 4 |



Fjölnismenn missa sinn besta mann í Intersportdeildinni í körfubolta:

# Skelfileg blóðtaka á þessum tíma

**KÖRFUBOLTI** Darrel Flake hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Fjölni í Intersportdeildinni í körfubolta í vetur því hann þarf að fara í aðgerð á hné vegna þráðlátra hnémeiðsla sem hafa angrað hann seinni hluta vetrar. Í stað Flake hafa Fjölnismenn fengið til sín William Coley sem lék síðast í sænsku úrvalsdeildinni í fyrra. Coley er 197 sm framherji sem skoraði 16 stig að meðaltali með Södertalje í Svíþjóð síðasta vetur.

**HNÉMEIÐSLIN DÝRKEYPT** Hnémeiðsli Darrels Flake þýða að hann spilar ekki meira með Fjölni í vetur og þarf að fara í aðgerð í Bandaríkjunum.

„Þetta er skelfileg blóðtaka á þessum tíma fyrir okkur og í raun algjört neyðarúrræði. Það er mjög slæmt að þurfa að stokka upp í liðsheildinni þegar svona lítið er eftir af mótinu. Nýi maðurinn er engin bomba en honum er ætlað það hlutverk að komast sem fyrst inn í leik liðsins og er vonandi traustur liðsspilari. Flake er mikið hörkutól og hefur verið að pína sig í síðustu leikjum en nú fékk hann þau skilaboð frá læknum að hann yrði að fara í aðgerð annars væri hann að skemma sig. Það er mjög leiðinlegt að hann geti ekki klárað þennan vetur með okkur því Flake er frábær leikmaður og hefur átt mikinn þátt í velgengni okkar og var algjör miðpunktur í sóknarleiknum,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, um missi nýliðanna.

Darrel Flake hefur glímt við meiðslin eftir áramót og hefur lítið sem ekkert getað æft vegna þeirra.

„Flake átti mjög góðan leik gegn Njarðvík en eftir leikinn gat hann varla stigið í löppina og þá var ljóst að þetta væri vart á hann leggjandi lengur,“ sagði Benedikt enn fremur en Flake skoraði 22,9 stig og tók 13 fráköst að meðaltali.

ooj@frettabladid.is

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Argentínska knattspyrnugoðið **Diego Armando Maradona** þarf að punga út 40 milljónum dollara í sekt til ítalskra skattayfirvalda vegna skattsvika. **Maradona** var fundinn sekur í nóvember árið 2001 en áfrýjaði dómnum. Áfrýjuninni var synjað í hæstarétti í fyrradag. Verjendur **Maradona** greindu frá því að skjólstæðingi þeirra hefði aldrei verið sagt frá málinu af ítölskum skattayfirvöldum. Það reyndist hins vegar ekki á rökum reist þar sem kom í ljós að **Maradona** fékk tvívegis gögn um málið, árið 1994 og 1998.



**Sir Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri Manchester United, var ekkert gramur yfir mistökum **Roy Carroll**, markvarðar United-liðsins, eftir tapið gegn AC Milan í Meistaradeild Evrópu í fyrrakvöld. **Carroll** missti boltann frá sér eftir langskot frá **Clarence Seedorf** og **Hernan Crespo** varð fyrri til knattarins og skoraði, 12 mínútum fyrir leikslok. „Við hefðum átt að stöðva þá fyrr í sókninni,“ sagði **Ferguson**, sem fullyrti að leikurinn hefði tapast á dauðafærum United-liðsins þar sem menn stigu feilspor í hvívetna. Seinni leikurinn verður á heimavelli Milan eftir tvær vikur.

**Jose Antonio Reyes** var í gær dæmdur í þriggja leikja bann af enska knattspyrnusambandinu eftir að hafa tekið þátt í slagsmálum í leik gegn Sheffield United um síðustu helgi. Leiknum lauk með jafntefli, 1-1. Þá var áfrýjun Hollendingsins **Dennis Bergkamp** hafnað.

**Shaquille O'Neal** meiddist á hné þegar Miami Heat beið lægri hlut fyrir Chicago Bulls í framlengingu í NBA-körfuboltanum á þriðjudagskvöldið, 105-101. Orðrómur fór strax á kreik um að kappinn myndi ekki leika meira með á tímabilinu en forráðamenn Heat þvertóku fyrir að meiðslin væru alvarleg. „Hann fer í myndatöku í dag,“ sagði **Stan Van Gundy**, þjálfari Heat, og bætti við að liðið væri fullfært um að leika vel þó að **Shaq** væri fjarri góðu gamni. „Liðið er náttúrulega byggt í kringum hann en við getum alveg bitið frá okkur með því að breyta leikskipulaginu.“ Heat tapaði fyrir Indiana Pacers í fyrrinótt, 93-91.



Það er auðveldara að leika í auglýsingu en að vinna spænsku deildina. Þetta lét **David Beckham**, leikmaður Real Madrid, hafa eftir sér á meðan á tökum stóð á nýrri Pepsi-auglýsingu. Þar má einnig sjá söngdívurnar **Jennifer Lopez** og **Beyoncé**. **Beckham** sagði að sönn ánægja hefði verið að vinna með söngkonunum tveimur. Slúðurblöðin máttu bíða eftir **Beckham** í vel á þriðju klukkustund eftir að tökum lauk. Blaðasnáparnir vildu ólmir spyrja **Becks** út í nýfæddan son kappans en breska knattspyrnugoðið vildi ekkert afhjúpa um drenginn.














Tónleikar á Nasa fös. 25. og lau. 26. febrúar kl.23.00
NOJAZZ ( franskur elektró-jass ) og **JAGÚAR**
Forsala 700.kr Miðaverð 1000 kr.
af.ismennt.is / nasa.is

ICELANDAIR Paris   Alliance Française




# STUÐ MILLI STRÍÐA : Bling! Bling!

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** ER EKKI SÓLGINN Í GLITRANDI HLUTI



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Þegar ég var 10 ára varð allt skyndilega morandi í síðhærðum rokkurum, sem flössuðu fáklæddum fyrirsætum í myndböndum, flottum bílum og kampavíni. Á þessum tíma var ég nýhættur að stelast í Led Zeppelin og Jimi Hendrix-plöturnar hans pabba. Madonna var auðvitað númer eitt, tvö og þrjú.

Guns N' Roses var eina hárþungarokksveitin sem heillaði mig eitthvað, en ég gafst fjótlega upp eftir að sjarmi Appetite for Destruction lak af sveitinni. Ég hafði aldrei bíladellu sem krakki og var ekki mikið fyrir að dást að skartgripunum eða varalitnum hennar mömmu heldur, þannig að ég gat ómögulega tengt mig við glamrokkaranna.

Þegar ég var 13 ára kynntist ég Pixies, Sonic Youth og síðar Nirvana. Þá fékk ég endanlega ógeð á öllu sem glitraði í tónlist.

Núna með bling-rappinu er þetta komið aftur. Myndböndin snúast ekkert um það að túlka lögin, heldur að sýna sem flottustu rassana, bílana, gimsteinana, gullkeðjurnar, eða jafnvel bara að veifa peningabúnti.

Mér finnst leiðinlegt að eyðileggja þetta fyrir ykkur en, stelpurnar eru á kaupi og bílarnir eru leigðir. Af hverju haldiði að tónlistarmönnunum finnist annars svona gaman þarna? Það er út af því að þeir vita að þegar tökum lýkur fara þeir aftur heim og vaska upp fyrir mömmu eftir kvöldmatinn.

Þetta er sama vitleysan og var í gangi á tímum glysrokksins. Fátækir tónlistarmenn að veifa dýrum hlutum eins og ef sigurvegari í ólympíuleikunum myndi veifa medalíunni sinni framan í alla í súpermarkaðinum. Eini munurinn er að tónlistarmennirnir eiga ekki medalíurnar sjálfir. Og þeir eru ekki búnir að vinna ennþá. Það fer alveg eftir ykkur, hvort þeir komast upp á verðlaunapall. Á endanum er það auðvitað alltaf tónlistin sjálf. Ef hún er sálarlaus getur enginn tengt sig við hana, sama hversu flottar túttturnar á gellunum eru í myndböndunum.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Blóma og bast
## markaður






Silki **rósir,** margir litir



Silki **liljur**



Silki **kryddjurtir í potti** margar teg.



**Bastkörfur** 3 stærðir



**Bastkassar** 3 stærðir



Skraut **ávextir**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

ÍSLENSKI MARKAÐSDAGURINN:

# Lúðurinn veittur í dag

Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, verður veittur í nítjánda sinn í dag. Það er ÍMARK, félag íslensks markaðsfólks, í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA), sem stendur fyrir keppninni en markmiðið með henni er að verðlauna þær auglýsingar sem þykja skara fram úr á Íslandi.

Yfir 400 auglýsingar bárust í keppnina í ár. Keppt er í tólf flokkum og dómnefnd er skipuð fimmtán aðilum; fimm frá ÍMARK, fimm frá SÍA, þremur frá Félagi íslenskra teiknara, einum frá Orðspori, félagi textagerðarmanna, og einum aðila frá Félagi kvikmyndagerðarmanna. Atkvæðagreiðsla dómnefndar er leynileg, þannig að dómnefndin veit ekki fyrr en í dag hver úrslitin eru.

Íslenski markaðsdagurinn, sem haldin er af sama tilefni, verður einnig haldinn með pompi og prakt í dag. Ráðstefna hefst klukkan níu sem stendur langt fram eftir degi. Klukkan fimm hefst sjálfurinn Lúðurinn í Háskólabíói, þar sem verðlaunin verða afhent og um kvöldið verður boðið í sérstaka Lúðrahátíð í Listasafni Reykjavíkur þar sem verður boðið upp á mat og skemmtanir.

LÚÐURINN
ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN

ÍMARK
FÉLAG ÍSLENSKS MARKAÐSFÓLKS

# Bestu auglýsingarnar að mati þjóðarinnar

Þjóðin kaus um bestu auglýsinguna í sex flokkum, Almannaheillaauglýsingar – ljósvakamiðlar, Almannaheillaauglýsingar – prent-miðlar, Dagblaðaauglýsingar, Sjónvarpsauglýsingar, Tímaritaauglýsingar og Útvarpsauglýsingar, á visir.is. Um þúsund manns tóku þátt í valinu og varð niðurstaðan sem hér segir.

**ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR - LJÓSVAKA**



TITILL: **Hægðu á þér**
AUGLÝSANDI: **Umferðarstofa**
FRAMLEIÐANDI: **Hvíta húsið og Spark**

**ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR - PRENT**



TITILL: **Hægðu á þér**
AUGLÝSANDI: **Umferðarstofa**
FRAMLEIÐANDI: **Hvíta húsið**

**DAGBLAÐAAUGLÝSINGAR**



TITILL: **Clinton á Bæjarins beztu**
AUGLÝSANDI: **SS**
FRAMLEIÐANDI: **Fíton**

**SJÓNVARPSAUGLÝSINGAR**



TITILL: **Kollekt *888* – lækur**
AUGLÝSANDI: **Síminn**
FRAMLEIÐANDI: **ENNEMM / Saga film – Samúel Bjarki og Gunnar Páll**

**TÍMARITAAUGLÝSINGAR**



TITILL: **Gefðu gjöf sem vex**
AUGLÝSANDI: **Íslandsbanki**
FRAMLEIÐANDI: **Fíton**

**ÚTVARPSAUGLÝSINGAR**

TITILL: **Hlussan á Hlemmi**
AUGLÝSANDI: **Síminn**
FRAMLEIÐANDI: **Sveppi, Pétur og Auddi í 70 mínútum**








FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SIGURVEGARARNIR** Elín Hilmarsdóttir, Bjarney Hinriksdóttir og Gísli Brynjólfsson fá Lúður, sem Fréttablaðið og visir.is gefa, en þjóðin valdi auglýsingu þeirra, Hægðu á þér, sem bestu auglýsinguna. Guðjón Jónsson hjá Spark leikstýrði auglýsingunni.

HÆGÐU Á ÞÉR: VALIN BESTA AUGLÝSINGIN Á VISIR.IS

# Falleg en átakanleg

Þjóðin valdi auglýsingaherferðina **Hægðu á þér**, sem Hvíta húsið og Spark gerðu fyrir Umferðarstofu, sem bestu auglýsinguna en kosið var á vefsvæðinu visir.is. Hægðu á þér fékk yfirburðakosningu eða rúm 30 prósent, nánast tvöfalt fleiri atkvæði en næsta auglýsing sem kom á eftir.

Hugmyndasmiður auglýsingarinnar er Bjarney Hinriksdóttir sem starfar hjá Hvíta húsinu. „Þegar Umferðarstofa var að leita að hugmyndum fyrir næstu herferð komum við á fót auglýsingakeppni hér innanhúss. Bjarney átti þessa hugmynd en auglýsingin á að sýna á táknrænan hátt fórnarlömb umferðarslysa," segir Gísli Brynjólfsson sem kom einnig að gerð auglýsingarinnar ásamt Elínu Hilmarsdóttur textagerðarkonu.

Hægðu á þér hefur hlotið verðlaun víða en hún hreppti meðal annars gullið á Eurobest Awards auglýsingahátíðinni. Þar er, að sögn Gísla, keppt um hálfgerðan Evrópumeistaratitill í auglýsingum. „Hún vann í almannaheillaflokknum þar og atti meðal annars kappi við auglýsingu frá frönsku Umferðarstofunni. Sú auglýsing hefur verið gríðarlega vinsæl út um allan heim. Engin íslensk auglýsing eða auglýsingastofa hefur fengið verðlaun á þessari hátíð áður," segir Gísli.

Aðspurður segir Gísli að verðlaun sem þessi skipti hiklaust miklu máli. „Þetta er ákveðin viðurkenning á því starfi sem við erum að vinna enda eru einkunnarorð Hvíta hússins: – *allt starf er skapandi*."

Kosningin um **bestu auglýsinguna** fór fram á Vísi og þar var hægt að rökstyðja hvers vegna sú auglýsing varð fyrir valinu. Þeir sem kusu **Hægðu á þér** sem bestu auglýsinguna sögðu meðal annars: „Þetta er besta auglýsingin vegna þess að hún er einföld en segir samt allt sem segja þarf. Hún er eftirminnileg, falleg en samt átakanleg. Tónlist og mynd fara vel saman og textinn er skýr", „Rosalega áhrifamikil auglýsing!!! Fer alltaf að gráta þegar ég sé hana...svo sorgleg" og „Það smellur allt saman, vísur Vatnsenda-Rósu passa vel við, hún er falleg en jafnframt sorgleg".

Hvíta húsið fær afhentan Lúður, verðlaunagrip Ímark-hátíðarinnar, í kvöld en það eru Fréttablaðið og visir.is sem gefa verðlaunin. ■

Íslenski auglýsingamarkaðurinn velti 11,3 milljörðum 2004:

# Fréttablaðið í lykilhlutverki

Heildarvelta íslenska auglýsingamarkaðarins var um 11,3 milljarðar á síðasta ári og jókst um 10 prósent frá árinu á undan. Þetta kemur fram í úttekt IMG-Gallup sem nær utan um alla auglýsingamiðla nema útvarp. Tölurnar eru reiknaðar út frá listaverði fjölmiðlanna og er án afslátta.

Dagblöðin eru langstærstu auglýsingamiðlarnir með um 61 prósents hlut af veltunni en í öðru sæti er sjónvarp með 27 prósenta hlut.

Auglýsingar í dagblöðum jukust verulega á síðasta ári í samanburði við auglýsingar í öðrum fjölmiðlum samkvæmt úttekt IMG-Gallup. Fréttablaðið leikur lykilhlutverk í þeirri aukningu. Frá því að blaðið var sett á fót árið 2001 hafa auglýsingatekjur dagblaða aukist um 44 prósent í samanburði við 7 prósenta tekjuhækkun í sjónvarpi. Þennan árangur má þakka fádæma útbreiðslu blaðsins en fjölmiðlakannanir hafa ítrekað sýnt að um 70 prósent landsmanna lesa Fréttablaðið á hverjum degi og yfir 90 prósent lesa það eitthvað í hverri viku. Þessi mikli og stöðugi lestur gerir Fréttablaðið að mest notaða fjölmiðli landsins. Auglýsingamarkaðurinn hefur fylgt blaðinu vel eftir en velta þess rúmlega sexfaldaðist frá 2001 til 2004. Ef heldur fram sem horfir mun Fréttablaðið afla mestra auglýsingatekna allra fjölmiðla á þessu ári. ■




**LESTUR DAGBLAÐA 1999-2004** Uppsafnaður lestur dagblaða á vikutímabili skv. fjölmiðlakönnunum IMG-Gallup. Yfir 90% landsmanna lesa Fréttablaðið í hverri viku.




# JÓN ÓSKAR

## 25. febrúar - 1. apríl 2005

Verið velkomin á opnun sýningar Jóns Óskars
í **101 gallery**, Hverfisgötu 18, í dag kl. 17.00.

101 gallery
reykjavik

Hverfisgata 18 Sími: 511 6999 101gallery@101gallery.is www.101hotel.is

**kl.17.00**
*Í dag stendur myndlistardeild Listaháskóla Íslands fyrir kynningu í sýningarrýminu Kubbnum á listamanninum **Einari Þorlákssyni**, sem á sínum tíma varð fyrir sterkum áhrifum af verkum Cobra-listamanna og hefur sótt innblástur til náttúrutengdra listamanna á súrrealíska kantinum. Kynningin hefst klukkan 17 í dag, en sýning á verkum hans verður opin virka daga næstu þrjár vikurnar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Blása nýju stuði í djassinn*

Stuðboltarnir í frönsku hljómsveitinni NoJazz ætla að sjá til þess að allir bregði sér út á dansgólfið á Nasa við Austurvöll í kvöld. Þrátt fyrir nafnið eru þeir djassarar af lífi og sál, en hafa einsett sér að blása nýju stuði í djassinn, hefja hann til vegs á ný sem fjöruga danstónlist og skemmtitónlist eins og hann var í öndverðu.
NoJazz verður með tónleika í Nasa bæði í kvöld og annað kvöld. Engin lognmolla ríkir á tónleikum þeirra enda eru þeir jafnvígir á djass, hiphop, fönk og jungle.
Á báðum tónleikunum kemur hin einstæða fönkhljómsveit Jagúar fram með NoJazz, og aldrei er að vita nema tónlistarmennirnir úr þessum tveimur líflegu hljómsveitum djammi svolítið saman þegar líða tekur á kvöldið.
NoJazz er skipuð þeim Philippe Sellam á saxófón, Guillaume Poncelet á trompet,



Pascal Reva á slagverk og gítar, Philippa Balatier á hljómborð og Mickael Chekli sem sér um hljóðsmölun.
Hljómsveitin gaf út sinn fyrsta disk árið 2002 eftir að hafa einbeitt sér lengi að tónleikahaldi. Árið 2004 kom svo plata númer tvö: Nolimits Mixes & Combinations.

### EKKI MISSA AF…

… opnun á myndlistarsýningu **Jóns Óskars** í 101 gallery að Hverfisgötu 18a, sem verður klukkan 17 í dag. Þar dregur Jón Óskar saman marga þætti úr rúmlega tveggja áratuga starfi sínu.

… tónleikum í Salnum á morgun þar sem söngvararnir **Marta Guðrún Halldórsdóttir, Snorri Wium** og **Ólafur Kjartan Sigurðarson** syngja lög eftir **Tryggva M. Baldvinsson**. Með þeim leikur **Hrefna Eggertsdóttir** á píanó og einnig leikur Salon-hljómsveit Berjadaga með **Örn Magnússon** í broddi fylkingar.

… þremur einkasýningum í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, sem öllum lýkur nú um helgina. Þetta eru sýningar **Bjargeyjar Ólafsdóttur, Brians Griffin** og **Þórðar Ben Sveinssonar**.

# Lafði Macbeth og Dorian Gray

Lafði Macbeth og Dorian Gray mætast á sviðinu í Klink og Bank í kvöld og annað kvöld þegar sænska leikkonan Annika B. Lewis fer með hlutverk þeirra beggja í einleik sínum, Blændverk.

Annika er bæði leikari, dansari og skemmtikraftur. Hún segist blanda saman þessum þremur þáttum sviðslistarinnar og geti í raun ekki gert upp á milli þeirra. Þar fyrir utan er hún bæði höfundur og leikstjóri einleiksins, sem byggður er á textum eftir Shakespeare og Oscar Wilde, textabrotum úr dægurlögum og kvikmyndum, auk þess sem hún bætir við frumsömdum textum frá eigin brjósti.

„Við erum líka með stjórt tjald og sjónvarpsskjá þar sem sýndar eru kvikmyndir. Svo er tónlistarmaður með mér á sviðinu sem notar nútímagræjur til að stjórna bæði sjónrænni hlið sýningarinnar og tónlistinni.“

Þessi tónlistarmaður er Jens Mønsted, sem jafnframt gegnir hlutverki „myndbandasnúðs“, ef nota má svo skelfilegt orð yfir „video jockey“ eins og hann nefnir sig.

„Ég er líka að leika mér svolítið með orðið Blændverk,“ segir Annika, því Blændverk, sem er nafn sýningarinnar, þýðir blekkingarleikur eða sjónhverfingar, en um leið er hún að blanda saman ýmsum þáttum sviðslistanna, dansi, leiklist og skemmtiatriðum svo úr verður ein heild.

„Og svo nota ég blandara á sviðinu, heimilistækið.“

Sýningin hverfist sem fyrr segir í kringum þau lafði Macbeth og Dorian Gray, sem við fyrstu sýn virðast ekki eiga margt sameiginlegt.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SJÓNHVERFINGAR** Sænska leikkonan Annika B. Lewis sýnir einleik sinn, Blændverk, í Klink og Bank í kvöld og annað kvöld.

„Mér finnst þau samt standa mjög nærri hvort öðru. Þau hafa bæði mikinn metnað, en munurinn er þó sá að Lafði Macbeth áttar sig á endanum á því hvílíkt illvirki hún hefur framið. Gray er hins vegar tælandi, eins og djöfullinn, hann reynir að sannfæra menn um að hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig en vera ekki að brjóta heilann yfir stórum hugmyndum eða vera með tillitssemi við aðra.“

Sýningin Blændverk var frumsýnd árið 2003 í Kaupmannahöfn, en Annika hefur ferðast með hana víða um Danmörku og Svíþjóð. Í júní ætlar hún með hana til Noregs og á næsta ári til Bandaríkjanna.

Sýning hennar í Klink og Bank hefst klukkan 21 bæði kvöldin. ■

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
ÖXIN OG JÖRÐIN
FÁAR SÝNINGAR EFTIR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
11. sýn. í kvöld fös. 25/2 **nokkur sæti laus**, lau. 5/3 **nokkur sæti laus**, fim. 10/3, fim. 17/3. **Aðeins þessar fjórar sýningar eftir.**
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Lau. 26/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 27/2 kl. 14:00 **90. sýning uppselt**, sun. 6/3 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**. **Allra síðasta sýning.**
EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning örfá sæti laus**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4, lau. 8/4.
MÝRARLJÓS - *Marina Carr*
6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
GRJÓTHARÐIR - *Hávar Sigurjónsson*
Sun. 27/2 **uppselt**, fim. 3/3 **nokkur sæti laus**, sun. 6/3, sun. 12/3.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 26/2 **nokkur sæti laus**, fös. 4/3, fös. 11/3. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
**Aukasýning fim. 3/3 nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

HÍBÝLI VINDANNA
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - UPPSELT,
Lau 26/2 kl 20 - UPPSELT
Fö 4/3 kl 20 - UPPSELT, Lau 5/3 kl 20,
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20,
Fö 8/4 kl 20

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
SÝNIR: OPEN SOURCE
*eftir Helenu Jónsdóttur*
Frumsýnig Su 27/2 kl 20, Fi 3/3 kl 20,
Su 6/3 kl 20 - *Aðeins 3 sýningar*

HÉRI HÉRASON
*e. Coline Serreau*
*Sýningar halda áfram eftir páska.*

LÍNA LANGSOKKUR
*e. Astrid Lindgren*
Su 27/2 kl 14 , Su 6/3 kl 14 *Síðustu sýningar*

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

SEGÐU MÉR ALLT
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

BELGÍSKA KONGÓ
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20 - UPPSELT,
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
*Lokasýningar*

AUSA eftir Lee Hall
*Í samstarfi við LA.*
Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
*Ath: Miðaverð kr. 1.500*

AMERICAN DIPLOMACY
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20, Mi 2/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20,
Fi 17/3 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Frumsýning Fö 4/3 kl 20,
Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20,
Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

SVIK
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 27/2 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

15:15 TÓNLEIKAR
*ÍSLENSKI FLAUTUKÓRINN*
*Lau 26/2 kl. 15:15*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga






HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
í kvöld 25/2
Lau 26/2
Sun 27/2 nokkur sæti laus
Sýningar hefjast kl. 20
Ath! Takmarkaður sýningarfjöldi
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

GERÐUBERG

HVAR ER BARNAMENNINGIN?
Málþing Barnamenningarsjóðs og Gerðubergs.
Laugardaginn 5. mars
Skráning hafin í síma 575 7706
ROSEMARIE TROCKEL
Ljósmyndir · Skúlptúrar · Teikningar
Myndbönd
Ath. Síðasta sýningarhelgi!
SIGRÍÐUR Í VIGUR
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum
www.gerduberg.is

# Leikur að orðum

## LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Landið vifra**
Möguleikhúsið v/ Hlemm

Byggt á barnaljóðum Þórarins Eldjárn / **Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir / **Tónlist:** Atli Heimir Sveinsson / **Leikmynd búningar og leikmunir:** Bjarni Ingvarsson og Katrín Þorvaldsdóttir / **Leikarar:** Aino Freyja, Alda Arnardóttir og Pétur Eggerz. **Niðurstaða:** Það má segja að þessi sýning brosi til manns allan tímann. Aldrei neitt offors, allt svona mátulegt og kókett.



**LANDIÐ VIFRA** Aino Freyja Järvelä, Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir í hlutverkum sínum.

Íslensk börn hafa löngum skemmt sér yfir ljóðum Þórarins Eldjárn. Hann er ekki svo lítill sá sjóður sem Þórarinn hefur af hugmyndaauðgi sinni og orðkynngi skapað handa krökkum á öllum aldri til að ausa úr.

Ljóðaframlagið sem krakkarnir sjálfir setja í kassa fyrir sýningu bera þess merki að ljóðið er ekki á undanhaldi í málvitund íslenskra barna og kunnu áhorfendur vel að meta þegar leikararnir lásu upp ljóðin sem dregin voru úr kassanum í sýningarlok.

Taumlaus flaumur orða sveif um leikrýmið. Rím og ljóðstafir á stöðugum þeytingi og tónlist Atla Heimis lyfti þeim á enn hærra plan svo úr varð skemmtileg og skondin heildarmynd þar sem leikararnir gáfu hverju orði og hverju ljóði líf og lit.

Skræpóttir búningar í stíl við stóran lírukassa sem þjónaði sýningunni vel. Aldrei fum, aldrei fát, ekkert lát á glettni og gamansemi. Ekki einasta eru ljóð Þórarins sniðuglega saman sett og bera því vitni hve höfundurinn hefur þau vel á valdi sínu, heldur ölduðust þau mörg hver nýja dýpt og hver ný uppgötvun í hreyfingu eða í notkun á leikmunum gáfu orðunum aukna merkingu í tíma og rúmi.

Sýning Möguleikhússins er í alla staði til fyrirmyndar. Leikararnir gáfu hvergi eftir og augljóst að leikstjórinn er hugmyndaríkur og hefur næmt auga fyrir því sem virkar í leikhúsi. Það var ekki til sú athöfn á sviðinu sem ekki hafði skýrt markmið og skýran tilgang. Samleikur þeirra þriggja leikara sem sjást á sviðinu nær allan tímann var prýðilegur og hvert einasta orð hitti á-horfandann fyrir og kallaði fram bros.

Það má segja að þessi sýning brosi til manns allan tímann. Aldrei neitt offors, allt svona mátulegt og kókett.

Á sýningunni sem ég sá voru börn úr 2. bekk að stórum hluta en einnig bæði yngri og eldri. Það var ljóst að allir skemmtu sér vel. Möguleikhúsið hefur starfað í fjöldamörg ár og mun vonandi starfa lengi enn því ekki megum við verða eftirbátar granna okkar í því að búa til leikhús fyrir börn.

Þessi sýning er með þeim betri sem ég hef séð í Möguleikhúsinu við Hlemm og hvet alla þá sem vilja ala börnin á kjarngóðu íslensku orðafóðri til að storma í litla leikhúsið við Hlemmtorg til að njóta sýningar leikhópsins á „Landinu vifra“.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

22 23 24 **25** 26 27 28

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

- 17.00 Hljómsveitin **Astara** kemur fram í Smekkleysu Plötubúð við Laugaveginn.
- 20.00 Hljómsveitirnar **Hölt Hóra, Benny Crespo's Gang** og **Coral** leika í Húsinu á Akureyri.
- 22.30 **Ampop** kynnir nýtt efni af væntanlegri breiðskífu í Stúdentakjallaranum. Hljómsveitin **Hraun** kemur einnig fram.
- 23.00 **Plat, P.J. Valentine** og **Skum** koma fram á Grand Rokk.
- 23.00 Franska danshljómsveitin **NoJazz** verður með tónleika á Nasa ásamt **Jagúar**.

**LEIKLIST**

- 20.00 **Freyvangsleikhúsið** í Eyjafjarðarsveit frumsýnir verkið **Taktu lagið, Lóa!** í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar.
- 21.00 Sænska leikkonan **Annika B. Lewis** flytur einleik sinn **Blændverk** í Klink og Bank, Brautarholti 1.

**LISTOPNANIR**

- 17.00 **Jón Óskar** myndlistarmaður opnar sýninguna "Delaware" í 101 gallery að Hverfisgötu 18a.
- 17.00 **Einar Þorláksson** sýnir í Kubbnum, sýningarrými Listaháskólans í Laugarnesi.

**SKEMMTANIR**

- 23.00 Einn frægasti rokkari Íslands fyrr og síðar, **Rúnar Júlíuson**, verður með stórdansleik á **Kringlukránni**.
- **Spilafíklarnir** leika í kjallaranum á Celtic Cross, **Garðar** trúbador sér um stuðið á efri hæðinni.
- Hljómsveitin **Tilþrif** spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- Plötusnúðurinn **Benni** sér um tjúttið og trallið á efri hæðum Café 22.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.











Tenórinn

Sun. 27. feb. kl. örfá sæti

Sun. 6. mars kl. 20

Síðasta sýning

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:

Ástandið

Sögur kvenna frá hernámsárunum

Sunnudagur 27/2 kl. 14.00

Miðvikudagur 2/3 kl. 14.00

Sunnudagur 6/3 kl. 14.00

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

TOSCA

Landsbankinn

5. sýn. 25. feb. kl. **20 – Uppselt** – 6. sýn. 27. feb. kl. **19 – Uppselt**
7. sýn. 4. mars kl. **20 – Uppselt** – 8. sýn. 6. mars kl. **19 – Uppselt**
9. sýn.12. mars kl. **19 - Uppselt - Síðasta sýning**
AUKASÝNING: Mið. 2. mars kl. 20
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 – Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar
**Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst**

**DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar í samvinnu við Wagner félagið Laugardaginn 26. febrúar kl. 13.00–18.15**
Tristan und Isolde eftir Richard Wagner. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang). Allir velkomnir

**Miðasala á netinu: www. opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.





















# Keanu og Kennedy




Á meðal frumsýndra mynda helgarinnar eru spennumyndin Constantine og fjölskyldugrínið Son of the Mask. Þær eru afar ólíkar og eiga vafalítið eftir að draga til sín tvo gjörólíka áhorfendahópa.

**Yfirnáttúrulegur einkaspæjari**

Constantine er byggð á teiknimyndasögunni Hellblazer og er blanda af vísindaskáldsögu og hryllingsmynd. Hún fjallar um hinn yfirnáttúrulega einkaspæjara, John Constantine, sem hefur bókstaflega komist í helvíti og sloppið þaðan lifandi. Hann ákveður að taka að sér að verja saklausa konu til að eiga betri möguleika á að komast í himnaríki en þangað hefur honum verið meinaður aðgangur. Hann gerir því góðverk bara til að bjarga sér sjálfur og skipar sér þar með í flokk með öðrum and-hetjum kvikmyndanna.

Keanu Reeves fer með hlutverk Constantine sem er ljóshærður Breti í teiknimyndasögunni. Margir hafa gagnrýnt valið á Reeves í hlutverkið en hann ætti að valda því enda öllu vanur úr Matrix-þríleiknum sem lauk göngu sinni ekki alls fyrir löngu. Með önnur hlutverk fara hin breska Rachel Weisz sem sló í



**UPP ÚR HELVÍTI** John Constantine fer til helvítis en kemst aftur þaðan í burtu.

gegn í Mummy-myndunum tveimur, Tilda Swinton, Shia LaBeouf og Gavin Rossdale, sem er þekktastur sem söngvari rokksveitarinnar Bush.

**Gríman snýr aftur**

Son of the Mask, eða Sonur grímunnar, er sjálfstætt framhald hinnar vinsælu The Mask sem skartaði Jim Carrey í aðalhlutverki. Myndin gerist áratugi eftir þá atburði sem áttu sér í The Mask þar sem gríma Loka olli miklum glundroða. Gríman er nú komin í hendurnar á ungum föður, Tim Avery, sem Íslandsvinurinn Jamie Kennedy leikur. Kemst hann að því að barnið sitt býr yfir undraverðum hæfileikum. Hundur fjölskyldunnar verður afbrýðisamur út í barnið og framundan er mikil barátta um yfirráðin yfir grímunni. Þegar Loki kemur til að leita grímunnar fer allt endanlega í háaloft.

Auk Jamie Kennedy fara með helstu hlutverk Alan Cumming úr Spy Kids, Traylor Howard og hinn gamalkunni Bob Hoskins. Myndin verður sýnd bæði með íslensku og ensku tali og talar Björgvin Franz Gíslason í stað Kennedy í íslensku útgáfunni.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)

| | |
|---|---|
| **Constantine** | |
| Internet Movie Database | – 6,6/10 |
| Rottentomatoes.com | – 46% = Rotin |
| Metacritic.com | – 51/100 |
| **Son of the Mask** | |
| Internet Movie Database | – 1,9/10 |
| Rottentomatoes.com | – 0,4% = Rotin |
| Metacritic.com | – 21/100 |
| **Les Choristes** | |
| Internet Movie Database | – 7,6/10 |
| Rottentomatoes.com | – 66% = Fersk |
| Metacritic.com | – 57/100 |

DAGSKRÁ FÖSTUDAGINN 25. FEBRÚAR

7:00
GÓÐAN DAG
SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli.
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00
DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR
OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00
FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar
og Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00
HRAFNAÞING
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00
FÓKUS
Í umsjón ritstjórnar Fókus.
Fréttir kl. 15:00.

15:00
ALLT & SUMT MEÐ
HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI
OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

18:00
Á KASSANUM
Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni.

18:30
FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 Hádegisútvarpið (e) | 20:10 Góðan dag (e)
21:40 Á kassanum (e) | 22:10 Dagmál
00:40 Hrafnaþing (e) | 01:35 Fókus (e) | 02:30 Allt & sumt (e) | 05:10 Dagmál (e)













## TÓNLIST

# Head hættur í Korn

Gítarleikarinn Brian Head Welch er hættur í rokksveitinni Korn sem kom hingað til lands síðasta sumar og hélt tónleika í Laugardalshöll.

Samkvæmt tilkynningu á heimasíðu Korn hefur Head frelsast og ætlar framvegis að spila tónlist sem tengist kristinni trú. Vonast meðlimir Korn að með umskiptunum öðlist hann þá hamingju sem hann sé að leita eftir. Þeir Jonathan, Fieldy, James og David eru um þessar mundir að vinna að áttundu plötu Korn sem mun fylgja eftir safnplötu sveitarinnar sem kom út í fyrra. Nýja platan er væntanleg í september. ■



**HEAD** Brian Head Welch, sem spilaði með Korn í Laugardalshöllinni í sumar, er hættur í sveitinni.





Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!




Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir - allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný.

www.ms.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Heildverslun

Halldórs Jónssonar ehf

verður lokuð 25. febrúar

vegna árshátíðarferðar

starfsmanna

HALLDÓR JÓNSSON



## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Three Seasons **10.00** Changing Lanes **12.00** Valerie Flake **14.00** What's the Worst That Could Happen? **16.00** Three Seasons **18.00** Changing Lanes **20.00** Valerie Flake **22.00** U.S. Seals (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Love and a Bullet (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Blinkende Lygter (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** U.S. Seals (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **23.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Blandað efni **9.30** Acts Full Gospel **10.00** Joyce M. **10.30** 700 klúbburinn **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Believers Christian Fellowship **14.00** Joyce M. **14.30** Gunnar Þorst. **15.00** Billy G. **16.00** Maríusystur **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía **18.00** Joyce M. **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Freddie F. **20.00** Jimmy S. **21.00** Sherwood C. **21.30** Joyce M. **22.00** Blandað efni **22.30** Joyce M. **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **19.00** Sjáðu (e) **22.00** Idol 2 extra – live **22.40** Jing Jang **23.20** The Man Show **23.45** Meiri músík

## VIÐ TÆKIÐ | Hvort er egósentrískara – Tyra Banks eða Geir Ólafs?

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** TILBIÐUR MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Miðvikudagskvöld eru alltof erfið. Það er einfaldlega of mikið af góðum og einföldum klassaþáttum á dagskrá. Síðasta miðvikudagskvöld var til dæmis American Idol ekki búið þegar America's Next Top Model byrjaði. God Bless America segi ég nú bara. Og Guð blessi Stöð 2 plús í leiðinni. Sú stöð gerði mér kleift að horfa á uppáhalds módelþáttinn minn og ná syngjandi hressu strákunum í American Idol sem voru hver öðrum sætari. Og sungu næstum allir Stevie Wonder eða eitthvað Motown. Fíla það!

America's Next Top Model heldur áfram að tilbiðja gyðju þáttarins, Tyru Banks. Fleygar setningar eins og „Ég trúi ekki að hún sé alvöru" og „Vá, Tyra Banks er inni í íbúðinni okkar. Ég trúi þessu ekki!" falla reglulega til að minna áhorfendur á að hún sé hin eina sanna ofurfyrirsæta. Toppinum var náð þegar stúlkurnar fluttu inn í íbúðina sína í New York og þar hengu myndir af Tyru Banks út um alla veggi. Meira að segja Tyra Banks lampi. Hmmm – er hægt að vera egósentrískari? Hún er ekkert skárri en Geir Ólafs – bara í fallegri umbúðum. Ég held að Geir Ólafs myndi spjara sig fínt að horfa á þvengmjóar stúlkur í bikiníi spóka sig á Jamaíka. Hann gæti kannski kennt þeim nokkra hljóma á píanóið í leiðinni. Og farið með þær í karókí.

Annars er það 24, eða vier und zwanzig eins og hann er kallaður á mínu heimili, sem á hug minn allan. Mér finnst mannréttindarbrot að aðeins einn þáttur sé sýndur á hverju sunnudagskvöldi. Af hverju ekki tveir eða þrír – eða öll serían? Þá væri heimurinn betri staður.



Gæti Geir Ólafs ekki alveg eins stjórnað America's Next Top Model.






**17.05** *Sápa*

**Guiding Light. Hvað ætli sé að gerast í einni langlífustu sápuóperu Bandaríkjamanna?**



**20.00** *Gaman*

**Joey. Leikarinn Joey Tribbiani flytur frá New York til Los Angeles og reynir að freista gæfunnar í leiklistinni.**



**20:00** *Drama*

**Jack & Bobby. Í þætti kvöldsins fær Bobby áhuga á trúmálum þegar hann aðstoðar vin sinn að fermast.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Artúr (91:95)

**18.30** **Heimaskólinn (7:8)** (The O'Keefes)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin – Fæddur söngvari** (Born to Sing) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1962 um efnilegan söngvara sem gengur til liðs við Vínardrengjakórinn. Leikstjóri er Steve Previn og meðal leikenda eru Vincent Winter, Sean Scully, Peter Weck, Hans Holt, Bruni Löbel og Fritz Eckhardt.
**21.45** **Mínusmaðurinn** (The Minus Man) Bandarísk bíómynd frá 1999 um raðmorðingja sem velur fórnarlömb sín úr hópi þeirra sem eru óánægðir með lífið. Leikstjóri er Hampton Fancher og meðal leikenda eru Owen Wilson, Sheryl Crow, Dwight Yoakam, Mercedes Ruehl, Brian Cox og Janeane Garofalo. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**23.35** Hagnýtir galdrar (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** 60 Minutes II (e) **13.25** Life Begins (6:6) (e) **14.15** The Guardian (3:22) (e) **15.05** Curb Your Enthusiasm (7:10) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Drekaflugurnar, Scooby – Doo, Heimur Hinriks, Skjaldbökurnar) **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Joey (2:24)** (Joey) Leikarinn Joey Tribbiani hefur sagt skilið við vini sína í New York og freistar nú gæfunnar í Los Angeles.
**20.30** **Idol – Stjörnuleit** (20. þáttur. 4 í beinni frá Smáralind) Fjórir söngvarar eru eftir í lokaúrslitum en einn fellur úr keppni í kvöld. Örlög keppenda eru í þínum höndum en úrslitin ráðast í SMS- og símakosningu. Þátturinn er í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.
**21.50** **Punk'd** (Negldur 3) Falin myndavél þar sem hjartaknúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.
**22.20** **Idol – Stjörnuleit** (Atkvæðagreiðsla. 3 eftir)
**22.45** **Sketch Show 2, The** (Sketsaþátturinn) Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News.

**23.10** The Skulls II (Bönnuð börnum) **0.50** The Big Fix (Stranglega bönnuð börnum) **2.35** Rated X (Stranglega bönnuð börnum) **4.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**18.00** Upphitun

**18.30** **Blow Out (e)** Kiara, Jason, Jenn, Alyn og Annie setjast niður með Jonathan og kvörtununum rignir yfir hann. .
**19.30** **Still Standing (e)** Judy óttast að Lauren sé í slæmum félagsskap. Hún fær það staðfest þegar Lauren er gripin við búðarhnupl.
**20.00** **Jack & Bobby** Bobby fær áhuga á trúmálum þegar hann aðstoðar Warren við að læra fyrir bar mitzvah. Grace móðgar arabísk-ameríska nema sem er mjög trúaður.
**21.00** **Wild at Heart** Sailor og Lula eru yfir sig ástfangin. Mamma Lulu hatar Sailor og ræður mann til þess að ráðast á hann sem endar með því að Sailor drepur árasarmanninn. Eftir fangelsisvist reyna Lula og Sailor að stinga af til Kaliforníu en mamman er enn við sama heygarðshornið og lætur elta þau við hvert fótmál. Með aðalhlutverk fara Nicolage Cage, Laura Dern og Diane Ladd.

**23.00** Unforgiven **1.10** Law & Order: SVU (e) **2.00** Jay Leno (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN
Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT
**13.30** Tennis: WTA Tournament Doha **15.00** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **17.45** Football: Top 24 Clubs **18.15** Football: UEFA Champions League Weekend **21.15** Wrestling: TNA Impact USA **22.15** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.45** Football: Top 24 Clubs **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany

### BBC PRIME
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Big Cat Diary **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** DIY TV **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Ainsley's Gourmet Express **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Liar **21.30** Top of the Pops **22.00** Parkinson **23.00** Clocking Off **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Auschwitz: the Forgotten Witness **1.00** American Visions

### NATIONAL GEOGRAPHIC
**12.00** The Real Zulu Dawn **13.00** Secrets of Samurai **14.00** Genius of the Vikings **16.00** The Real Alexander the Great **17.00** Priestess Warrior **18.00** The Real Zulu Dawn **19.00** Secrets of Samurai **20.00** Owls – Silent Hunters **21.00** Castro **23.00** Battlefront **0.00** Castro

### ANIMAL PLANET
**2.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Animal Precinct **14.00** K9 Boot Camp **15.00** Wildlife SOS **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Animal Precinct **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Animal Precinct

### DISCOVERY
**12.00** Empires of Stone **13.00** Planets **14.00** Extreme Machines **15.00** Airships **16.00** Reel Wars **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Xtremists **21.00** American Casino **22.00** Extreme Machines **23.00** Forensic Detectives **0.00** Medical Detectives

### MTV
**12.00** I Want My MTV **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

### VH1
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Madonna Evolution **21.00** Madonna Top 10 **22.00** Rock Videos

### CLUB
**13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Sex and the Settee **22.25** What Men Want **22.50** Hotter Sex

### E! ENTERTAINMENT
**13.00** E! News Live **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Celebrities Uncensored **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** Dr. 90210 **18.30** Behind the Scenes **19.00** E! News Live **19.30** Fashion Police **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Scream Play **23.00** 101 Most Shocking Moments in... **0.00** E! News Live **0.30** 101 Reasons the '90s Ruled

### CARTOON NETWORK
**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

### JETIX
**12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM
**12.30** Gator **14.25** Lady in White **16.20** Tale of Ruby Rose **18.00** The Sharkfighters **19.15** Seven Hours to Judgement **20.45** Cotton Comes to Harlem **22.20** The File of the Golden Goose **0.05** Theater of Blood **1.50** Honor Betrayed **3.25** Fatal Memories

### TCM
**20.00** Bullitt **21.55** Brainstorm **23.40** The Power **1.25** Bhowani Junction **3.15** Lady L

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## FLOKKSÞING FRAMSÓKNARFLOKKSINS *Sýn* kl. 10.00

### *Stefna Framsóknar mótuð*

Flokksþing Framsóknarflokksins verður haldið um helgina á Hótel Nordica í Reykjavík. 847 eiga rétt til setu á þinginu en flokksbundnir framsóknarmenn eru alls um 10.000 talsins. Á flokksþinginu verður stefna flokksins til næstu ára mótuð og forystumenn kosnir. Um fjögur hundruð manns skráðu sig til þátttöku í þrettán málefnahópum í aðdraganda flokksþingsins.

Sjónvarpað verður frá setningarathöfn og yfirlitsræðu formanns flokksins, Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, í opinni dagskrá á Sýn. Fréttir af þinginu verða einnig birtar jafnóðum á framsokn.is.



Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I don't care what you call me, man, just as long as my name is on the record."**

**Svar:** Ray Charles úr kvikmyndinni Ray frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fókus í umsjón Ritstjórnar Fókus. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.00** Fréttir **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Konungleg tónlist **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** Ólafur Hannibalsson. **10.03** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir.

**13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt frá 9-10 **14.03** Gústaf Níelsson **15:03** Óskar Bergsson **16.03** Viðskipti vikunnar í umsjón blaðamanna viðskiptablaðsins **17.05** Íþróttaþátturinn (Helga Magg) **18.00** Optional **20.00** Endurflutningur dagsins

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**23.15**

***Bíó***

**Paradise Road. Sannsöguleg mynd um konur og börn sem sett voru í fangabúðir þegar Japanar lögðu undir sig Singapúr árið 1942.**

## SÝN

**10.00** Flokksþing Framsóknarflokksins

**17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Gillette-sportpakkinn**
**19.30** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.00** **UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**20.30** **World's Strongest Man 2004** (Sterkasti maður heims 2004) Á haustmánuðum komu kraftajötnar frá ýmsum heimshornum til keppni á Bahamas.
**21.30** **World Supercross** (Qualcomm Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250 rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðs vegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.
**22.30** **David Letterman**
**23.15** Paradise Road (Bönnuð börnum)

### HALLMARK

**12.00** King Solomon's Mines **13.45** A Carol Christmas **15.15** The Yearling **17.00** Touched By An Angel **18.00** Hawking **19.30** Law & Order Iv **20.15** Sioux City **22.00** Hawking

### BBC FOOD

**12.00** Big Kevin Little Kevin **12.30** Floyd On France **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** Galley Slaves **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Island Harvest **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **17.30** Food Source Asia **18.00** Chef at Large **18.30** Nancy Lam **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** The Great Canadian Food Show **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Dinner in a Box **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.00** Udefra **13.00** Tæppet fra Bayeux **13.20** Nationen **13.40** Hvide verden **14.20** Arven **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Shin Chan **16.05** Scooby Doo **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Angelina Ballerina **17.30** TV Avisen **18.00** Disney Sjov **19.00** Stjerne for en aften **20.00** TV Avisen **20.30** Stjerne for en aften – vinderen **20.55** The Mexican **22.55** Antibody **0.25** Boogie Listen

### SV1

**14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Rapport **15.05** Djurgalen **15.45** Tv-huset **17.00** BoliBompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.30** Aladdin **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** The Others **21.40** Skidor: Längd-VM 2005 **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** 24 Nöje Melodifestival **23.00** Strictly business **0.30** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Sjón, sem hreppti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár fyrir skáldsöguna Skugga-Baldur.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** KÓRÓNAR ANNASAMA HELGI

# *Sunnudagar til sunds!*



**Eftir helgi í Reykjavík** eins og þær gerast bestar er alveg nauðsynlegt að setja réttan punkt yfir i-ið. Til þess að króna annasama helgi er tilvalið að taka klassíska sunnudaginn. Þessi sunnudagur samanstendur af nokkrum mikilvægum atriðum. Hann byrjar iðulega á að hringja morgunsímtalið í vinkonurnar til að taka púlsinn á þeim. Síðan er oftast hittingur á Vegamótum þar sem er borðaður góður hádegismatur, heimsmálin rædd og hlegið að vitleysum helgarinnar.

**Aðhlátursefnin eru yfirleitt** við sjálfar. Atvik eins og þegar ein flaug á borð í trylltum dansi á skemmtistað með þeim afleiðingum að ungur maður sat eftir gegnsósa af bjór og kertavaxi í splunkunýjum jakkafötum. Við hlógum líka mikið þegar einn vinurinn hafði verið svo sætur að knúsa kærustuna við barinn en honum fannst það ekki eins fyndið þegar hún snér sér við og hann sá að þetta var ekki hún heldur miðaldra karlmaður! Einu sinni var ég að hlusta á sögu vinkonu minnar af miklum áhuga. Ég hallaði mér yfir borðið, aðeins of nálægt kerti svo að það kviknaði bál í hárinu á mér. Í móðursýkiskasti skvetti hún glasinu sínu yfir hausinn á mér og eftir sat ég rennblaut með nýja klippingu!

**Þegar allir eru komnir** með harðsperrur af hlátri er sundið næst á dagskrá. Afslöppun og spjall í pottinum í einni af sundlaugum borgarinnar er hápunktur dagsins. Í pottinum eru yfirleitt ástfangin pör að stinga saman nefjum og horfa djúpt í augun hvort á öðru. Síðan kemur gamall kall og setur tærnar ofan á mínar. Namm! Það verður reyndar til þess að maður staldrar lengur við í pottinum til að pússa sig betur.

**Dagurinn fær nýja merkingu** og endurnæringin dugir allt fram á næsta sunnudag. Eins og splunkuný er haldið í bíó eða út á vídjóleigu þar sem menningu og leti er blandað saman. Höfuðið virkar oft ekki sem skyldi á þessum dögum og því tilvalið að láta mata sig á afþreyingu, poppi og kóki. Þegar liðið er á kvöldið, myndin búin og undirbúningnum fyrir annasama viku lokið er svefninn afar sætur!



**Lárétt:**
**2** þver, **6** tveir eins, **8** hljóðfæri, **9** fæða, **11** varðandi, **12** bætir, **14** plata, **16** veisla, **17** grip, **18** líkamspart, **20** sólguð, **21** megin.

**Lóðrétt:**
**1** sælgæti, **3** kyrrð, **4** krem, **5** rödd, **7** gerviefnið, **10** beita, **13** viðkvæm, **15** flanar, **16** fiska, **19** skóli.

**Lausn.**

**Lárétt: 2** þrár, **6** pp, **8** óbó, **9** ala, **11** um, **12** lagar, **14** snuða, **16** át, **17** mun, **18** lim, **20** ra, **21** aðal. **Lóðrétt: 1** ópal, **3** ró, **4** áburður, **5** róm, **7** plastið, **10** agn, **13** aum, **15** anar, **16** ála, **19** ma.




**IDOL STJÖRNULEIT:** FJÖGURRA MANNA ÚRSLIT ERU Í KVÖLD

# New York er borg kvöldsins

Idol-krakkarnir eru nú nýkomnir frá Stóra eplinu og það verður því New York þema í Vetrargarðinum í kvöld. Keppendur stóðu sig vel í síðustu viku þegar þau tækluðu Big band þemað með glæsibrag. Aðeins fjórir keppendur eru eftir í baráttunni og verður gaman að sjá þau í New York fíling. Nú er sá hagur hafður á keppninni að hver keppandi tekur eina stutta útgáfu af lagi fyrir auglýsingahlé og eitt lag í fullri lengd eftir hléð. Gestadómari kvöldsins er enginn annar en Einar Bárðarson.

Einar Bárðason er mikill Idol-aðdáandi og hefur að sögn gaman af öllu sem íslenskt sjónvarp gerir fyrir íslenska tónlist. „Ég held að þessi þáttur hafi gert mikið fyrir ákveðið svið tónlistar á Íslandi og hef heimildir fyrir því að sprenging hafi orðið í öllu sem tengist söngnámi síðan þátturinn hófst,“ segir hann.

Spurður um hvernig honum lítist á lögin sem keppendur hafa valið sér segir hann: „Þetta eru góð lög en það eru líka margar gildrur þarna. As er til dæmis mjög erfitt lag og Davíð er að taka áhættu með því að taka Signed, Sealed, Delivered því það er eins konar stuðlag og rólegu lögin fara honum betur. En þetta er að sjálfsögðu allt spurning um flutning og þegar fólk er komið í fjögurra manna úrslit í þessari keppni þá hlýtur að vera hægt að gera töluverðar kröfur til þeirra.“

Einar segist eiga tvo uppáhaldskeppendur en vill að vonum ekki nefna nein nöfn. „Þeir tveir sem ég held mest upp á eru enn þá í keppninni svo ég er sáttur.“ Hann áttar sig þó ekki alveg á því afhverju hann var valinn til þess að skipa sæti dómara í keppninni þegar þemað er New York. „Ég er nú enginn sérfræðingur um New York en mér finnst þessi lög heldur ekkert vera neitt bundin við þá borg. En ég er að sjálfsögðu mjög ánægður og mér finnst mikill heiður að vera boðið að vera dómari. Þetta hlýtur að þýða að einhver telji mann hafa smávegis vit á þessu.“

hilda@frettabladid.is



**EINAR BÁRÐARSON** Hann er gestadómari kvöldsins í Idol Stjörnuleit. Honum líst ágætlega á lagaval keppenda og telur að nú þegar aðeins fjórir eru eftir þá hljóti að vera hægt að gera allnokkrar kröfur til þeirra.



**KEPPENDUR Í IDOL STJÖRNULEIT** Þau ættu að mæta fersk í New York þemað í kvöld þar sem þau skelltu sér til borgarinnar á dögunum og áttu góðar stundir.



**HILDUR VALA EINARSDÓTTIR:** I Wish, Stevie Wonder og You Got A Friend. s: 900 2001, sms: 1918 Idol 1.



**LÍSEBET HAUKSDÓTTIR:** Will You Still Love Me Tomorrow, The Shirelles og As, Stevie Wonder. s: 900 2002, sms: 1918 Idol 2.



**AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR:** Stephanie Says, Lou Reed og You Are the Sunshine of My Life, Stevie Wonder. s: 900 2003, sms: 1918 Idol 3.



**DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON:** Signed, Sealed, Delivered, Stevie Wonder og A Perfect Day, Lou Reed. s: 900 2004, sms: 1918 Idol 4.




# Þráttað undir merkjum Cicéró

Fyrsta almenna ræðukeppni Háskóla Íslands, Cíceró, hefur hafið göngu sína. Alls skráðu níu lið sig til leiks og tókst fyrsta keppnin, sem var á dögunum, mjög vel að sögn Árna Helgasonar sem situr í Stúdentaráði. Þá mættust nemar í lyfjafræði og nemar í rafmagns- og tölvuverkfræði, og báru þeir síðarnefndu sigur úr býtum.

Árni, sem tók á sínum tíma þátt í ræðukeppni Morfís fyrir hönd MR, segir nýju keppnina töluvert öðruvísi en þá keppni. „Reglunum hefur verið breytt mjög mikið. Dómgæslan hefur verið einfölduð og í stað þess að hafa einungis tvær umferðir, er til viðbótar lokaumferð þar sem tveir stigahæstu mennirnir halda blaðalausa lokaræðu,“ segir Árni. „ Við reynum að einfalda þetta og hafa létt yfirbragð yfir keppninni þannig að nemendur eigi auðveldara með að komast inn í hana.“

Á dögunum var efnt til samkeppni um nafn keppninnar og hlaut Cicéró mestan hljómgrunn dómnefndar. „Cíceró þótti manna mælskastur. Hann var rómverskur málflutningsmaður sem var ekki bundinn af neinum fyrir fram gefnum formúlum,“ segir hann. Frumlegasta nafnið var valið Slefslettir. Þótti það vel við hæfi þar sem það hefur einkennt keppnir sem þessar að þeir sem sitja á fremsta bekk fái munnvatn í gusum yfir sig frá keppendum.

Átta liða úrslit Cicéró hefjast seinni partinn í næstu viku og hvetur Árni alla háskólanema sem og aðra áhugamenn um ræðumennsku til að láta sjá sig. Liðin sem eigast við verða: stjórnmálafræði og íslenska, bókmenntafræði og sálfræði, lagadeild og véla- og iðnaðarverkfræði og heimspeki og rafmagns- og tölvufræði.

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÁRNI HELGASON** Ræðukeppni Háskóla Íslands hefur verið einfölduð og er yfirbragðið jafnframt léttara en í Morfís.

# Stórútsölumarkaður 40-90% afsláttur

## Yfir 500 titlar af DVD myndum




## Yfir 500 titlar af geislaplötum




Gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA

www.hagkaup.is

grænt númer **800 6680**

sími **568 2255**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Leiðrétting

Í auglýsingu okkar í BIRTU sem fylgir blaðinu í dag eru rangar upplýsingar um opnunardag verslunarinnar

Opnum á SUNNUDAG

marimekko®

IÐA lækjargötu




BAKÞANKAR


SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR


## Alltaf jafnsmart

Einmitt þegar maður hélt að breska krúnuslektið hefði lært eitthvað af lífinu með því að leyfa krónprinsinum að giftast elskunni sinni, þarf sú gamla að gera enn eina gloríuna. Hún ætlar ekki að mæta í brúðkaup tilvonandi konungs Breta. Smart.

**EF ÉG MAN RÉTT** kenndi breska þjóðin hennar hátign um allar ófarir Díönu prinsessu. Sú gamla væri alltof gamaldags, fastheldin og ósveigjanleg og hefði enga hæfileika til þess að lifa í heimi sem er stöðugt að breytast. Á endanum varð hún að dröslast í sjónvarpsútsendingu, þar sem hún sat með sitt klassíska munnviksharðlífi og reyndi að segja eitthvað ekki ljótt um nýlátna móður barnabarnanna sinna. Allir önduðu léttar og héldu nú kannski að áfallið hefði nægt til að hrista hana að einhverju leyti inn í nútímann.

**EN, ÓEKKI** Breska drottningin situr á svo gömlum stól að hún er yfir það hafin að ansa nútímanum. Breska þjóðin eyðir svo miklum peningum í hana að hún er yfir það hafin að gera nokkrar málamiðlanir. Dinglast bara ósnertanleg á milli allra sinna köldu kastala og lætur sér fátt um finnast hver elskar, hver lifir, hver deyr. Eins og hún má vera þakklát fyrir að einhver skuli vilja vakna með höfuð krónprinsins á koddanum við hliðina á sér á hverjum morgni.

**AUMINGJA KARL** Varð að byrja á því að kvænast konu sem hann elskaði ekki þótt hún væri ung og sæt, vegna þess að hann hafði þeim skyldum að gegna að geta syni. Sem hann og gerði. Búinn að því og ætlar nú að láta drauma sína rætast, rétt áður en hann verður löggilt gamalmenni; kvænast sinni Camillu – sem við Íslendingar getum verið mjög ánægðir með vegna þess að við eigum kópíu af henni þar sem okkar eigin Þórhildur Þorleifsdóttir fer, svo við höfum staðgengil fyrir Camillu ef dagskráin hjá henni verður of hektísk og hún þarf til dæmis að mæta á tveimur stöðum í einu. Nóg er til af gulum og bleikum drögtum og höttum í þessari leiðinlegu fjölskyldu.

**ÞAÐ ER VIRKILEGA SMART** af móður að neita að mæta í brúðkaup sonar. Eiginlega ótrúlega kúl að neita að verða vitni að hamingju. Hamingjan er svo greinilega persónuleg móðgun við hennar háæruverðugheit. Segir allt um persónuna, ekki satt?


EKKI MISSA AF BÍLABRJÁLÆÐI Í SMÁRALIND





Komdu og skoðaðu. Ótrúlegt úrval á enn ótrúlegra verði.

100% LÁN Á VÖLDUM BÍLUM

Opið
10 til 18 virka daga
10 til 16 laugardag
12 til 16 sunnudag

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum





Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.

Verð 13.900 kr.



RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Kynningarmyndband á www.avaxtabillinn.is og www.ormsson.is